allt

ÞORSTEINN GUÐMUNDSSON
Veiðir bestu hugmyndirnar
• ATVINNA
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶

NÝJA FÓLKIÐ Í INNLIT/ÚTLIT
Kemur úr ólíkum áttum
DEILIR GÍFURLEGUM ÁHUGA Á HÖNNUN
VIÐTAL 22-23 ▶

ÓLAFUR JÓHANNESSON
Sýndi Afríka United á Nordisk Panorama
ÁHUGAVERÐ HEIMILDARMYND SEM MUN FARA VÍÐA
FÓLK 38 ▶

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. september 2005 - 258. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Owen skoraði sigurmarkið

Michael Owen er byrjaður að láta til sín taka hjá Newcastle og í gær skoraði hann eina mark leiksins í sigri Newcastle á Manchester City. Chelsea vann hins vegar enn einn sigurinn og er sem fyrr eitt á toppnum.

ÍÞRÓTTIR 29

Þar sem Prómeþeifur var fjötraður

Ari Trausti Guðmundsson lagði upp í ævintýraferð og skoðaði fjallið Elbrus sem er hæsta fjall Evrópu en þar endar fólk ef það heldur 8.820 kílómetra í suðaustur frá Reykjavík.

FERÐALÖG 18-19

Mikilvægi eignarréttar

Birgir Tjörvi Pétursson er framkvæmdastjóri Rannsóknarmiðstöðar um samfélags- og efnahagsmál. Tilgangur hennar er að efla skilning á mikilvægi eignarréttar og frjálsra viðskipta.

VIÐSKIPTI 10

VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓKOMA EÐA SLYDDA

nyrðra og á Vestfjörðum. Bjart með köflum syðra. Hiti 0-5 stig en víða næturfrost.

VEÐUR 4

Frjáls íbúðalán
4,15%
verðtryggðir vextir
Himinn og haf/SÍA
FRJÁLSI

Styrmir og Jónína sendu Baugsgögn til skattsins

Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, og Jónína Benediktsdóttir komu gögnum um Baug til skattayfirvalda. Jón Gerald Sullenberger, sem sendi þeim gögnin, segist ekki hafa vitað að þau hefðu verið send áfram.

BAUGSMÁL Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, og Jónína Benediktsdóttir komu sér saman um að senda gögn varðandi Baug, sem Styrmir hafði fengið send frá Jóni Geraldi Sullenberger, til tollstjórans í Reykjavík, Snorra Olsen. Tollstjórinn og Jónína sammældust um að koma gögnunum áfram til embættis Skattrannsóknarstjóra.

Jón Gerald sagðist í gær ekki hafa vitað til þess að gögn sem hann sendi Styrmi hefðu verið send til tollstjóra og þaðan til Skattrannsóknarstjóra.

Skúli Eggert Þorvaldsson skattrannsóknarstjóri staðfestir að hann hafi fengið gögnin send frá Snorra Olsen en þar sem þau hafi ekki varðað hugsanleg skattalögbrot hafi hann ekkert aðhafst í málinu.

Jónína spurði Jón Gerald í tölvupósti 23. júlí hvort hann hefði sent Snorra gögnin en fékk ekki svar. Næsta dag sagði hún í tölvupósti til Styrmis: „Það eru tvær leiðir. Þú sendir mér þetta sjálfur. Ég tek þitt nafn af þessu og áframsendi það. Þarna er ekkert sem ég ekki veit, þú tekur nafnið þitt út og setur þetta á pappír og kemur til mín.“

Styrmir svarar samdægurs: „Ég sendi þér þetta á eftir og þú tekur mitt nafn út, hvernig sem þú gerir það. Ekki mundi ég kunna það.“

Eftir að gögnin voru send til tollstjóra voru bréfaskriftir um málið milli Jónínu og Styrmis. Jónína sagði í tölvupósti til Styrmis Gunnarssonar 31. júlí 2002: „Tryggvi er að laga til út um allt, bara þekki hann þrjótinn. Vont að þessi rannsókn geti ekki byrjað strax. Hélt að það nægði þeim eitt skjal og upplýsingar um hvar hin er að finna. Þeir fengu fjöldann allan og enn hefur ekkert gerst.“

Styrmir svarði: „Ég held, að þeim nægi eitt skjal. Hins vegar get ég ímyndað mér að í þessu litla kerfi okkar taki undirbúningur að svona málum tíma, þótt hann ætti ekki að gera það. Hugsanlega er skattrannsóknarstjóri að bíða eftir því að fjármálaráðherra komi úr sumarfrii. Veit það ekki. Held þó að það sé alveg ljóst að eitthvað hljóti að gerast á meðan þú ert í Portúgal. [...] Með Jón Gerald: talaði við hann í gærkvöldi og kvaðst vilja hitta hann, þegar hann kemur. Hann mun hitta Jón Steinar á þriðjudagsmorgni og fara yfir þau gögn sem hann er með. Vonandi og væntanlega enda þau hjá skattayfirvöldum.“

Þegar Styrmir var sýndur þessi tölvupóstur og beðinn um að skýra innihald hans sagðist hann ekki geta það.

- sda / Sjá síðu 2

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

FYRSTI TITILLINN Í ÞRETTÁN ÁR Guðmundur Benediktsson hefur verið betri en enginn fyrir Valsmenn í sumar og hér sést hann fagna bikarmeistaratitlinum ásamt félögum sínum. Valur hafði síðast unnið stóran titil árið 1992.

Sjá síður 25-25

Útskrift í Bandaríkjunum:

Sátt um smóking

BANDARÍKIN, AP Samkynhneigður nemandi við miðskóla í Bandaríkjunum hefur fengið uppreisn æru sex mánuðum eftir að útskriftarmynd af henni var dregin út úr árbók skólans vegna þess að hún var íklædd smóking á myndinni.

Nemandinn, Kelli Davis, kveðst hafa valið að vera í smóking vegna þess að sér liði betur þannig klæddri en í hefðbundinni skikkju sem kvenkyns nemendur hafa yfirleitt þurft að klæðast á slíkum myndum.

Hún hótaði skólanum málsókn en ríkið kom á sáttum við skólann, sem framvegis mun meðhöndla myndir af útskriftarnemum öðruvísi auk þess sem starfsfólk skólans skal gangast undir kynjafræðslu. Nemandinn segist vonast til þess að úrskurðurinn komi öðrum nemendum til góða.

- bb

Ræðismaður Íslands í Houston eftir að fellibylurinn Rita gekk yfir:

Hefðum ekki getað sloppið betur

ÓVEÐUR Ólafur Árni Ásgeirsson, ræðismaður Íslands í Houston, segist vera alveg hissa hvað borgin slapp vel. „Auga fellibylsins fór fyrir austan okkur og það hefur hvorki verið mikill vindur né rigning. Það virðast mjög litlar skemmdir hafa orðið hér í nágrenninu. Við hefðum ekki getað sloppið betur.“ Ólafur segir að enga þjónustu af neinu tagi sé hægt að fá í borginni. „Hér er allt lokað, skólar, veitingastaðir og verslanir, sjúkrahús og pósthús.“

Hann segir yfirvöld hvetja þær tvær milljónir manna sem flúðu heimili sín að snúa ekki til baka í einu til að komast hjá sama öngþveitinu og fylgdi brottförinni. „Einstök sveitarfélög munu senda skilaboð til íbúa um hvenær þjónusta er komin í eðlilegt horf.“ Í Houston hefur ekki verið mikið um þjófnaði eða gripdeildir enda segir Ólafur að lögreglan hafi verið á varðbergi. Hann býst við að lífið í borginni færist í eðlilegt horf eftir helgina nema hvað bensínskortur gæti orðið viðvarandi.

- bb/ Sjá síðu 4

Komin á DVD í verslanir!

SPURNING DAGSINS

Vilhjálmur, ertu orðinn of gamall fyrir Heimdall?

„Nei, maður allra aldurshópa."

Nafni Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar borgarfulltrúa hefur boðið sig fram til forystu í Heimdalli, félagi ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, og telja sumir það bjóða upp á misskilning.

Kjartan Gunnarsson um samráð við Styrmi Gunnarsson:

Ræddu eingöngu um hæfi Jóns Steinars

BAUGSMÁL Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna frétta af samráði hans við Styrmi Gunnarssona, ritstjóra Morgunblaðsins, varðandi Jón Gerald Sullenberger.

Þar kemur fram að Kjartan og Stymir séu nátengdir fjölskylduböndum og hafi leitað ráða hvor hjá öðrum um lengi, jafnt um einkamál sem margt annað. „Þetta hefur aldrei verið neitt leyndarmál og verið á vitorði allra sem okkur þekkja," segir í yfirlýsingunni.

Þá kemur fram að sumarið 2002 hafi Styrmir spurt Kjartan álits um hvort Jón Steinar Gunnlaugsson væri ekki hæfur til að reka mál Jóns Geralds gegn Baugi og svaraði Kjartan því til að vandaðri lögfræðingur væri vandfundinn. Það ítrekaði hann þegar Styrmir spurði hann aftur í viðurvist Jóns Steinars.

Kjartan segir tal þeirra Styrmis ekki hafa snúist um nein efnisatriði ágreinings Baugs hf. og Jóns Geralds, heldur „alfarið um hæfi og hæfni lögmanns til þess að taka að sér mál sem varðaði grundvallarhagsmuni manns sem harkalega var sótt að og ég hef hvorki þá né síðar hitt eða átt nein samskipti við." **- bs**

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

KJARTAN GUNNARSSON Segir sig og Styrmi hafa leitað ráða og umsagna hvor hjá öðrum um áratugaskeið.

MORGUNBLAÐSHÖLLIN Stjórnarmenn gátu ekki tjáð sig um Baugsmálið.

Stjórn Árvakurs:

Engin viðbrögð

BAUGSMÁL Ekki fengust viðbrögð frá aðalstjórn Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, við fréttum af aðkomu ritstjóra blaðsins að Baugsmálinu þegar eftir því var leitað í gær.

Halldór Þór Halldórsson, ritari stjórnarinnar, sagðist ekki hafa getað kynnt sér málið og vildi því ekki tjá sig um það að svo stöddu. Honum vitanlega hafði ekki verið boðað til stjórnarfundar vegna málsins.

Stefán Pétur Eggertsson, formaður stjórnarinnar, var vant við látinn þegar leitað var eftir viðbrögðum hans. Kristinn Björnsson varaformaður var staddur erlendis og þar að auki undir stýri og gat því ekki rætt við blaðamann. Ekki náðist í Finn Geirsson meðstjórnanda, sem einnig mun vera í útlöndum, né Huldu Valtýsdóttur meðstjórnanda. **- bs**

Gömlum Kínverjum fjölgar:

Álag á komandi kynslóðir

KÍNA, AP Eldri borgarar í Kína eru nú um 130 milljónir og meira en tíu prósent íbúanna þar, samkvæmt upplýsingum frá ríkisstjórn Kína. Búist er við að þeim Kínverjum sem eru sextugir eða eldri eigi munu telja 280 milljónir árið 2025.

Kínverskir embættismenn hafa áhyggjur af því að allir þessir ellilífeyrisþegar verði þung byrði á komandi kynslóðum, sem verða mun fámennari þar sem hjón í Kína hafa í þrjár kynslóðir aðeins eignast eitt barn. ■

Jón Gerald hringdi í Jón Steinar í maí

Kjartan Gunnarsson segist hafa veitt Styrmi Gunnarssyni álit sitt á hæfi Jóns Steinars Gunnlaugssonar sem lögmanns Jóns Geralds um mánaðamót júní/júlí 2002. Samskipti Jóns Steinars og Jóns Geralds hófust hins vegar í maí sama ár.

BAUGSMÁL Samskipti Jóns Geralds Sullenberger og Jóns Steinars Gunnlaugssonar, þá hæstaréttarlögmanns, varðandi Baugsmálið ná að minnsta kosti aftur til 28. maí 2002. Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, hefur staðfest við Fréttablaðið að hafa verið milligöngumaður um að koma tengslum á þeirra á milli. Þá staðfestir Styrmir, sem og Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, að þeir tveir hafi fundað með Jóni Steinari um mánaðamótin júní/júlí sama ár um mál Jóns Geralds og Baugs.

Samkvæmt yfirlýsingu sem Kjartan sendi frá sér í gær kemur fram að Styrmir hafi spurt Kjartan um mánaðamótin júní/júlí hvort mál Jóns Geralds væri ekki í höndum „vandaðs og heiðarlegs lögmanns" ef Jón Steinar tæki það að sér. Kjartan segir að þeir þrír hafi jafnframt fundað um málið.

Samkvæmt tölvupóstsendingum milli Jónínu Benediktsdóttur, Jóns Geralds og Styrmis hófust samskipti Jóns Geralds og Jóns Steinars að minnsta kosti í lok maí, rúmum mánuði áður en Kjartan veitti Styrmi álit sitt um Jón Steinar.

9. maí 2002 sendi Jónína svohljóðandi tölvupóst til Jóns Geralds: „Elsku Jón minn. Nú er verið að rannsaka allt og alla í spillingunni hérna heima. Það er því mikilvægt að þú verðir á undan að biðja um aðstoð. Ég legg til að þú þiggir hjálp Jóns Steinars og farir bara í mál við Baug og fáir það sem þú átt skilið. Til þess að það geti gerst þarft þú að koma heim með einhver gögn og sýna honum. Þetta er allt í trúnaði og ef honum sýnist þú ekki hafa neina réttarstöðu þá veist þú um næst besta möguleikann. Það er svo gott að eiga þessa menn að."

20. maí sendir Styrmir Jónínu svohljóðandi tölvupóst: „Veiztu hvernig þetta stendur efnislega? Hafa þeir boðið honum hærri greiðslur? Er hann tilbúinn að tala við Jón Steinar?"

29. maí sendir Styrmir Jónínu svohljóðandi tölvupóst: „Jón Gerald hringdi í Jón Steinar seint í gærkvöldi að íslenzkum tíma. Jón Steinar bað hann um að hringja á skrifstofuna í dag þar sem hann átti ekki gott með að tala við hann og á von á því að hann hringi eftir hádegið."

20. júní áframsendir Jón Gerald með tölvupóstum ýmis gögn er varða samskipti hans og Tryggva Jónssonar hjá Baugi til Jóns Steinars, sem sendir þau áfram til Styrmis.

sda@frettabladid.is

VERJAST ÁLYKTUN Reza Vaidi, aðalerindreki Írans hjá IAEA, ávarpar blaðamenn á stjórnarfundi stofnunarinnar í Vínarborg í gær.

Meintur kjarnorkuvígbúnaður:

Írönum gefið lokatækifæri

AUSTURRÍKI, AP Stjórn Alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA), sem í sitja fulltrúar 35 ríkja, samþykkti í gær ályktun sem gæti leitt til þess að Íransstjórn verði stefnt fyrir öryggisráð Sameinuðu þjóðanna vegna meintra brota á alþjóðasáttmála um bann við útbreiðslu kjarnorkuvopna.

Í ályktuninni er Írönum gefið færi á að hreinsa sig af ásökunum um slík brot, að öðrum kosti fari málið fyrir öryggisráðið. Öryggisráðið hefur vald til að ákveða þvingunaraðgerðir gegn Íran, verði þarlend stjórnvöld fundin sek um ólöglega kjarnorkuvígbúnaðartilburði. ■

Innbrot á Dalvík:

Þjófur gripinn glóðvolgur

LÖGREGLUMÁL Brotist var inn í mannlausa íbúð á Dalvík síðastliðinn fimmtudag. Tilkynnt var um innbrotið um klukkan tvö síðdegis og um sjöleytið sama kvöld var málið upplýst. Maður hafði brotist inn í íbúð og meðal annars tekið þar myndavél og tölvubúnað. Til þjófsins sást við athæfið og vitni gátu gefið greinargóðar lýsingar á honum sem leiddu til handtöku hans nokkrum klukkustundum síðar. Þjófurinn er búsettur á Dalvík. **- bb**

Jón Ásgeir Jóhannessson, forstjóri Baugs:

Aðkoma Styrmis er áfall

BAUGSMÁL „Það kemur ekki á óvart að Kjartan og Jón Steinar áttu hlut að máli, en það að Styrmir skuli hafa verið með í ráðum og stýrt atburðarásinni er áfall," segir Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, um fréttir Fréttablaðsins í gær af aðkomu Styrmis Gunnarssonar, ritstjóra Morgunblaðsins, að Baugsmálinu, þar sem kom fram að Styrmir átti milligöngu um að Jón Gerald Sullenbergar leitaði til Jóns Steinars Gunnlaugssonar um að Jón Steinar yrði lögfræðingur Jóns Geralds.

Jón Ásgeir segist lengi hafa grunað að Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokkins, og Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari væru með í ráðum í aðgerðum gegn Baugi og sagði að nýjustu fréttir smellpössuðu inn í atburðarásina. „Þetta rennur allt saman í stóra mósaíkmynd þar sem allir innviðir tengjast." Hann segir Sjálfstæðisflokkinn verða að gera hreint fyrir sínum dyrum. „Ég skora á flokkinn að upplýsa um aðra leynifundi og baktjaldamakk."

Jón Ásgeir segist ekki búast við að leita til yfirvalda vegna málsins. „Við höfum ítrekað lent í því að öllum ábendingum um leka og vankanta í rannsókninni hefur verið vísað frá. Við virðumst ekki búa við það sama og aðrir um að geta leitað réttar okkar hjá yfirvöldum, sem er mjög sorglegt." **- bs**

JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Segist lengi hafa grunað að Kjartan Gunnarsson og Jón Steinar Gunnlaugsson væru með í ráðum.

Einstök sérkjör

Himinn og haf/SÍA – 9050716

Aðeins fyrir viðskiptavini SPRON!

SPRON og Vörður Íslandstrygging hafa hafið samstarf og nú njóta handhafar SPRON Gull- og SPRON Platinumkorta, auk þeirra sem eru í Fjölskylduþjónustu SPRON, sérstakra vildarkjara á tryggingum hjá Verði Íslandstryggingu.

- Í lok hvers árs fá viðskiptavinir 5% endurgreiðslu á öllum tryggingaiðgjöldum. Komi til tjóns skerðir það ekki endurgreiðslufríðindin.*
- Fyrir 80.000 króna sjálfsábyrgð á kaskótryggingu bifreiða, þarf aðeins að greiða 45.000 krónur komi til tjóns.

Hafðu samband við ráðgjafa hjá SPRON í síma 550 1200, 550 1400 eða kynntu þér málið á spron.is

*M.v. að iðgjöld vátryggingartaka séu í skilum.

VÖRÐUR ÍSLANDSTRYGGING

spron – fyrir allt sem þú ert

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 23.09.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	61,61	61,91
Sterlingspund	GBP	110,03	110,57
Evra	EUR	74,66	75,08
Dönsk króna	DKK	10,004	10,062
Norsk króna	NOK	9,582	9,638
Sænsk króna	SEK	7,97	8,016
Japanskt jen	JPY	0,5524	0,5556
SDR	XDR	89,74	90,28

Gengisvísitala krónunnar

104,9294

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður Starfsgreinasambands Austurlands um fyrningu sakargifta:

Rannsóknin tók óeðlilega langan tíma

DÓMSMÁL „Ég tel að þessi rannsókn hafi tekið óeðlilega langan tíma," segir Jón Ingi Kristjánsson, formaður Afls – starfsgreinafélags Austurlands, um þau tíðindi að hluti sakargifta á hendur forsvarsmönnum Lífeyrissjóðs Austurlands er fyrndur vegna tafa í rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra.

Jón Ingi telur það myndu vera farsælast fyrir alla sem að málinu koma ef það væri til lykta leitt í dómsal. „Það er óþolandi að það skuli hanga áfram í lausu lofti."

Fjórir sjóðfélagir í Lífeyrissjóði Austurlands kærðu stjórn og fyrrum framkvæmdastjóra sjóðsins til Ríkissaksóknara vorið 2003. Í maí sama ár sendi Ríkissaksóknari málið Ríkislögreglustjóra til rannsóknar. Meðal sakargifta voru kaup í óskráðum hlutafélögum og ólöglegar lánveitingar til fyrirtækis sem framkvæmdastjórinn átti hlut í. Þá var kært að framkvæmdastjórinn og endurskoðandinn höfðu stofnað saman verðbréfafyrirtæki á sama tíma og þeir störfuðu fyrir lífeyrissjóðinn.

Allir þáverandi stjórnarmenn sjóðsins sögðu af sér en stórtap hafði verið af rekstri sjóðsins árið áður. **- bs**

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ESKIFJÖRÐUR Ríkislögreglustjóri hefur haft mál Lífeyrussjóðs Austurlands á borði sínu frá því í maí 2003.

VILHELM ÞORSTEINSSON Aflaverðmæti skipsins er hálfur sjöundi milljarður króna á fimm ára tímabili.

Vilhelm Þorsteinsson EA:

Aflaverðmæti 6,5 milljarðar

SKIP Fimm ár eru liðin síðan fjölveiðiskipið Vilhelm Þorsteinsson EA 11 kom fyrst til heimahafnar á Akureyri en skipið var smíðað í Póllandi fyrir Samherja. Afli skipsins á því árabili er um 250 þúsund tonn, aðallega uppsjávarfiskur, og aflaverðmætið um 6,5 milljarðar króna.

Vilhelm er í hópi fullkomnustu fiskiskipa heims, vel búinn til margvíslegra veiða, en fjöldi í áhöfn fer eftir því á hvernig veiðum skipið er, frá 14 manns og upp í 28. **- kk**

Brunaútköll:

Dælubílar á ferð og flugi

SLÖKKVILIÐ Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins átti annasama nótt aðfaranótt laugardags. Sjö sinnum voru dælubílar á ferðinni en aldrei þó í alvarleg útköll. Útköllin voru hins vegar mjög fjölbreytt, meðal annars vegna eldsvoða í bifreið, reyk frá þurrkara og íkveikju í rusli við verslunarmiðstöð. Alvarlegast var útkall vegna potts sem skilinn hafði verið eftir á eldavél í Hafnarfirði. Slökkviliðsmenn brutust inn og fundu þar fyrir mann sofandi. Hann sakaði ekki og var íbúðin reykræst. **- bb**

MYND/AP

Á FLOTI Par í strandbænum Lake Charles í Louisiana veður flóðelginn sem úrhellið af völdum Ritu orsakaði á götum bæjarins í gær.

Minna tjón en óttast var

Fellibylurinn Rita gekk á land í Texas og Louisiana í gær. Tjón virtist ætla að verða minna en óttast var enda dró allhratt úr veðurhamnum. Úrhelli olli þó flóðum og ógnaði New Orleans. Rafmagnslaust varð hjá yfir milljón manns.

BANDARÍKIN, AP Fellibylurinn Rita gekk á land á mörkum Texas og Louisiana í gær. Úrkoman og sjógangurinn sem bylurinn bar með sér færði nokkra strandbæi á kaf og olli því að vatn flæddi yfir varnargarða í New Orleans. Rafmagnslaust varð á heimilum meira en einnar milljónar manna. Tjónið á olíuhreinsistöðvum á Texasströnd, sem bylurinn gekk yfir, virtist hins vegar ætla að verða minna en óttast var. Milljónaborgin Houston virtist líka ætla að sleppa tiltölulega vel.

Sjálf miðja fellibyljarins gekk á land klukkan hálfátta í gærmorgun að íslenskum tíma, en heldur hafði þá dregið úr vindstyrknum svo að Rita taldist þá vera komin niður í þriðja stigs fellibyl. Eyðileggingarmáttur slíks byls er þó umtalsverður, enda nær vindhraði í honum allt að 193 km/klst. Strax eftir að Rita gekk á land dró frekar úr veðurofsanum; vindhraðinn var kominn niður í um 120 km/klst um miðjan daginn, er bylurinn mjakaðist norður á bóginn, innar í land. Fellibylurinn Katrín taldist fjórða stigs er hann gekk á land í Louisiana og Mississippi í byrjun mánaðarins.

Síðdegis taldist Rita ekki lengur fellibylur heldur aðeins kröftug hitabeltislægð með rúmlega 100 km vindhraða. Að sögn veðurfræðinga mátti búast við því að enn drægi úr veðurhamnum næsta sólarhringinn.

Rigningin sem Rita bar með sér inn á land var þó svo mikil að víða var hætta á tjóni af völdum flóða. 250-300 mm úrkoma hafði dembst yfir sýslurnar Jasper og Tyler í austurhluta Texas á innan við sólarhring.

Engar fréttir höfðu í gær borist af manntjóni af völdum veðurhamsins, en björgunarsveitir urðu að bíða uns mesti veðurofsinn væri genginn niður áður en þær gátu gengið úr skugga um að fólk á hættusvæðunum væri heilt á húfi.

Um þrjár milljónir manna þurftu að flýja heimili sín vegna fellibylshættunnar á 800 km langri sneið af strandhéruðum Texas og Louisiana. Rick Perry, ríkisstjóri Texas, hvatti þá sem höfðu flúið Houston og aðrar byggðir á hættusvæðinu að bíða með að snúa heim uns búið væri að lýsa því opinberlega yfir að öllu væri óhætt.

audunn@frettabladid.is

Verkalýðsfélagið Hlíf:

Hámark ósvífninnar

KJARAMÁL Stjórnendur Verkalýðsfélagsins Hlífar lýsa undrun sinni á þeirri ráðstöfun stjórnvalda að hækka laun bankastjóra Seðlabankans um 330 þúsund en eftir þá hækkun eru laun hans komin í 1.563.000 krónur.

Í ályktun sem verkalýðsfélagið sendi frá sér segir að þetta sé verðbólguhvetjandi ráðstöfun sem undirstriki ábyrgðarleysi og tvískinnungsháttráðamanna þjóðarinnar.

Ennfremur segir að það sé hámark ósvífninnar að Seðlabankinn sendi svo frá sér greinargerð þar sem hið opinbera er hvatt til að leggja sitt af mörkum í baráttunni við að tryggja að verðbólgumarkmið kjarasamninga haldi. **- jse**

LÖGREGLUFRÉTTIR

LÍKAMSÁRÁS Á DALVÍK Líkamsárás var gerð í heimahúsi á Dalvík aðfaranótt laugardags. Þar lenti tveimur mönnum saman og var annar var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri með áverka á höfði. Lítið er vitað um tildrög málsins og beðið eftir að sá sem áverkana hlaut leggi fram kæru.

FÍKNIEFNI Í KEFLAVÍK Ökumaður var stöðvaður á bifreið í Keflavík á föstudagskvöld og fundust fíkniefni í bílnum, meint amfetamín og sveppir. Ökumaðurinn var kærður og handtekinn eins og reglan er þegar menn eru teknir með fíkniefni.

HRAÐAKSTUR Á REYKJANESBRAUT Lögreglan á Keflavíkurflugvelli var með radarinn í gangi í gær og fyrradag. Alls voru þrjátíu ökumenn stöðvaðir fyrir of hraðan akstur. Sá sem hraðast ók á var 172 kílómetra hraða á klukkustund og var hann sviptur ökuréttindum til bráðabirgða á staðnum.

Alltaf einfalt
ÓB
ódýrt bensín
15 stöðvar!
www.ob.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

TÖLUVERÐ OFANKOMA NYRÐRA

Þetta er allt enn við sama heygarðshornið nyrðra. Slydda eða snjókoma frá Vestfjörðum í vestri að Austurlandi í austri og vindur stífur, einkum á annesjum. Syðra verður bjart og skaplegra veður þó heldur sé hann svalur.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI

Ákveðin norðanátt. Bjart með köflum. Hiti 0-4 stig.

HVENÆR HLÝNAR?

Á morgun mjakast hitinn skammvinnt upp en alvöru hlýindi er að sjá í lok vinnuvikunnar, fimmtudag eða föstudag.

um hádegi »



» á morgun



Hvöss norðaustanátt um meginhluta landsins, síst austan til.

» þriðjudagur



Fremur stíf norðanátt.

Kaupmannahöfn	18°C hálfskýjað	París	20°C skýjað-skúr	Alicante	28°C hálfskýjað
Osló	11°C léttskýjað	Berlín	24°C léttskýjað	Milano	25°C léttskýjað
Stokkhólmur	21°C hálfskýjað	Frankfurt	20°C léttskýjað	New York	22°C léttskýjað
Helsinki	17°C hálfskýjað	Madrid	25°C skýjað	San Francisco	23°C léttskýjað
London	20°C léttskýjað	Barcelona	24°C skýjað	Orlando/Florida	33°C léttskýjað

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

EINFÖLD HUGMYND

Það kunna allir að meta einfaldar hugmyndir.
Þess vegna seljum við bílatryggingar á netinu.
sjovastrax.is - Einföld og ódýr leið til að kaupa bílatryggingar á netinu.

SJÓVÁ STRAX

GOTT FÓLK McCANN

KJÖRKASSINN

Heldurðu að Baugsmálið fái efnislega meðferð fyrir dómi?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	39,5%
Nei	60,5%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var eðlilegt að ýta rannsókn á hópnauðgun til hliðar vegna rannsóknar á líkamsárás?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Stjórnarkreppa blasir við á Ítalíu eftir að Berlusconi krafðist afsagnar bankastjóra Seðlabankans:

Afsögn fjármálaráðherra veldur ólgu

RÓM, AP Stjórnarkreppa blasir við á Ítalíu í kjölfar þess að forsætisráðherrann Silvio Berlusconi krafðist þess á föstudag að bankastjóri Seðlabanka Ítalíu segði af sér. Fjármálaráðherrann Domenico Siniscalco sagði af sér embætti á fimmtudag þar sem tilraunir hans til að koma Fazio frá völdum í seðlabankanum höfðu mistekist.

Háværar ásakanir eru á hendur Fazio um að hann hafi verið vilhallur ítalska bankanum Popolare Scarl í samkeppni við hollenska Amro bankann um yfirtöku á Banco Antonveneta. Fjölmiðlar á Ítalíu hafa birt hleruð samtöl sem benda eindregið til þessa. Fazio neitar öllum ásökunum og ætlar ekki að segja af sér. Giulio Tremonti hefur tekið við embætti fjármálaráðherra. Hann er svarinn andstæðingur Fazios. Hann hefur hvatt Fazio til að segja af sér.

„Afsögn Siniscalcos er rothöggið fyrir trúverðugleika stjórnar Berlusconis," segir í ítalska dagblaðinu Corriere della Sera á föstudag.

- saj

MYND/AP

ÍTALSKIR RÁÐAMENN Núverandi fjármálaráðherra Tremonti, Berlusconi forsætisráðherra, Letta aðstoðarritari og Siniscalco, fjármálaráðherrann sem sagði af sér.

VETUR Á HEIÐUM Það borgar sig ekki að leggja á heiðar öðruvísi en á vel búnum bílum.

Umferð á heiðum:

Bílvelta og útafakstur

VEÐUR Víða um land er illfært á heiðum enda er þar vetur genginn í garð. Í umdæmi Sauðárkrókslögreglunnar urðu tvö umferðaróhöpp í gær, annað á Siglufjarðarvegi en hitt á Sauðárkróksbraut. Bílar lentu utan vegar vegna krapa og veðurskilyrða en engan sakaði. Mikil umferð var á svæðinu vegna Laufskálarétta sem eru um þessa helgi.

Á Siglufirði varð bílvelta í Mánárbeygju í fyrrakvöld. Ökumaður og farþegi voru tveir í bílnum og var farið með þá til skoðunar á heilsugæslustöðina en meiðsl þeirra reyndust ekki alvarleg. Bíllinn var hins vegar óökufær eftir og var fluttur með kranabíl til Siglufjarðar.

Á Egilsstöðum hafa ökumenn lent í vandræðum og björgunarsveitin á Seyðisfirði var kölluð út til aðstoðar ökumanni jeppabifreiðar sem ekki var nógu vel búin til aksturs í snjó og slyddu.

- bb

LÖGREGLUFRÉTTIR

SLAGSMÁL Á SELFOSSI Tveir gistu fangageymslur lögreglunnar á Selfossi aðfaranótt laugardags vegna óláta og slagsmála eftir að skemmtistöðum bæjarins var lokað. Mönnunum hefur báðum verið sleppt en búist er við að einhverjar kærur verði lagðar fram. Málin voru aðskilin. Ekkert sérstakt tilefni var til skemmtanahalds annað en helgin.

Sprenging í kornframleiðslu

Kornrækt hefur tuttugufaldast hér á ári síðustu fimmtán ár og er búist við að uppskeran verði 11.000 tonn í ár. Þá hefur það stóraukist að menn þurrki korn frekar en að súrsa það til manneldis.

LANDBÚNAÐUR Uppskera á korni hér á landi hefur meira en tuttugufaldast frá árunum 1991-1993 og ekkert lát virðist á aukningunni. Í ár er talið að bændur hafi sáð 3.300 hekturum af korni, samanborið við 150 árið 1991 og búist er við að uppskeran verði um 11.000 tonn í ár, en hún var rúm 500 tonn fyrir fjórtán árum.

Nánast allt korn sem ræktað er hér á landi er bygg, en það er sú korntegund sem skemmstan tíma þarf til að þroskast. Þó er eitthvað um að bændur hafi sáð hveiti.

„Þetta hefur aukist jafnt og þétt um tíu til fimmtán prósent á ári og ég býst ekki við öðru en að það haldi áfram," segir Jónatan Hermannsson, tilraunastjóri á Korpu, en þar hefur Rannsóknastofnun landbúnaðarins lengi stundað tilraunir með kornrækt. Hann á ekki von á neinum stórum stökkum. „Bæði er bændum sem rækta korn að fjölga og menn eru líka að rækta meira hver fyrir sig."

Að sögn Hermanns eru um 50 prósent kornakra á Suðurlandi, rúm 30 prósent á Norðurlandi, um 15 prósent á Vesturlandi og fimm prósent á Austurlandi. Ræktunin fylgir nokkurn veginn mjólkurframleiðslunni. „Þetta er enn sem komið er fyrst og fremst notað sem fóður fyrir mjólkurkýr, bændurnir rækta þetta fyrir þær."

Finnbogi Magnússon, framkvæmdastjóri búvélafyrirtækisins Jötunn Vélar á Selfossi, spáir því að kornrækt hér á landi muni margfaldast á næstu árum. „Við finnum fyrir mjög miklum áhuga á kornrækt meðal bænda," segir Finnbogi. „Til dæmis seldum við þrjár nýjar þreskivélar í ár og við erum alltaf að selja meira og meira af kornsniglum, kornvölsum og fleiru í kringum þetta." Finnbogi segir þennan áhuga ekki bundinn við bændur í einstökum landshlutum heldur finni sölumenn fyrir honum um allt landið.

Þá hefur það stóraukist síðustu ár að bændur þurrki korn frekar en að súrsa það. Jónatan giskaði á að nú væri um helmingur alls korns þurrkaður, en lengi vel var nánast öll kornframleiðsla súrsuð.

grs@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

KORNSKURÐUR UNDIR EYJAFJÖLLUM Kornskurður stendur nú yfir. Búist er við að heildaruppskeran af 3300 hekturum verði 11.000 tonn.



*Áætlun Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins. Heimild: Handbók bænda

Fjölveiðiskip Samherja hafa lokið veiðum á norsk-íslenskri síld:

Aflaverðmætið um tveir milljarðar

SÍLDARVERTÍÐ Fjölveiðiskip Samherja, Baldvin Þorsteinsson EA 10 og Vilhelm Þorsteinsson EA 11, komu með fullfermi af frystum síldarflökum til Akureyrar á föstudag en um þrír mánuðir eru síðan skipin komu síðast til hafnar á Íslandi. Skipin hafa verið að veiðum á norsk-íslenskri síld frá 10. maí, aðallega utan íslensku lögsögunnar, og var aflinn unninn um borð. Bæði skip hafa nú fullnýtt aflaheimildir sínar úr norsk-íslenska síldarstofninum og er aflaverðmætið um tveir milljarðar króna.

Baldvin Þorsteinsson kom með 640 tonn af frystum síldarafurðum úr síðustu veiðiferðinni og um borð í Vilhelmi Þorsteinssyni voru 592 tonn. Samanlagður afli beggja skipa á vertíðinni var 39 þúsund tonn af síld úr sjó eða um 20 þúsund tonn af frystum afurðum.

Til að fagna heimkomu skipanna, góðri síldarvertíð, fóru á þriðja hundrað boðsgestir í siglingu með skipunum um Eyjafjörð í gær og var hádegisverður snæddur um borð í boði Samherja.

- kk

FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON Forstjóri Samherja ávarpaði boðsgesti áður en haldið var í siglingu um Eyjafjörð.

Vildartilboð til 7. október

fyrir Vildarkorthafa VISA og Icelandair

Aðeins
28.000
Vildarpunktar*:
Amsterdam
Frankfurt
París

Aðeins
38.000
Vildarpunktar*:
Baltimore/Washington

*auk flugvallarskatta og þjónustugjalds.

Takmarkað sætaframboð!

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við fjarsölu Icelandair í síma 5050 100.
Opið: mán. - lau. kl. 9-17 og sun. 10-16.

Vissir þú að í ár voru farnar 45.000 ferðir fyrir Vildarpunkta? Er ekki komið að þér?

Sölutímabil er til og með föstudeginum 7. október.
Ferðatímabil er 1. - 30. nóvember (síðasta heimkoma).
Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags.

Flugvallarskattar (23.9.05) að viðbættu þjónustugjaldi:	
Amsterdam	9.070 kr.
Frankfurt	8.870 kr.
París	9.200 kr.
Baltimore/Washington	11.840 kr.

VISA

ICELANDAIR Vildarklúbbur
www.vildarklubbur.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 29635 08/2005

skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Ekki er allt sem sýnist í Baugsmálinu.

„Gott að eiga þessa menn að“

„Það er svo gott að eiga þessa menn að,“ segir Jónína Benediktsdóttir í tölvupósti til Jóns Geralds Sullenberger vorið 2002, þegar hún vann sem ötulast að því að fá hann til að leggja fram kæru á hendur Baugsfeðgum, Jóhannesi Jónssyni og Jóni Ásgeiri. Þetta má lesa í fréttum hér í blaðinu í dag. Í gær kom fram hvaða menn átt er við í þessu samhengi. Þeir eru Styrmir Gunnarsson ritstjóri Morgunblaðsins, Jón Steinar Gunnlaugsson núverandi hæstaréttardómari og Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins. Hugsanlega hefur Jónína einnig í huga Davíð þann, sem ekki er nefndur föðurnafni í einum tölvupósta hennar, og hún vildi að hringdi í Sullenberger, en Davíð þessi kann að vera sama persónan og ritstjóri Morgunblaðsins kallar „ónefndan mann“. Um þessa dularfullu persónu, sem virðist afar valdamikil, segir ritstjórinn enn fremur að tryggð Jóns Steinars við hana sé „innmúruð og ófrávíkjanleg“.

Ekki skal dregið í efa að fyrir ýmsa hefur verið gott að eiga ofangreinda menn að. En hinar nýju upplýsingar Fréttablaðsins um aðdraganda kæru í Baugsmálinu eru þó ekki til álitsauka fyrir þá einstaklinga sem koma við sögu. Ritstjóri annars stærsta blaðs þjóðarinnar og nánasti samstarfsmaður og ráðgjafi Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, reynast vera virkir gerendur í málinu, en ekki áhorfendur að því eins og þeir hafa látið að liggja. Blaðamaður á Morgunblaðinu var jafnvel látinn þýða skjal fyrir Sullenberger og ritstjóri blaðsins bað viðtakandann að eyða „fingraförum Morgunblaðsins“ af því eins og hann komst að orði. Skýringar sem þeir hafa gefið eru ekki aðeins ótrúverðugar heldur á köflum fjarstæðukenndar og fullar af mótsögnum. Þannig segir til dæmis Kjartan Gunnarsson í yfirlýsingu sinni í gær að hann hafi setið fund með Styrmi og Jóni Steinari og hafi samtal þeirra „eingöngu og alfarið“ snúist um „hæfi og hæfni“ Jóns Steinars til að taka að sér málarekstur fyrir Sullenberger. Fram kemur aftur á móti í grein Styrmis í sunnudagsútgáfu Morgunblaðsins, sem út kom í gær, laugardag, að hann hafi bent Sullenberger á Jón Steinar vegna langrar reynslu af lögmannsstörfum hans fyrir Morgunblaðið. Hann þurfti því enga ráðgjöf.

Efni tölvupóstanna vekur margvíslegar spurningar – sumar ansi óþægilegar – um þræði valda og áhrifa í íslensku þjóðfélagi. Það vekur einnig spurningar um hvers konar fjölmiðill eða stofnun Morgunblaðið er undir stjórn núverandi ritstjóra.

Örlög Baugsmálsins í héraðsdómi hafa orðið til þess að veikja tiltrú almennings á mikilvægum stofnunum réttarkerfisins. Fólk er skiljanlega ráðvillt og á erfitt með að átta sig á því hvað raunverulega er að gerast. Þegar í ljós kemur svo að þjóðkunnir áhrifamenn með mikil sambönd í þjóðfélaginu sitja á leynifundum og leggja á ráðin um hvernig hægt sé að greiða fyrir saksókn í málinu er ekki furða að þeim fjölgi sem finnst að eitthvað kunni að vera hæft í ásökunum sakborninga um að málið í heild eigi sér pólitískar rætur. Það er að minnsta kosti greinilegt er að ekki er allt sem sýnist í Baugsmálinu.

Nýtt námskeið í Neskirkju!

Kirkjan - mesta umbótahreyfing sögunnar

Kynning í Neskirkju þriðjudaginn 27. sept. kl. 20

Námskeið um Postulasöguna í Nýja testamentinu haldið í samvinnu við Leikmannaskóla kirkjunnar. Kjörið framhald af hinum vinsælu Alfanámskeiðum.

Hvernig varð kirkjan til? Hvernig breiddist hún út? Hvaða stefnum og straumum mætti hún? Glímir kirkjan við það sama og í frumkristni?

Kennari: Sr. Örn Bárður Jónsson.
Tími: Á þriðjudögum frá 4. okt.-22. nóv. kl. 19-22.
Samtals 8 skipti auk sólahringsferðar í Skálholt 21.-22. október.

Skráning í síma 511 1560 kl. 10-12 og 13-15 eða á neskirkja@neskirkja.is
Nánari upplýsingar á www.neskirkja.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekkert „þjófstolið“?

Í niðurlagi varnarræðu sinnar í sunnudagsútgáfu Morgunblaðsins (sem út kom í gær) segir Styrmir Gunnarsson ritstjóri orðrétt: „Mér hafa í mínu starfi verið boðin gögn til birtingar, sem augljóslega hafa verið þjófstolin. Í slíkum tilvikum hafa þeir, sem slíkt hafa boðið, umsvifalaust verið reknir á dyr.“ Samkvæmt þessu eru Morgunblaðið og ritstjóri þess afar vönd að virðingu sinni. Fínt blað tekur ekki við ófínum pappírum, jafnvel þótt þeir geymi fréttnæmt efni. En er þetta allur sannleikurinn? Eða bregst ritstjóranum kannski minnið?

SÍA-skýrslurnar

Árið 1962 birti Morgunblaðið gögn sem voru „þjófstolin“, svo notað sé orðalag Styrmis. Hér er átt við SÍA-gögnin frægu, einkabréf og skýrslur sem fóru á milli íslenskra námsmanna í kommúnistaríkjunum á sjötta og sjöunda áratugnum. Þessum gögnum var stolið og þeim komið til Morgunblaðsins. Ritstjórar blaðsins vissu um uppruna þeirra en það aftraði þeim ekki frá því að gera sér mikinn mat úr þeim árum saman. Ef okkur misminnir ekki var Styrmir Gunnarsson formaður Heimdallar þegar félagið ákvað að gefa hin „þjófstolnu“ gögn út á bók árið 1963 undir nafninu SÍA-skýrslurnar.

Stinga undir stól?

Hitt er svo annað mál að það er ekki einföld ákvörðun á ritstjórn fjölmiðils hvernig fara á með gögn sem geyma þýðingarmiklar upplýsingar og óljóst er hvernig hafa verið fengin. Eiga fjölmiðlar að stinga slíkum gögnum undir stól og láta sem þeir hafi ekki séð þau, eins og ritstjóri Morgunblaðsins virðist vera að leggja til? Eða eiga þeir, að minnsta kosti stundum, að birta slík gögn? Hlýtur þetta ekki að vera matsatriði sem ritstjórnir íhuga á sjálfstæðum forsendum hverju sinni? Ef litið er til fordæmis vandaðra fjölmiðla utanlands er svarið jákvætt. Stórblöð íerlendis hika ekki við að birta gögn sem gætu hafa verið fengin á óeðlilegan hátt, ef innihald þeirra er talið eiga brýnt erindi við almenning. Fréttablaðið fylgir þessari hefð.

gm@frettabladid.is

Skuggahlið tunglsins

UMRÆÐAN
GEIMFERÐIR

RÓBERT L. PARK
PRÓFESSOR Í EÐLISFRÆÐI

NASA kynnti í vikunni áætlanir sínar um að koma geimförum aftur til tunglsins fyrir árið 2018 og er áætlaður kostnaður verkefnisins 104 milljarðar dollara.

Árið 2018 verða níu ár frá því að Bush Bandaríkjaforseti lét af embætti. Áætlun John F. Kennedy frá árinu 1961 um að koma manni til tunglsins og aftur til baka í heilu lagi varð að veruleika á einungis átta árum. Hvað er eiginlega hér á seyði?

Lending Apollo 11 á tunglinu hinn 16. júlí 1969 varpaði skugga á baráttu stórveldanna um heimsyfirráð sem upphaflega hafði verið hvatinn að geimferðarkapphlaupinu. Fólk úti um allan heim var bergnumið yfir þessum skýra vitnisburði um sigur mannsandans. Menn spurðu sig hvort nýlendur á tunglinu og leiðangrar til Mars og jafnvel stjarnanna gætu nokkuð verið langt undan.

Einungis þremur árum síðar, er kostnaður við Víetnamstríðið hafði gengið á fjárforða Bandaríkjastjórnar, lauk tímabili mannaðra geimferða snögglega. Síðastliðin 36 ár hefur engin mannvera farið út fyrir lægri sporbaug jarðar. Hvern hefði grunað það þennan örlagaríka dag sumarið 1969 að mennirnir myndu ekki fara lengra út í geiminn en á tunglið?

Þegar tuttugu ár voru liðin frá lendingu Apollo 11 á tunglinu hélt George H.W. Bush ræðu á tröppunum á Bandaríska flug-og geimferðasafninu í Washington. Forsetinn talaði fyrir nýjum leiðöngrum til tunglsins og mönnuðum leiðangri til Mars. „Líkt og Kólumbus dreymir okkur um fjarlægar strandir sem við höfum enn ekki barið augum,“ sagði forsetinn.

George W. Bush virðist hafa einsett sér að ljúka óútkljáðum málum föður síns úti í geimnum líkt og hann hefur gert í Írak. En margt hefur breyst síðan þá. Kalda stríðið, sem var hvatinn að geimferðaáætlun Bandaríkjanna, er löngu búið og tæknilegar framfarir hafa gert þátttöku mannsins í vettvangsrannsóknum í geimnum óþarfar. Nú er notast við fjarstýrðar vélar í geimrannsóknum sem líta má á sem framlengingu á veikbyggðum líkömum mannsins.

Margt af því sem okkur lystir að uppgötva í geimnum er órannsakanlegt. Geimfarar á Mars, innilokaðir í búningum sínum, geta ekki hætt sér mikið úr skjóli og út á bersvæði því á Mars dynur stanslaus straumur orkueinda sem komast auðveldlega í gegnum þunnt andrúmsloftið þar. Fyrir utan Mars er enginn staður í geimnum sem mennirnir geta farið til í náinni framtíð.

Hið mikla ævintýri 21. aldarinnar verður að kanna staði sem enginn maður getur stigið fæti á; leitin að lífi sem er ótengt okkur. Gæti náttúran hafa fundið aðrar lausnir við lífinu en við þekkjum hér á jörðinni? Þegar við komumst að því munum við komast að svo miklu meiru um okkur sjálf.

Tveir vélrænir landfræðingar sem heita Hugur og Tækifæri vinna að þessu verki um þessar mundir með því að leita að sönnunargögnum fyrir tilvist vatns á tveimur andstæðum hliðum Mars. Þeir taka sér ekki hlé til að fara í hádegismat eða kvarta yfir kuldanum á nóttunni og þeir eru knúnir áfram af sólinni. Í nærri tvö ár hafa þeir verið þar við rannsóknir, en þrátt fyrir það kostar minna að starfrækja þá en að senda geimskutlu til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar. Heilarnir í Huga og Tækifæri eru heilarnir í landfræðingum á jörðinni.

Framfarir í samfélaginu eru metnar eftir því að hversu miklu leyti störf sem eru hættuleg eða auvirðileg eru unnin af vélum. Það gagn sem við höfum af geimáætluninni, gervihnettir til veðurathugana, fjarskiptagervihnettir og upplýsingar um staðsetningu í himingeimnum, koma frá vélrænum geimferjum. Þeir vísindamenn sem telja mannaðar geimferðir til tunglsins eða Mars vera nauðsynlegar eru fáir. Rannsóknarleiðangrar mannsins út í geiminn hafa liðið undir lok. Slíkir leiðangrar eru of dýrir og gera ekki nógu mikið gagn. En bandarískir stjórnmálamenn vita að bandarískur almenningur tengir aukna þekkingu á geimnum við mannlega geimfara en ekki við vélar.

Lausn ríkisstjórnar Bush er að búa til fáranlega dýra og tilgangslausa áætlun sem einhver önnur ríkisstjórn á svo eftir að hætta við, og mun með því binda enda á mannaða rannsóknaleiðangra í geimnum. Áætlunin um afturhvarf til tunglsins er ekki göfug hugmynd eða góð heldur er hún dæmd til að ganga ekki eftir.

Grein þessi birtist áður í New York Times. Höfundur er prófessor í eðlisfræði við Marylandháskóla í Bandaríkjunum.

GEIMFERÐIR „Rannsóknarleiðangrar mannsins út í geiminn hafa liðið undir lok. Slíkir leiðangrar eru of dýrir og gera ekki nógu mikið gagn,“ segir greinarhöfundur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

Við byrjum með autt blað

Virkjaðu hugmyndaflugið fyrir Vatnsmýrina!

Hafðu áhrif á framtíð höfuðborgarinnar

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að halda alþjóðlega hugmyndasamkeppni um framtíðarskipulag Vatnsmýrarinnar. Áður en forsendur samkeppninnar verða skilgreindar er kallað eftir hugmyndum, viðhorfum og væntingum borgarbúa og landsmanna allra um svæðið. Þetta er einstakt tækifæri fyrir þig til að hafa áhrif á mótun á annað hundrað hektara lands sem gegna mun lykilhlutverki í borgarmynd Reykjavíkur í framtíðinni.

Menningarminjar í Vatnsmýrinni

Í dag verður efnt til **gönguferðar** um Vatnsmýrarsvæðið undir leiðsögn Helga M. Sigurðssonar, sagnfræðings. Farið verður frá Hótel Loftleiðum kl. 14.00.

Margar leiðir til þátttöku – vertu með

- **Samráðsdagar,** þar sem leitað er eftir hugmyndum og viðhorfum almennings til skipulags Vatnsmýrarinnar í framtíðinni, verða haldnir **fimmtudaginn 29. september** og **laugardaginn 1. október** í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi.
- Þú getur heimsótt heimasíðuna **www.vatnsmyri.is** til að fá upplýsingar um Vatnsmýrarsvæðið og dagskrá Samráðsdaga.
- Hugmyndir má líka senda á **alit@vatnsmyri.is** eða til **Skipulags- og byggingasviðs Reykjavíkur**, Borgartúni 3, 105 Reykjavík, merkt „Vatnsmýri".
- Sérstaklega verður hlustað eftir viðhorfum landsbyggðarfólks til landnotkunar í Vatnsmýri með skoðanakönnun á vegum Félagsvísindastofnunar Háskólans.

MÓTUM BORG NÝRRA TÍMA

KB BANKI ÍSLANDSBANKI Landsbankinn

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS RVK 29272 09/2005

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

„Hins vegar er þjóðfélagið á stöðugri hreyfingu og ef við erum ekki vakandi yfir því hvað skapar gott samfélag, er hætta á að við glötum því sem hefur áunnist.“

Mikilvægi eignarréttarins áréttað

Ný Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál ætlar að efla skilnings fólks á mikilvægi eignarréttar og frjálsra viðskipta fyrir lýðræðislegt samfélag. Stofnunin er óháð stjórnmálaflokkum og treystir á frjáls fjárframlög.

„Höfuðmarkmið okkar er að efla skilning landsmanna á mikilvægi eignarréttar og frjálsra viðskipta fyrir samfélagið. Þá eigum við ekki bara við mikilvægi fyrir hagvöxt og efnahagslega velsæld heldur líka fyrir lýðræði og réttindi borgaranna. Þetta markmið næst ekki á einni nóttu heldur horfum við til langs tíma,“ segir Birgir Tjörvi Pétursson, framkvæmdastjóri Rannsóknarmiðstöðvar um samfélag- og efnahagsmál (RSE).

Í fyrrahaust var RSE stofnuð af Ragnari Árnasyni prófessor, Birgi Þór Runólfssyni dósent, Jóhanni J. Ólafssyni kaupmanni, Jónasi Haralz fyrrverandi bankastjóra og Birgi Tjörva, sem hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra. Hann segir ætlunina að byggja starfsemina upp hægt og bítandi. Ekki eigi endilega að byrja með miklum lúðrablæstri strax í upphafi heldur undirbúa jarðveginn vel.

„Við höfum horft til áþekkra stofnana sem eru starfræktar víða erlendis. Þá á ég við stofnanir Hoover Institution í Bandaríkjunum, Fraser Institute í Kanada, Timbro í Svíþjóð og IEA í Bretlandi. Þangað sækjum við fyrirmyndinina þótt hugmyndafræðin sé ekki í alla staði eins. Við byggjum málflutning okkar á grunni sem hefur verið lagður af þeim einstaklingum sem koma að starfinu,“ útskýrir Birgir Tjörvi.

Breiður hópur fólks

Hann segir að starfrækt sé sérstakt rannsóknarráð sem fari með æðsta vald um þau verkefni sem ráðist sé í á vegum stofnunarinnar og sé skipað fræðimönnum í fremstu röð. „Þeir sem koma úr hópi fræðimanna, úr háskólum og vísindasamfélaginu munu bera ábyrgð á allri rannsóknarvinnu og faglegri hlið starfseminnar. Aðrir, sem koma aðallega úr atvinnulífinu, koma meira að rekstrarlegum þáttum. Þetta er því sameiginlegt átak breiðs hóps fólks víða að.“

Birgir segir að RSE ætli að ná markmiðum sínum meðal annars með rannsóknum, fræðslu, útgáfu, ráðstefnum og annarri starfsemi. Ekki eigi bara að beina umræðunni að fólki í atvinnulífinu og stjórnmálamönnum heldur ekki síður til almennings; fólksins í landinu. Þótt umræðan eigi að vera fagleg og byggja á fræðilegum forsendum verði framsetningin að vera öllum skiljanleg. Aukinn skilningur allra á mikilvægi eignarréttar og frjálsra viðskipta fyrir lýðræðislegt þjóðfélag sé mikilvægur.

„Þótt Íslendingar hafi í samanburði við aðra góðan skilning á mikilvægi frelsis, lýðræðis og eignarrétti, hornsteinum réttarríkisins, er ekki þar með sagt að við séum alltaf á verði gagnvart þeim hættum sem steðja að þessum grundvallaratriðum,“ segir Birgir Tjörvi. „Þá er ég ekki að segja að við þurfum að vera meðvituð um það, þegar við kaupum inn í kvöldmatinn úti í búð, að við séum í raun að gera samning um skipti á eignum, samning sem hægt er að framfylgja fyrir dómstólum. Ekki frekar en að við þurfum að vita allt um rafmagn til að geta kveikt ljós í herbergi. Hins vegar er þjóðfélagið á stöðugri hreyfingu og ef við erum ekki vakandi yfir því hvað skapar gott samfélag er hætta á að við glötum því sem hefur áunnist. Það þarf ekki að gerast á einni nóttu heldur frekar smátt og smátt.“

Öfgafull sjónarmið

Birgir segir að þau sem standa að RSE hafi fundið að í góðæri sé tilhneigingin frekar sú að taka frjálsum viðskiptum og skýrum eignarrétti sem sjálfsögðum hlut. Um leið og það gerist sé meiri hætta á bakslagi sem þörf sé að vinna gegn. Það megi til dæmis sjá á umræðu um umhverfismál og alþjóðavæðingu þar sem öfgafull sjónarmið hafi sprottið fram og notið vaxandi hylli, einkum hjá ungu fólki. Þar sé málflutningurinn á köflum ómálefnalegur og feli jafnvel í sér ofbeldisfullan áróður. Núna sé jafnvel stemning hjá ungu fólki að taka undir þessi sjónarmið.

„Þetta er eitt af þessum hættumerkjum sem við sjáum ástæðu til að bregðast við og ræða um. Það þarf stöðugt að halda á lofti þeim hugmyndum sem hafa skapað hér gott samfélag til mótvægis við öfgafullan málflutning sem grefur undan þeim.“

Aðspurður segir Birgir einstaklinga og fyrirtæki fjármagna starfsemina. Það sé tekið sérstaklega fram í skipulagsreglum rannsóknarmiðstöðvarinnar að ekki sé tekið á móti opinberum styrkjum. Það eigi að tryggja sjálfstæði RSE og ýta undir frumkvæði. Þetta fyrirkomulag sé ekki algengt á Íslandi, að stofnun sem fjalli fyrst og fremst um þjóðfélagsmál og sinni rannsóknum með langtímamarkmið að leiðarljósi sé ekki fjármögnuð af hinu opinbera. Það sé vonandi vísir að því sem koma skuli því ekki sé heilbrigt að öll slík starfsemi sé fjármögnuð af skattfé borgaranna og háð vilja stjórnmálamanna.

Óháð stjórnmálaflokkum

Hann segir RSE ekki tengt neinum stjórnmálaflokki og muni ekki taka þátt í pólitískum framboðum. „Það eina sem við munum gera er að leggja til og taka þátt í umræðu um þau mál sem eru efst á baugi, en nálgast þau á faglegum forsendum. Við ætlum að taka þátt í rökræðunni en ekki kappræðunni. Við viljum ekki festast í einhverjum flokkspólitískum skilgreiningum og ætlum ekki að nálgast hlutina út frá þeim.“

Rannsóknarmiðstöð um samfélags- og efnahagsmál mun vera í miklum alþjóðlegum samskiptum að sögn framkvæmdastjórans og er m.a. um þessar mundir að byggja upp samstarf við sambærilegar norrænar stofnanir. Þetta framtak hafi fengið góðan hljómgrunn hér á landi og nú sé bara að sýna fram að hægt sé að reka svona stofnun án þess að reiða sig á mjúkan faðm hins opinbera.

„Við verðum að standa okkur sem óháð rannsóknarmiðstöð og flytja mál okkar þannig að eftir sé tekið. Við erum bjartsýn og höfum fulla trú á að það gangi upp enda verkefnin mýmörg. Við ætlum að minna á þessi grundvallargildi, byggja upp þekkingu á þessu sviði og hafa áhrif á hugmyndir fólks til langs tíma. Vonandi verður það til þess að fólk vilji styrkja þessar grunnstoðir þjóðfélagsins sem byggja á frelsi, eignarrétti og lýðræði,“ segir Birgir Tjörvi Pétursson.

ERLENDAR HUGMYNDASMIÐJUR

Rannsóknarstofnun um samfélags- og efnahagsmál á sér fyrirmyndir erlendis þar sem sambærilegar stofnanir hafa haft mikil áhrif á opinbera umræðu og hugmyndir fólks. Áherslur og rannsóknastarf eru þó mismunandi.

CATO Institute – Bandaríkin
Cato-stofnunin var stofnuð 1977. Markmið Cato er að halda uppi umræðu sem stuðlar að auknu frelsi einstaklingsins, takmarkar ríkisvaldið og styður frjáls viðskipti. www.cato.org

IEA – Bretland
Institute of Economic Affairs var stofnuð 1955. IEA er hugmyndasmiðja sem berst fyrir frjálsu markaðshagkerfi sem er samtvinnað frelsi einstaklingsins. www.iea.org.uk

Timbro – Svíþjóð
Timbro var stofnað árið 1978. Timbro stendur fyrir útgáfu á efni sem fjallar um frjálslynd þjóðfélagsmál og hugmyndafræði markaðshagkerfisins. www.timbro.se

Fraser Institute – Kanada
Fraser-stofnunin var stofnuð 1974. Markmið Fraser er að hafa áhrif á opinbera stefnumótun svo frjálslynd sjónarmið, eins og markaðslausnir í stað ríkislausna, fái aukið vægi. www.fraser-institute.ca

RSE Í HNOTSKURN

Á heimasíðu Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál segir að RSE hafi það skýra markmið aðÝefla skilning á mikilvægi eignarréttar og frjálsra viðskipta fyrir lýðræðislegt og framsækið samfélag.ÝRSE muni leggja mikinn metnað í að vinna að þessum markmiðum með faglegum hætti, þannig að efni sem fráÝrannsóknarmiðstöðinni stafi sé málefnalegt og vandað framlag til umræðu um samfélags- og efnahagsmál.
„Réttur manns til eigna sinna og frjálsra viðskipta með þær eru ekki bara mikilvæg mannréttindi, heldur líka hornsteinn hins frjálsa, lýðræðislega samfélags. Ekki síður er vernd og virðing fyrir hvorutveggja eignaréttinum og frjálsum samskiptum manna grundvöllur efnahagslegrar veldældar og framfara,“ segir á heimasíðunni www.rse.is

www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR

Hagnýt námskeið á háskólastigi

Símennt HR býður upp á tvö námskeið á haustönn 2005 sem eru metin til þriggja eininga á háskólastigi:

Aðferðafræði
Áhersla á aðferðafræði sem notuð er við heimildavinnu í tengslum við gerð náms- og starfstengdra greinargerða. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Leifur Geir Hafsteinsson Ph.D. lektor við Viðskiptadeild HR.

Fjármál fyrirtækja
Fjármálafræði og fjármálastjórnun verða kynnt fyrir nemendum auk þýðingar þeirra fyrir atvinnurekstur. Leiðbeinandi á námskeiðinu er Sigurður Atli Jónsson, kennari við Viðskiptadeild HR.

- *Námskeiðin eru sniðin fyrir þá sem hafa hug á að byrja í háskólanámi.*

Kennsla fer fram í Háskólanum í Reykjavík við Ofanleiti 2:
***Aðferðafræði:** 10. október – 16. nóvember.*
***Fjármál fyrirtækja:** 11. október – 24. nóvember.*

Verð fyrir eitt námskeið: 65.000,-

Þátttökuskilyrði er stúdentspróf.

Umsóknarfrestur til 3. október 2005

Frekari upplýsingar veitir:
Charlotta Karlsdóttir
Beinn sími: 599 6258
Skiptiborð: 599 6200
Charlotta@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI RSE „Þótt Íslendingar hafi í samanburði við aðra góðan skilning á mikilvægi frelsis, lýðræðis og eignarrétti, hornsteinum réttarríkisins, er ekki þar með sagt að við séum alltaf á verði gagnvart þeim hættum sem steðja að þessum grundvallaratriðum,“ segir Birgir Tjörvi.

www.peugeot.is

Komdu og prófaðu sprækan 138 hestafla Peugeot 307 SW. Láttu hann færa þig inn í nýja veröld á strætum borgarinnar. Hlaðinn búnaði og á einstaklega góðu verði býður Peugeot þér rými fyrir allt að sjö manns undir glæsilegu glerþaki til að allir sjái meira af heiminum. Komdu og ræddu við okkur um hvernig tilboð hentar þér til að sjá meira fyrir peninginn.
Komdu í Vatnagarða og upplifðu bjartasta ljónið á veginum á þínu verði.

307

PEUGEOT

SJÁÐU MEIRA FYRIR PENINGINN

HÉR & NÚ / SÍA

BERNHARD

BERNHARD ehf. · Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100
Umboðsaðilar:
Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bílver**, sími 431 1985
Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535

Þú kemur. Við semjum.
Þú færð 307 á tilboði sem öllum líkar.

MARY ASTOR (1906-1987)
lést þennan dag.

„Um leið og þú byrjar að spyrja spurninga hverfur sakleysið.“

Mary Astor var Hollywood-leikkona sem vakti hvað mesta athygli þegar dagbók hennar var gerð opinber og upp komst um ýmis hneykslismál.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST > 25. SEPTEMBER 1983

Fangaflótti á Norður-Írlandi

Á þessum degi struku 38 fangar úr öryggisfangelsi á Norður-Írlandi og drápu einn fangavörð sem þeir skutu. Fangelsið var kallað Völundarhúsið og er nærri bænum Lisburn.
Tíu fangar náðust innan fárra klukkustunda en lögreglan hrinti af stað umfangsmestu leit í sögu landsins. Fangarnir notuðu byssur, sem smyglað var inn í fangelsið, og hníða til að yfirbuga fangaverði og komust undan í vörubíl sem þeir óku í gegnum hlið fangelsisins. Fangavörður reyndi að hindra för þeirra með því að leggja bifreið sinni fyrir þá. Fangarnir réðust á hann og aðra fangaverði með þeim afleiðingum að einn var stunginn til bana og annar skotinn í höfuðið, en sá var fluttur á sjúkrahús og lifði af árásina.
Eftir að úr fangelsinu var komið flúðu sumir fanganna á bílum sem þeir stálu.

Innan nokkurra daga hafði lögreglan haft hendur í hári nítján strokufanga en hinir komst undan. Árið 1992 voru fimm strokufangar til viðbótar handsamaðir en þrír voru drepnir í fyrirsát lögreglu. Sumir fanganna hafa aldrei náðst og öðrum var veitt sakaruppgjöf til að stuðla að friðarferli á Norður-Írlandi. Völundarhúsinu var lokað árið 2000.

MERKISATBURÐIR

1850 Erfðatilskipun er sett. Þetta er fyrsta heildarlöggjöf um erfðir og er í gildi í tæpa öld.
1950 Sameinuðu þjóðirnar taka völdin í borginni Seúl í Suður-Kóreu.
1957 Yfir þúsund hermenn fylgja níu svörtum nemendum inn í skóla í Little Rock í Arkansas en nokkrum dögum fyrr hafði æstur múgur meinað þeim inngöngu í skólann.
1958 Fyrsti breski togarinn er tekinn innan nýju tólf mílna landhelginnar.
1975 Lagarfossvirkjun er vígð.
1983 Gunnar Thoroddsen forsætisráðherra andast, 72 ára.
2000 Vala Flosadóttir vinnur bronsverðlaun á ólympíuleikunum í Sydney með því að stökkva 4,50 metra í stangarstökki.

Haustmót TR hefst í dag

Fyrsta umferð Haustmóts Taflfélags Reykjavíkur verður tefld í Skákhöllinni, Faxafeni 12, í dag. Mótið er í reynd meistaramót TR og því eitt af helstu skákmótum hvers árs.

Jón Viktor Gunnarsson bar sigur úr býtum á mótinu í fyrra, hlaut 7 vinninga af 9.

Teflt verður á sunnudögum, miðvikudögum og föstudögum en mótinu lýkur miðvikudaginn 19. október. Teflt verður í nokkrum flokkum og er raðað í þá eftir styrkleika skákmanna. Peningaverðlaun eru í boði og fást 60 þúsund krónur fyrir fyrsta sætið í A-flokki en lægri fjárhæðir eru í boði fyrir önnur sæti og aðra flokka.

Sest verður að taflborðunum klukkan 14 í dag og er góðra takta að vænta enda mikil gróska í skáklífi landsins um þessar mundir og áhuginn á baráttunni á reitunum 64 mikill.

SIGURVEGARINN 2004 Jón Viktor Gunnarsson (t.h.) etur hér kappi við Hannes Hlífar Stefánsson.

ANDLÁT

Ragnheiður Ásgeirs, Hvammi, heimili aldraðra, Húsavík, áður til heimilis Flókagötu 55, Reykjavík, lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga fimmtudaginn 15. september. Útför hennar fór fram í kyrrþey.

Gísli Viðar Harðarson, slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður, Óðinsvöllum 4, Keflavík, lést fimmtudaginn 22. september.

Ingibjörg Ágústdóttir frá Borgarholti, síðast til heimilis á Suðurgötu 35, Akranesi, lést á Sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 21. september.

Þorkell Máni Þorkelsson, Ránargötu 44, Reykjavík, lést á Landspítalanum Fossvogi miðvikudaginn 21. september.

AFMÆLI

Sigurður Guðmundsson landlæknir er 57 ára.

Bera Nordal listfræðingur er 51 árs.

Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari er 51 árs.

Arnar Páll Hauksson fréttamaður er 51 árs.

Dofri Hermannsson leikari er 36 ára.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem auðsýndu samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Oddnýjar Aðalbjargar Jónsdóttur

Rauðalæk 20, Rvk. áður Sunnuhvoli, Fáskrúðsfirði.

Sérstakar þakkir til alls starfsfólks á deildum L-4 og L-1 á Landakotsspítala.

Jóhanna Ásdís Þorvaldsdóttir
Guðný Björg Þorvaldsdóttir
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir
Kristján Þorvaldsson
Ómar Ásgeirsson
Helga Jóna Óðinsdóttir
barnabörn og langömmubörn

Víðir Sigurðsson
Sigurður Þorgeirsson

†

Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,

Guðbjörg Björgvinsdóttir

elliheimilinu Grund, áður Meðalholti 12, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju þriðjudaginn 27. september kl. 13.00.

Ersla Björg Guðjónsdóttir
Guðbjörg Svala Guðjónsdóttir
Sigurður Viðar Guðjónsson
Jón Kristinn Guðjónsson
barnabörn og barnabarnabörn

SIGURÐUR HELGASON SKIPAÐUR STJÓRNARFORMAÐUR ÞSSÍ

Kærkomið að slappa af

Sigurður Helgason lét af stöfum sem forstjóri Flugleiða í vor. Þá hafði hann starfað hjá félaginu í rúm þrjátíu ár þar af tuttugu sem forstjóri. Í lok ágúst skipaði utanríkisráðherra hann formann stjórnar Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) til fjögurra ára.

„Í sjálfu sér hef ég lítið verið í þessum málum en hef þó ferðast töluvert um Afríku,“ segir Sigurður sem kemur ekki að daglegum rekstri stofnunarinnar heldur mætir á stjórnarfundi einu sinni í mánuði þar sem stefnan er mörkuð. „Þróunarsamvinnustofnun er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir beint undir utanríkisráðuneytið og er einkum ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlöndin og þar er einkum lögð áhersla á þau lönd þar sem lífskjör eru lökust,“ segir Sigurður sem hefur kynnt sér málefnin töluvert undanfarið og hitt fólk sem vinnur fyrir stofnunina bæði hérlendis og erlendis.

Síðan Sigurður lét af störfum í vor hefur hann fengist við ýmislegt. „Ég hef reynt að ferðast meira en ég gerði hjá Flugleiðum, eða fara öðruvísi ferðir og lengri,“ segir Sigurður sem dvaldi í þrjár vikur í Bandaríkjunum í sumar og heillaðist af Norður-Karólínu.

Eins og gefur að skilja hefur Sigurður meiri tíma fyrir sjálfan sig nú og nýtir hann í hreyfingu. „Við konan mín förum í sund hér um bil á hverjum degi og út að ganga.“ segir Sigurður og telur alveg eins á dagskránni að skella sér í golfið.

Hann saknar ekki starfsins hjá Icelandair. „Ég var búinn að vera á fullu þar í mjög langan tíma og því mjög kærkomin breyting að geta aðeins slappað af,“ segir Sigurður sem getur þó ekki slitið sig alveg frá fyrirtækinu og er stjórninni innan handar sem ráðgjafi. Auk þess tók hann nýlega að sér stjórnarfomennsku Vildarbarna á vegum Icelandair sem sjá um að skipuleggja ferðir fyrir langveik börn. „Markmiðið er að senda um tuttugu fjölskyldur á ári í draumaferð,“ segir Sigurður sem finnst starfið mjög gefandi enda sé fólkið sem verði fyrir valinu ákaflega þakklátt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HEIMAVIÐ Sigurður er jafnframt stjórnarformaður Vildarbarna sem skipuleggur ferðir fyrir langveik börn.

FYRSTA STARFIÐ: RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR SJÓNVARPSKONA

Tólf ára gamall fimleikaþjálfari

„Maður er bara orðinn helvíti gamall,“ segir Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir eftir að hafa látið hugann reika aftur til fortíðar í leit að fyrsta starfinu. „Það hefur sjálfsagt verið þegar ég var tólf ára og var að kenna litlum krökkum fimleika á laugardögum,“ rifjar hún upp.

Ragnhildur hafði æft fimleika um skeið þegar henni var treyst til að leiðbeina krökkum á aldrinum sex til tólf ára. „Mér fannst þetta rosa gaman og var auðvitað bara krakki sjálf.“

Launin voru hins vegar ekki upp á marga fiska. „Heilar 75 krónur á tímann ef ég man rétt,“ segir hún hlæjandi. „Enda held ég að ég hafi ekki gert þetta peninganna vegna.“ Þá litlu hýru sem hún fékk fyrir starfið lagði hún engu að síður inn á bankabók og safnaði til geta keypt fimleikaólar til að vefja um hendurnar fyrir tvíslána. „Mig grunar hins vegar að pabbi hafi splæst eitthvað upp í. Ólarnar kostuðu um 3.500 krónur og ég held ég hafi ekki verið búin að safna svo miklu.“

Þrátt fyrir lúsarlaun skipti starfið Ragnhildi miklu máli fyrir. „Það var rosa sport að fá eigin laun í fyrsta sinn og mér fannst ég orðin voða stór.“

RAGNHILDUR STEINUNN Launin voru ekki beysin en dugðu langleiðina til að kaupa fimleikaólar þó pabbi hafi dregið hana að landi.

60 ára er í dag

Hallberg Sigurjónsson til heimilis að Stuðlaseli 2, Reykjavík.

Hann tekur á móti gestum í Safnaðarheimili Seljakirkju, Hagaseli 40, kl. 16.00-19.00 í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Úrval af húsgögnum
á vaxtalausum kjörum

Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri

Borðstofusett
hvíttuð eik
borð + 4 stólar
verð frá

Vaxtalaust tilboð aðeins 6.686 kr. á mán. í 10 mánuði
Verð 66.860,-

Borðstofusett
kirsuberjaviður
borð + 4 stólar
verð frá

Vaxtalaust tilboð aðeins 7.686 kr. á mán. í 10 mánuði
Verð 76.860,-

Borðstofusett
mahony
borð + 4 stólar
verð frá

Vaxtalaust tilboð aðeins 7.586 kr. á mán. í 10 mánuði
Verð 75.860,-

Borð Bedford
gegnheil eik
180X60X75

Vaxtalaust tilboð aðeins 5.990 kr. á mán. í 10 mánuði
Verð 59.900,-

Úrval af borðstofustólum verð frá 6.990.-

Skápur 2646
gegnheil eik
147x45x94.5

Vaxtalaust tilboð aðeins 5.999 kr. á mán. í 10 mánuði
Verð 59.990,-

Borð 2804
gegnheil eik
182x91x78

Vaxtalaust tilboð aðeins 6.999 kr. á mán. í 10 mánuði
Verð 69.990,-

Kommóða 2690
gegnheil eik
102x45x110

Vaxtalaust tilboð aðeins 3.999 kr. á mán. í 10 mánuði
Verð 39.990,-

Borð 2654
gegnheil eik
127x39.5x95

Vaxtalaust tilboð aðeins 2.999 kr. á mán. í 10 mánuði
Verð 29.990,-

Borð 2703
gegnheil eik
120x70x48

Vaxtalaust tilboð aðeins 2.999 kr. á mán. í 10 mánuði
Verð 29.990,-

Borð 2640
gegnheil eik
48.5X48.5 X70

Vaxtalaust tilboð aðeins 1.499 kr. á mán. í 10 mánuði
Verð 14.990,-

Gildir á meðan birgðir endast.
***Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.**

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS
Endurskoðuð

XIII. HLUTI

Samanburður gagnlegur

Samanburður við reynslu grannþjóða okkar er alltaf gagnlegur þegar ráðizt er í að endurskoða hvernig við gerum hlutina, hvort sem þar er um að ræða viðskiptahætti, íþróttaiðkun eða fjölmiðlun, svo dæmi séu nefnd. Þetta á þó ekki sízt við þegar gengið er í það vandasama verk að endurskoða sjálfan grunninn að stjórnskipun lýðveldisins – stjórnarskrána.

Glöggt er gestsaugað

Í viðtali við írskan stjórnlagafræðing hér á síðunni kemur fram athyglisverð hliðstæða í írskum og íslenzkum stjórnskipunarrétti. Í báðum stjórnarskrám kveður 26. greinin á um vald forseta til að synja lögum staðfestingar. Munurinn er sá, að á Írlandi fær Hæstiréttur landsins lögin til umfjöllunar sem forsetinn neitar að undirrita, á Íslandi er gert ráð fyrir að slík lög séu lögð fyrir almenna kjósendur til samþykkis eða synjunar. Munurinn er einnig sá, að á Írlandi hefur þessu ákvæði oft verið beitt, en aðeins einu sinni á Íslandi. Írski stjórnlagafræðingurinn bendir á að út frá lýðræðiskenningalegu sjónarmiði sé íslenzka leiðin „aðlaðandi" þar sem hún geri ráð fyrir virkjun almennings, hún hvetji til virks þátttökulýðræðis. En að mati Írans er vandamálið við 26. greinina í íslensku stjórnarskránni það, að þegar forsetinn grípur til þess að neita að undirrita lög sé ekki séð fyrir því að málið fari alla leið í þjóðaratkvæði, þ.e. að ríkisstjórnin geti ekki gripið inn í ferlið eftir að það er komið af stað.
Á þessu máli eru margar hliðar og í ljósi þess hve harðvítugum pólitískum deilum beiting 26. greinarinnar olli í fyrrasumar eru breytingar á þessu ákvæði vandmeðfarnar. En glöggt er gestsaugað. Sjónarmið írska stjórnlagafræðingsins, og samanburður við reynslu Íra af beitingu synjunarvalds forseta, eru vert innlegg í þessa umræðu. **-aa**

ALÞINGI ÍSLANDS Ef þjóðaratkvæðagreiðsla á að fara fram á Íslandi samkvæmt stjórnarskrá er kosið um ákvarðanir Alþingis.

Þjóðaratkvæði á Íslandi

Þrjár greinar íslensku stjórnarskrárinnar fjalla um hvenær þjóðaratkvæðagreiðslu skuli halda. Engin grein fjallar þó um hvernig framkvæmd slíkrar atkvæðagreiðslu skuli hagað. Þær þrjár greinar sem fjalla um þjóðaratkvæðagreiðslu ef þing vill leysa forseta frá embætti, ef forseti synjar lagafrumvarpi staðfestingar og ef Alþingi samþykkir breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

11. gr. Forseti lýðveldisins er ábyrgðarlaus á stjórnarathöfnum. Svo er og um þá, er störfum hans gegna.
Forseti verður ekki sóttur til refsingar, nema með samþykki Alþingis.
Forseti verður leystur frá embætti, áður en kjörtíma hans er lokið, ef það er samþykkt með meiri hluta atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem til er stofnað að kröfu Alþingis, enda hafi hún hlotið fylgi 3/4 hluta þingmanna
Þjóðaratkvæðagreiðslan skal þá fara fram innan tveggja mánaða, frá því að krafan um hana var samþykkt á Alþingi, og gegnir forseti eigi störfum, frá því að Alþingi gerir samþykkt sína, þar til er úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar eru kunn.
Nú hlýtur krafa Alþingis eigi samþykki við þjóðaratkvæðagreiðsluna, og skal þá Alþingi þegar í stað rofið og efnt til nýrra kosninga.

26. gr. Ef Alþingi hefur samþykkt lagafrumvarp, skal það lagt fyrir forseta lýðveldisins til staðfestingar eigi síðar en tveim vikum eftir að það var samþykkt, og veitir staðfestingin því lagagildi. Nú synjar forseti lagafrumvarpi staðfestingar, og fær það þó engu að síður lagagildi, en leggja skal það þá svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu.

79. gr. Tillögur, hvort sem eru til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nái tillagan samþykki skal rjúfa Alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki Alþingi ályktunina óbreytta, skal hún staðfest af forseta lýðveldisins, og er hún þá gild stjórnskipunarlög.
Nú samþykkir Alþingi breytingu á kirkjuskipun ríkisins samkvæmt 62. gr., og skal þá leggja það mál undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skal atkvæðagreiðslan vera leynileg.

Synjunarvald forseta Írlands

Í írsku stjórnarskránni er hliðstætt ákvæði við 26. grein íslensku stjórnarskrárinnar, nema hvað í því er kveðið á um að Hæstiréttur skeri úr um lögmæti laga sem forsetinn neitar að undirrita.

Svo sérkennilega vill til að í stjórnarskrá Írlands er það ákvæði sem er hliðstætt 26. grein íslensku stjórnarskrárinnar og fjallar um valdheimildir forseta lýðveldisins til að grípa inn í löggjafarferlið, einnig 26. grein írsku stjórnarskrárinnar. Írski stjórnlagafræðingurinn Timothy Murphy, kennari við félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri, hefur borið þessi ákvæði saman og segir íslenska ákvæðið athyglisvert, ekki síst vegna þess að það gerir ráð fyrir virku þátttökulýðræði.

„26. greinin í íslensku stjórnarskránni veitir forsetanum vald til að grípa inn í löggjafarferlið," segir Murphy. „Þar segir að neiti forsetinn að undirrita lög skuli bera þau undir þjóðaratkvæði til synjunar eða samþykkis. Ég veit að þessu ákvæði hefur aðeins einu sinni verið beitt, varðandi lög um eignahald á fjölmiðlum í fyrra." Murphy segir að á Írlandi sé nú í gildi önnur stjórnarskráin frá því landið fékk sjálfstæði. Fyrsta stjórnarskráin tók gildi árið 1922, þegar suðurhluti eyjarinnar fékk sjálfstæði frá Bretum. Írland varð lýðveldi árið 1949, en stjórnarskráin sem enn er í gildi var sett árið 1937.

„Sú stjórnskipun sem hún kveður á um er mjög áþekk þeirri stjórnskipun sem tíðkast á Íslandi, þar sem framkvæmdavaldið stjórnar í raun löggjafarvaldinu og meirihluti löggjafarvaldsins kýs framkvæmdavaldið. Þetta er sem sagt kerfi þar sem löggjafar- og framkvæmdavaldið er samtvinnað," segir hann. Í írsku stjórnarskránni séu líka að sjálfsögðu ákvæði um dómsvaldið og mannréttindakafli. „Í stjórnarskránni eru líka ákvæði um forseta lýðveldisins. 26. grein írsku stjórnarskrárinnar felur forsetanum hlutverk í löggjafarferlinu. Þegar lög eru afgreidd þarf forsetinn að undirrita þau til að þau taki gildi. En forsetinn getur stöðvað ferlið þarna og neitað að undirrita lögin. Það sem þá gerist er að lögunum er vísað til Hæstaréttar Írlands. Forsetinn getur spurt dómstólinn hvort viðkomandi löggjöf standist stjórnarskrána. Fimm dómarar í Hæstarétti ráðgast þá um málið. Þeir verða að komast að samhljóða niðurstöðu," útskýrir Murphy. „Ákveði þeir að lögin standist stjórnarskrá verður forsetinn að undirrita þau."

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

26. GREININNI BEITT Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, tilkynnir ákvörðun sína um að synja lögum um eignarhald á fjölmiðlum staðfestingar hinn 2. júní 2004.

Murphy segir þessu ákvæði, 26. grein írsku stjórnarskrárinnar, oft hafa verið beitt. Forsetinn hefur ítrekað vísað lögum með þessum hætti til Hæstaréttar. Dæmi um þetta eru lög um hjónaskilnað og um lög sem heimiluðu að upplýsingar væru gefnar um fósturey ðingar í öðrum löndum.

„Þegar forsetinn ákveður að grípa til þessa úrræðis þýðir það ekki endilega að hann sé andsnúinn viðkomandi löggjöf. Það nægir að einhver vafi leiki á því að lögin standist stjórnarskrá." Svo að þetta er athyglisvert ferli sem írska stjórnarskráin kveður á um. Eins og ég sagði hefur því verið beitt nokkrum sinnum. Ég held að almennt sé álitið að þetta kerfi virki vel," segir Murphy.

Sé þetta borið saman við 26. grein íslensku stjórnarskrárinnar er athyglisvert að munurinn er aðallega sá að undirriti íslenski forsetinn ekki lög skulu þau borin í dóm þjóðarinnar, ekki Hæstaréttar. „Mín persónulega skoðun er sú að íslenska leiðin sé betri, út frá lýðræðislegu sjónarmiði," segir hann. „Ég hneigist að því að það sé betra að almenningur sé virkjaður í svona málum. Sem stjórnlagafræðingur verð ég að segja að hugmyndin um þátttökulýðræði sé aðlaðandi." En vandamálið við 26. greinina í íslensku stjórnarskránni sé að þegar forsetinn grípur til þess að neita að undirrita lög þarf að vera séð fyrir því að málið fari alla leið í þjóðaratkvæði, það er að ríkisstjórnin geti ekki gripið inn í ferlið eftir að það er komið af stað.

Murphy segist þó fyrst myndu leggja til að Íslendingar tækju til endurskoðunar hvernig stjórnarskrárbreytingar eru samþykktar. „Í ykkar kerfi er staðfestingarferli stjórnarskrárbreytinga samofið almennum þingkosningum. Sem stjórnlagafræðingur tel ég þetta ekki gott kerfi. Með öðrum orðum: leggi ríkisstjórnin fram tillögu að stjórnarskrárbreytingu ætti þjóðin að fá tækifæri til að fjalla um hana og fella sinn dóm óháð þingkosningum," segir írski stjórnlagafræðingurinn Timothy Murphy.

audunn@frettabladid.is

Að auka lýðræði almennings er mikilvægast

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir að skoða þurfi hvort hluti þingmanna eða almennings geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu.

Að auka lýðræði fólksins er eitt mikilvægasta starf stjórnarskrárnefndar, segir Guðjón Arnar Kristjánsson, sem á sæti í stjórnarskrárnefnd fyrir hönd Frjálslynda flokksins.

Í ræðu sinni á málþingi Lögfræðingafélags Íslands fyrir viku síðan komu fram skýrar hugmyndir Guðjóns um hvernig hægt væri að opna aðkomu almennings og þings að þjóðaratkvæðagreiðslu. Segir Guðjón mega velta því fyrir sér að setja inn nýtt ákvæði í stjórnarskrá um að 2/5 þingmanna eigi að geta knúið fram þjóðaratkvæði um einstök mál. Þá eigi einnig að skoða að setja inn ákvæði um að ákveðinn fjöldi kosningabærra manna geti krafist þjóðaratkvæðis um ákveðin lagafrumvörp með undirskrift sinni til samþykkis eða synjunar. Guðjón segir að slíkt ákvæði í 2. mgr. 26. gr stjórnarskrárinnar gæti því hljóðað svo: „Lýsi 20 prósent kosningabærra manna í landinu, miðað við kjörskrá síðustu alþingiskosninga, því yfir með undirskrift sinni að þeir óski eftir að borin verði undir þjóðina lög sem alþingi hefur samþykkt, skal leggja þau svo fljótt sem kostur er undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar með leynilegri atkvæðagreiðslu. Yfirlýsinguna skal afhenda forseta alþingis innan mánaðar frá samþykkt laganna. Lögin falla úr gildi, ef samþykkis er synjað, en ella halda þau gildi sínu."

Að lágmarki 20 prósent kosningabærra manna þyrftu að hafna samþykktu lagafrumvarpi eða meirihluti þeirra sem taka þátt í þjóðaratkvæði til að niðurstaða væri gild, segir Guðjón.

Með þessu ákvæði yrði hins vegar málskotsréttur forseta að öllum líkindum óvirkur. „Eftir sem áður tel ég að ekki eigi að breyta ákvæði 26. greinar um vald forseta Íslands til þess að vísa máli til þjóðaratkvæðis. Velta mætti fyrir sér að einhver leið væri til þess að þjóðin eða forseti gætu krafist þess að Alþingi tæki ákveðið mál upp að nýju og þá væri skilyrt að 3/4 alþingismanna samþykktu málið á nýjan leik svo þau lög sem kosið væri um gætu haldið gildi sínu," segir Guðjón.

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

Þá segir Guðjón einnig mikilvægt við endurskoðun stjórnarskrárinnar að skoða rannsóknarhlutverk þingnefnda. „Þá finnst mér mikilvægt að skoða hversu lengi handhafar forsetavalds geta haft þetta vald. Ef forseti veikist alvarlega á því ári sem hann er kjörinn og er veikur allt kjörtímabil sitt geta handhafar forsetavalds haft þetta vald í allt að þrjú ár. Því finnst mér þurfa að hafa einhver tímamörk á þessu þannig að það þurfi að kjósa forseta aftur."

Þá segir Guðjón Arnar að endurskoða þurfi kosningalög þannig að landið verði eitt kjördæmi og endurskoða kirkjuskipan þannig að „lúterska kirkjan hafi ekki sérréttindi umfram önnur trúarbrögð enda fær það ekki staðist ákvæði um trúfrelsi."

svanborg@frettabladid.is

Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrársíðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.

NETFANGIÐ ER:
stjornarskra@frettabladid.is

0101011001001010100111101001011010011010101010100101100110010101011001001010100111101001011010

Forritara vantar strax!

Svo mikið af spennandi verkefnum að orð fá því ekki lýst...
www.marel.com/01001011

Marel

PAUL MCCARTNEY Bítillinn fyrrverandi hefur vakið mikla athygli fyrir nýjustu plötu sína.

Afkastamesti Bítillinn

Paul McCartney gaf nýverið út plötuna Chaos and Creation in the Backyard, sem hefur fengið prýðilegar viðtökur. **Freyr Bjarnason** ***skoðaði sólóferil Bítilsins fyrrverandi.***

Paul McCartney gaf nýverið út sína fyrstu hljóðversplötu í sex ár, Chaos and Creation in the Backyard, sem hefur fengið frábæra dóma víðast hvar.

McCartney, sem er orðinn 63 ára, hefur verið afar afkastamikill eftir að Bítlarnir hættu árið 1970. Hann var fljótt duglegastur þeirra í að gefa út og fara í tónleikaferðir og hefur hann haldið þeim dampi allar götur síðan. McCartney hefur gefið út alls 38 plötur á þessum 35 árum, þar af fjórtán hljóðversplötur. Plöturnar hafa undantekningalítið selst mjög vel og tónleikar hans verið ákaflega vel sóttir, þó svo að gagnrýnendum hafi stundum þótt tónlist hans lítilfjörleg, sérstaklega þeim bresku.

Fyrsta sólóplatan kemur út

Fyrsta sólóplata Paul McCartney hét einfaldlega McCartney og kom út 1970, tveimur vikum áður en síðasta plata Bítlanna, Let It Be, átti að koma í búðir. Þegar sólóplatan kom út tilkynnti McCartney að Bítlarnir væru hættir án þess að ráðfæra sig fyrst við hina meðlimina. Í kjölfarið urðu samskipti hans og hinna Bítlanna, sérstaklega John Lennon og George Harrison, afar stirð í mörg ár á eftir. Sökuðu þeir hann um að hafa notfært sér endalok Bítlanna til að kynna sína fyrstu plötu.

1971 stofnaði McCartney hljómsveitina Wings ásamt þáverandi eiginkonu sinni Lindu McCartney. Á næstu árum var sveitin dugleg við tónleikahald og útgáfu. Á meðal þekktra laga frá sveitinni voru Give Ireland Back to the Irish, Mary Had a Little Lamb og Hi Hi Hi. Nokkru áður hafði McCartney gefið út smáskífulagið Another Day sem var það fyrsta sem hann gerði vinsælt á sólóferli sínum.

Árið 1973 samdi McCartney lagið Live and Let Die fyrir samnefnda James Bond-mynd og naut það mikilla vinsælda. Sama ár kom út platan Band on the Run með Wings sem fékk mjög góðar viðtökur.

Dúettar með Wonder og Jackson

Wings var ein vinsælasta popphljómsveit áttunda áratugarins en McCartney leysti sveitina upp 1980 skömmu eftir morðið á John Lennon. Tveimur árum síðar gaf McCartney út sólóplötuna Tug of War þar sem meðal annars var að finna lagið Ebony and Ivory sem hann söng með Stevie Wonder. Sló það umsvifalaust í gegn víða um heim, líkt og The Girl Is Mine sem hann söng með Michael Jackson á metsöluplötu hans Thriller. Í framhaldinu söng Jackson dúett með McCartney í laginu Say Say Say, sem er síðasta smáskífulag McCartney til að ná efsta sæti vinsældalistanna.

Tilraunamennskan tekur við

Á næstu árum prófaði McCartney ýmislegt. Hann leikstýrði sinni fyrstu kvikmynd, Give My Regards to Broad Street, sem fékk slæma útreið gagnrýnenda. Lagið No More Lonely Nights úr myndinni varð aftur á móti afar vinsælt. Einnig samdi hann titillag gamanmyndarinnar Spies Like Us við góðar undirtektir. 1989 gaf McCartney út plötuna Flowers in the Dirt, sem þótt besta plata hans í langan tíma. Þar samdi hann mörg lög með Elvis Costello en þeir félagar sömdu einnig saman lög á plötu Costello, Spike, þar á meðal hið vinsæla Veronica.

Árið 1991 kom út platan Unplugged með McCartney sem var sú fyrsta af mörgum í þeirri útgáfuröð. Síðar á því ári gaf McCartney út sína fyrstu klassísku plötu, Liverpool Oratorio. McCartney gaf einnig út tvær ambient-plötur undir dulnefninu The Fireman auk þess sem önnur klassísk plata, The Leaf, kom út 1995.

Safnboxið Anthology kom út 1996 þar sem eftirlifandi meðlimir Bítlanna söfnuðu saman sjaldgæfu efni frá árum sveitarinnar í einn pakka. Árið eftir gaf McCartney út plötuna Flaming Pie, sem fékk góða dóma, og sama ár var hann sæmdur riddaratign og fékk þar með nafnbótina Sir Paul McCartney.

Árið 1998 lést Linda McCartney eftir þriggja ára baráttu við brjóstakrabbamein. Tveimur árum síðar kvæntist Paul fyrirsætunni fyrrverandi Heather Mills. Um svipað leyti samdi hann titillag myndarinnar Vanilla Sky og fékk Óskarstilnefningu fyrir vikið, auk þess sem hann fór í sitt fyrsta tónleikaferðalag í tíu ár.

Í samstarf með Nigel Godrich

Nigel Godrich er upptökustjóri Chaos and Creation in the Backyard en hann er meðal annars þekktur fyrir plöturnar OK Computer með Radiohead og Sea Change með Beck. „Ég vissi ekki hver ætti að stjórna upptökum á plötunni en vissi að ég vildi þann allra besta," sagði McCartney. „Ég hringdi í George Martin (fyrrum upptökustjóra Bítlanna), sagði honum að ég ætlaði að gera nýja plötu og spurði hver væri réttti maðurinn í starfið. Hann talaði við mig viku síðar og sagði: „Nafnið sem kemur aftur og aftur upp er Nigel Godrich." Ég þekkti Radiohead og líkaði mjög vel við hljóminn á OK Computer. Ég vissi líka að hann hefði tekið upp Invisible Band með Travis og ég var því ánægður með hans störf. Við töluðum saman til að sjá hvort við værum á sömu bylgjulengd og við vorum það," sagði hann.

McCartney spilar á flest hljóðfæri á plötunni, rétt eins og hann gerði á sinni fyrstu plötu. Er hún að sumu leyti afturhvarf til lagasmíða McCartney er hann var í Bítlunum og lýsir hann meðal annars laginu Jenny Wren sem dóttur lagsins Blackbird. Plötunni hefur verið vel tekið víðast hvar og McCartney sagður kominn í sitt gamla form. Kappinn er nýbyrjaður á tónleikaferð um Bandaríkin og fyrir löngu er orðið uppselt á alla tónleikana.

15 ÞEKKT LÖG EFTIR PAUL MCCARTNEY:

- Hey Jude
- Eleanor Rigby
- Yesterday
- Let It Be
- Helter Skelter
- Blackbird
- The Long and Winding Road
- Maybe I'm Amazed
- Another Day
- Live and Let Die
- Band on the Run
- Silly Love Songs
- No More Lonely Nights
- Ebony and Ivory
- Say Say Say

Menningarstarf
í Kópavogi

AUGLÝSINGASTOFA SKAPARANS EHF.

Lista- og menningarráð Kópavogs
auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna /viðburða
á sviði menningar og lista í Kópavogi.
Einstaklingar, félagasamtök og stofnanir geta
sótt um styrki úr sjóðnum.

Umsóknum skal skilað á þar til gerðum umsóknareyðublöðum
fyrir **14. október nk.,** ásamt fylgiskjölum.

Eyðublöðin fást á skrifstofu Tómstunda- og menningarsviðs **Fannborg 2, 2. hæð.** og á heimasíðu Kópavogs, **www.kopavogur.is**

Lista- og menningaráð Kópavogs veitir styrki til menningarstarfs í Kópavogi tvisvar á ári, í október og apríl .

Lista- og menningarráð Kópavogs

ÁHRIFAVALDAR ALMA GEIRDAL SAMTÖKUNUM FORMA

Litlu krílin skipta mestu

„Ég verð fyrst að fá að nefna pabba minn," segir Alma Geirdal aðspurð um hennar helstu áhrifavalda. Hún er ásamt Eddu Ýrr Einarsdóttur í fararbroddi samtakanna Forma sem berjast gegn átröskun á Íslandi.

EDDA ÝRR EINARSDÓTTIR „Hún kenndi mér að taka skref í átt að bata."

„Pabbi kenndi mér að standa á rétti mínum og að vera sterk og sjálfstæð. Ég hef alltaf kunnað að meta það að hafa fengið slíkt uppeldi. Hann hefur hjálpað mér mjög mikið og er án efa einn af mínum stærstu áhrifavöldum."

Alma segir marga hafa náð til hennar með góðum ráðum og umhyggju. „Ég verð að fá að nefna bróður minn, en hann hefur líka hjálpað mér mjög mikið. Hann hefur að miklu leyti haft svipuð áhrif á mig og pabbi minn. Hann kenndi mér að nýta þá eiginleika sem ég hef og að vera sterk. Hann kenndi mér einnig að horfa í eigin barm og að láta ekki aðra komast upp með að traðka á rétti mínum." Fjölskylda Ölmu er án efa hennar stærsta fyrirmynd og hún segist líta upp til móður sinnar á marga vegu. „Mamma er alveg ótrúleg kona. Hún er búin að upplifa margt í lífinu og ganga í gegnum ýmislegt. Með árunum hef ég séð hve mikil áhrif hún hefur haft á svo marga hluti hjá mér."

Alma, sem er sjálf í móðurhlutverkinu, segir börn sín það mikilvægasta sem hún eigi. „Litlu krílin mín hafa kennt mér að meta lífið." Alma nefnir einnig Eddu sem áhrifavald. En þær stöllur skipa samtökin Forma sem stóðu að málþingi um átröskun um síðustu helgi. „Edda kenndi mér að taka skref í átt að bata og hún er gríðarlega mikill áhrifavaldur í mínu lífi, sérstaklega í sambandi við heilbrigðina og hamingjuna."

ALMA GEIRDAL Segir fjölskylduna skipa stóran sess í lífi sínu.

hjartarannsókn
FORVÖRN GEGN HJARTA- OG ÆÐASJÚKDÓMUM

RANNSÓKNARSTÖÐ
HJARTAVERNDAR

Alþjóða Hjartadagurinn

25. september 2005



Opið hús hjá Hjartavernd

Í dag frá kl. 11–15 kaffi og ávextir

Kynning á: Áhættumati Hjartarannsóknar
Áhættureiknivél Hjartaverndar

Fræðsla um forvarnir gegn hjarta- og æðasjúkdómum.
Boðið upp á blóðþrýstingsmælingar

WORLD HEART FEDERATION®

HJARTAVERND

Hjartavernd
Holtasmára 1
201 Kópavogur
Tímapantanir 535 1800
www.hjarta.is

ÞÁ ER AÐ KOMAST NIÐUR
Valentín hinn orðhagi á Elbrustindi.

FRÁ BÆNUM CHEGET Minnismerki um fallna sovéska hermenn. Elbrus í baksýn. Tindurinn til vinstri er sá hærri.

ELBRUS – HÆSTA FJALL EVRÓPU

Ari Trausti Guðmundsson lagði upp í ævintýraferð og skoðaði fjallið Elbrus sem er hæsta fjall Evrópu. Þegar upp á fjallið var komið var fallist í faðmlag að hætti karlmanna.

Ef haldið er 8.820 kílómetra í suðaustur frá Reykjavík, hvar endar sú ferð? Á fjallinu Elbrus. Elbrus er tvítyppt, gamalt eldfjall, hulið stórum jöklum og 5.642 metra hátt. Fjallið ber fleiri heiti á öðrum tungum og merkja þau t.d. Fjall hamingjunnar og Fjall hinna þúsund fjalla. Samkvæmt fornum sögum er Prómeþeifur fjötraður við fjallið.

Þarna er ferðalangurinn kominn til sjálfstjórnarhéraðsins Kabardino-Balkaria skammt frá Ingúsetíu, Ossetíu og Tsétsníu. Í héraðinu skiptast á akrar, lág fjöll, ár, skógar, borgir og bæir og frjósemi landsins er mikil. Og þarna, milli Svartahafs og Kaspíahafs, hefur verið þróttmikið mannlíf og menningarstarf allt frá því sögur hófust. Vísbendingar eru um að svolítið af erfðamengi Norðmanna og Íslendinga eigi uppruna á þessum slóðum.

Elbrus rís, aleitt og tignarlegt, um 15 km norðan við gríðarlega mikinn fjallgarð sem myndar múr, mörg hundruð kílómetra langan, á milli hafanna. Kákasusfjöllin eru stórvaxin útgáfa af Alpafjöllunum en miklu minna snortin af mönnum en þau; lítil byggð í flestum dölum og ferðaþjónusta hefur ekki sett mikið mark á fjöllin. Sunnan við fjöllin er Georgía eða Grúsía.

Um miðjan ágúst stóðu sjö fjallamenn, fimm Íslendingar og tveir Þjóðverjar, í hlíðum Elbrus og könnuðu fyrirhugaða leið á hærri tind fjallsins. Nærri 1.900 metra hæðaráfanga og nærri 10 km vegalengd. Hver hugsaði sitt en allir voru þeir vongóðir í tali.

Sódavatn í Cheget

Elbrus er hæsta fjall Evrópu ef miðað er við að álfan nái austur að Úral og Kaspíahafi. Gamla góða Mont Blanc (4.808 m) stendur langt að baki því allmargir tindar Kákasus ná yfir 5.000 metrana.

Við Árni Árnason tölvugaldrakarl höfðum rætt ferð á Elbrus og allt í einu varð hún að veruleika. Með í för voru Páll Gestsson verkfræðingur, Orri Magnússon sölumaður, Tolli myndlistarmaður, Kurt Bartenschlager verk- og tæknifræðingur og Thorsten Pieper, sérfræðingur í framleiðslu og sölu bílrúða. Allir í bærilegu formi og ekki ókunnugir jökulbrekkum.

Síðla dags stóðum við svo utan við flugstöðvarbygginguna í Mineralnye Vody (Ölkeldu) og á móti okkur tók Sergei Baranov, fjallamaður, túlkur og verkstjórnandi. Hann er næstum 23 ára og hafði farið einn á Khan Tengri (7.025 m) í Tien-Shan fjöllum en slíkt gerir mikill minnihluti fjallamanna. Það var okkur nóg til að treysta Sergei. Meðan við ókum á Gaz-bílnum upp í Baksandalinn drundu þrumur og eldingar stóðu næstum eins og eldstólpar í nokkrar sekúndur.

Í Cheget beið okkar súpa og pirog (innbakað kjöthakk) og snoturt hótelherbergi. Þetta er lítill staður með hótelum og veitingahúsum, sölubúðum og markaði þar sem gamlar konur selja ullarvörur, glingur, ávexti, náttúrumeðul, hunang og grænmeti. Þarna koma Rússar og aðrir í sumarleyfi til að njóta fjallanna og til þess að renna sér á skíðum á veturna. Erlendir ferðamenn eru ef til vill 10 prósent gesta og margir þeirra undrast ruslið og hirðuleysið sem einkennir mest alla byggð í fjalladölunum. Fólk er viðmótsþýtt og gestrisið og sumir kunna álíka mörg orð í ensku eða þýsku og við kunnum í rússnesku. Tungumálaerfiðleikar byggja brýr milli fólks. Gamla konan sem selur Tolla jurtalyf við svefnleysi og bakverkjum (Tolli þjáist af hvorugu) dregur upp forláta hermannasjónauka og leyfir okkur að kíkja á jökla og tinda sem hún kynnir stolt.

Hæst ber Donguzorun með hvíta kollinn sinn tveimur og hálfum kílómetra beint ofan við Cheget. Sódavatnsflaska, með vatni beint úr jörðu, kostar 25 krónur í Cheget, góð, þríréttuð viðargrillmáltíð 200-250 krónur en hvít og mjúk léttullarpeysa 800 krónur.

Eitt skref í einu

Til þess að klífa Elbrus þarf hæðaraðlögun sem á að taka um eina viku. Við höfum 4-5 daga.

Byrjum á Cheget-fjalli sem er í raun lítill fjallsrani og notum stólalyftu upp í 3.200 m hæð en göngum svo þaðan, hægt og virðulega. Nú gildir að fara sér hægt og leyfa náttúrunni að vinna sitt verk; dýpka öndunina, fjölga rauðum blóðkornum og losa líkamann við óþarfa vatn.

Aðrar lyftur flytja okkur daginn eftir upp í 25 ára gamlar búðir í hlíðum Elbrus. Þar standa 13 stáltankar með gluggum, trégólfi og grjóthörðum rúmstæðum og nokkrir gamlir vinnuskúrar til reiðu handa skíðafólki og fjallamönnum í 3.700 metrum. Tveir skúranna mynda mötuneyti. Þar ræður Vera ríkjum, lágvaxin, dökkhærð og með gull í tönnum. Á stuttermabolnum hennar er áletrunin: I am a wild thing. Svífandi á leiðinni upp í Tunnurnar, eins og við köllum staðinn, má glöggt sjá úfna og stórskorna hrauntauma milli skriðjökla fjallsins.

Elbrus er í raun tvær samvaxnar eldkeilur og ber sú eystri og lægri myndarlegan gíg þar sem sér í vott af jarðhita og stundum hikstar fjallið gastegundum. Vestari keilan er meira rofin en samt hærri og óvirk með öllu. Einir 22 skriðjöklar falla niður hlíðarnar og allir hopa þeir hratt í hlýnandi loftslagi. Eystri tindur Elbrus var fyrst klifinn 1829 og var þar heimamaður á ferð en á hærri tindinn komust nokkrir Bretar og einn Rússi fyrstir 1874. Núna ná 100-200 manns hærri tindinum á einni góðri viku með fullkomnu veðri hvern dag eins og reyndist vera meðan við dvöldum á Elbrus.

> *Sprungusvæði eru neðan við tröðina sem myndast hefur þessa viku í jökulinn. Við göngum ekki í línu. Falli einhver verður hann að kunna að stöðva sig með ísöxi. Um miðjan júlí lést fjallgöngumaður við fall skammt frá klettunum. Árlegur tollur mannslífa á Elbrus er 10-15 mannslát vegna falls í bratta eða ofan í sprungur, snjóflóða eða ofkælingar.*

Fyrstir Íslendinga á Elbrus voru þeir Karl Ingólfsson og Jón Viðar Sigurðsson, árið 1989, en að minnsta kosti sex aðrir Íslendingar hafa klifið fjallið þar til kom að hópnum nú í ágúst.

Næstu skref í hæðaraðlöguninni var að sofa í Tunnunum og ganga að minnsta kosti tvisvar upp í Pastukhof-klettana í 4.500 metra hæð. Það þykir ágætt að fara þessa 800 hæðarmetra á þremur klukkustundum fyrst í stað. Hér skutlast menn ekki Esjuhæð á klukkutíma.

Vera eldar góðan hafragraut, bakar prýðilegar pönnukökur (blini) og sýður fantafínar súpur en flest annað matarkyns er daprara enda aðstæður til matargerðar lélegar. Við etum þurrkað hrefnukjöt, gráfíkjur, bragðvondar orkustangir og kryddað elgskjöt til þess að standa okkur í stykkinu og drekkum auðvitað mikið af svörtu tei. Milli gönguferða er spjallað við aðra fjallamenn, einkum fjölþjóðlegan 12 manna hóp sem heldur sömu áætlun og við, og svo alla Rússana, Georgíumennina og allt það fólk sem þarna kemur með lyftunum til að tylla tánni á jökul, dást að Elbrus eða láta taka af sér myndir út í jöklinum við Tunnurnar.

Undarlegastar eru limafagrar konur sem rífa sig úr öllu nema bikini og stilla sér upp í módelstellingu milli jökulsprungna svo eiginmaðurinn geti smellt af myndum. Kurt fékk að mynda eina frá Vladivostok. Hún heitir auðvitað Natasja og var með blóa

TINDURINN UNDIR Árni Árnason og Ari Trausti á tindi Elbrus þann 16. ágúst.

augnskugga í stíl við himininn og fallega lakkaðar fingur- og táneglur.

Fjallið tekur við okkur

Aðfaranótt 16. ágúst stóðu 16 fjallamenn við gamlan snjótroðara. Klukkan var fjögur og frostnæðingurinn beit aðeins lítillega. Við höfðum ákveðið að spara 3-4 klukkustundir með því að ganga ekki enn einu sinni að Pastukhofklettunum heldur greiða slatta af evrum fyrir að láta skutla okkur þangað. Dúnúlpa, höfuðlukt, tvöfaldir skór, mannbroddar og göngustafir á sínum stað. Nesti og drykkur til 10-15 klukkustunda ferðar í bakpokanum.

Við göngum í einfaldri röð. Brekkan er nokkuð brött og skrefin verða hæg og stutt og næstum óendanlega mörg, klukkustund eftir klukkustund. Kærasta Sergeis, fjallaleiðsögumaðurinn Anastasia, leiðir hópinn og með okkur eru líka Bled, Yuri og Valentin úr sömu starfsgrein því 19 manns eru komnir í lestina. Sprungusvæði eru neðan við tröðina sem myndast hefur þessa viku í jökulinn. Við göngum ekki í línu. Falli einhver verður hann að kunna að stöðva sig með ísöxi.

Um miðjan júlí lést fjallgöngumaður við fall skammt frá klettunum. Árlegur tollur mannslífa á Elbrus er 10-15 mannslát vegna falls í bratta eða ofan í sprungur, snjóflóða eða ofkælingar.

Dagrenningin er engu lík. Himinninn verður fjólublár, blágrænn og gulur meðan Kákasustindarnir stíga fram úr myrkrinu, einn af öðrum, og stjörnur og tungl hverfa. Það hættir að stirna á hjarnið, klettarifin á eystri tindinum verða skörp og hvít birta sker í augu þangað til jöklagleraugun eru tekin upp.

Eftir ríflega 5 tíma puð erum við komin upp í skarðið milli tindanna og þar hvílumst við vel og lengi. Ég sturta í mig Magic-orkudrykk sem ég er búinn að geyma innanklæða, borða fíkjustangir og maula þurrt rúgbrauð. Greinilegt er að hæðaraðlögunin er komin ansi skammt á veg og við bæði andstuttir og orkusognir. Enginn er þó lasinn og allir leggjum við í tindsbrekkuna sem er sýnu brattari en það sem að baki er. Hvergi er þó ís í henni og því ekki þörf á neinum auka öryggisráðstöfunum.

Að ná á toppinn

Við stefnum upp í heiðbláan himininn því tindurinn sést ekki fyrir hvelfdum jökulskalla. Það er kominn skafrenningur. Íslenskur renningur. Tvær klukkustundir líða. Einn fótur taktfast fram fyrir hinn. Best að gæta þess að láta broddana grípa. Brekkan er löng fyrir neðan okkur. Allt í einu stöndum við á ávölum hrygg og framundan sést svolítill hóll með veifum. Tolli tekur strikið að hætti íslenskrar sauðkindar en hægir svo á sér og saman stöndum við allir á kolli hólsins sem var takmark ferðarinnar.

Klukkan er tæplega tólf á hádegi. Varla er ský á himni. Þarna uppi er minningartafla um endurheimt Elbrus úr höndum þýskrar innrásarsveitar í síðari heimsstyrjöldinni. Við föðmumst gætilega að hætti karlmanna, tökum myndir, meðal annars af okkur með íslenska fánann og svo af bangsanum hans Árna, og við drekkum í okkur útsýnið. Á aðra hönd sjást allir fjallaröðlarnir nema hvað eystri tindurtinn skyggir dálítið á þá en á hina sér ofan á víðáttur Suður-Rússlands, brúnar, gular, grænar og safaríkar. Nær lítum við niður úfna skriðjökla sem líkt og hverfa undir sjálfa sig.

Eftir stundarfjórðung, sem kostað hafði langan tíma og mikla áreynslu erum við lagðir af stað niður. Meira þarf fjallamaðurinn ekki því leiðin er markmiðið. Og eftir fimm tíma staulumst við inn á planið við Tunnurnar. Hvað skyldi vera í pottunum hjá Veru? Hún heilsar hverjum og einum, óskar honum til hamingju og

KLIFIÐ Á ELBRUS í morgunsárið. Skuggi fjallsins nær langt.

USHBA, eitt erfiðasta klifurfjallið í Kákasus.

gefur barmmerki frá Sovéttímanum sem staðfestir að við séum ljón hins háa og bjarta fjalls. Svo er að borða, drekka, sofa, drekka meira og hraða sér niður í súrefnið í Cheget þar sem allt bragðast vel og loftið er fullt af alls konar lykt.

Í Adyl-Su og heim

Í Cheget er haldin kvöldveisla daginn eftir uppgönguna. Haldnar eru ræður. Þær eru að vísu stuttar en með vel völdum orðum. Sergei hrósar hópnum og við hrósum þeim öllum, Rússunum. Valentín hittir naglann best á höfuðið í stystu ræðunni. Hún hljóðaði svona :

„Við skulum gleðjast og skála en munum að þegar allt kemur til alls erum við að klífa fjallið fyrir afkomendur okkar og af virðingu fyrir forfeðrunum og formæðrunum. Þetta verður að liggja ljóst fyrir. Skál.“

Við snæðum lauk og grillað lambakjöt á teini sem er eins konar þjóðarréttur á svæðinu og skálum í vodka eða blávatni. Sergei og Anastasia fá bók um Ísland á rússnesku að gjöf og einhverja aura með og við skipuleggjum ferð næsta dag í Adyl-Su dalinn sem er einna fegurstur allra fjalladalanna. Þar göngum við í fáeinar klukkustundir. Virðum fyrir okkur stórskorið landslag, stríðar ár og gróður.

Jöklar gægjast ofan hlíðar og risavaxnir tindar mynda hálfhring um dalinn. Þar er Shkelda sem líkist skörðóttum hrygg á risaeðlu, með stórum falljöklum, og Cheget-Tau-Chana, fullkominn íspíramídi. Mörg blómanna fram með jaðri furu- og birkiskógarins koma kunnuglega fyrir sjónir, undafífill, eyrarrós, rænfang, baldursbrá og blóðberg. Segið svo að fjallamenn líti ekki nær sér, bara hátt til tinda.

Flugstöðin í Mineralnye Vody hafði ekkert breyst þegar við komum þangað eftir 8 daga dvöl í fjöllunum. Reyndar hefur stöðin ekkert breyst frá því upp úr 1960, nema hvað vopnaleitartæki voru þar í gangi. Allt annað fór fram handvirkt, handvegið og handskrifað af festu og öryggi og engum lá á. Hitinn var um 30 stig en í fríhafnarbiðsalnum suðaði loftræsting.

Forsjálir áttu klósettpappír því hann er ekki hafður á opinberum salernum og mátti bjóða í mýkstu gerðirnar með evrum en ekki rúblum. Tupolev T-154-vélin var sú sama og flutti okkur til landsins frá München. Gömul, traust og rennileg.

Um borð fékk ég soðna styrju, rófur og maís með bjórglasi og lét eftir mér að sofa dálítið við hliðina á hvíthærðum gyðingi með ljótt ör á loðnum handlegg ásamt tattóveruðu númeri í þýskum útrýmingarbúðum. Hann kinkaði bara kolli þegar ég benti á örið og muldraði Treblinka og svo ræddum við um úr, mat, Ísland og fjölskylduna hans frá Úkraínu sem nú býr í Þýskalandi. Við spurðum ekki um nöfn en ég komst að því að hann var upprunalega úrsmiður en lifði nú nærri níræður við Svartahaf á peningum sem fjölskyldan sendi honum. Nú ætlaði hann að heimsækja afabörnin. Ég sagðist eiga tvö afabörn, Andra Dag og Aron Mána, og við skildum sáttir.

Á þriðja degi eftir gönguferðina inn Adyl-Su dalinn sagði vingjarnleg flugfreyjurödd í hátalarakerfi Iceland Express-vélarinnar: „Velkomin heim. Klukkan er 15.40 að staðartíma.“

Leiðangursmenn þakka Iceland Express, Gym80, Útilífi og Fjallakofanum fyrir að létta undir með þeim.

MasterCard kynnir:

OKTÓBERBÍÓFEST

Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember 2005

ÞAÐ STYTTIST Í BÍÓVEISLUNA

40 MYNDIR Á 3 VIKUM
HVERT FER JÖKULL II?

„Mundi það drepa þetta lið að halda þetta að sumri til?“
- JÖKULL II

Iceland Film Festival

20% afsláttur af 10 mynda pössum til MasterCard korthafa.
Sjá www.kreditkort.is

ICELANDAIR IH ICELANDAIR HOTELS Talstöðin FM 90,9

www.icelandfilmfestival.is

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Sögurnar, tölurnar, fólkið.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Jolie lætur gott af sér leiða

Hollywood-stjarnan Angelina Jolie tók sér smá tíma til þess að hitta sex ára gamla ástralskan dreng sem þjáist af sjaldgæfri tegund krabbameins. Jolie frétti af raunum hins sex ára Dylans Hartung frá leikkonunni Nicole Kidman sem fór að heimsækja drenginn í síðasta mánuði á spítala í New York. Dylan hafði sagt henni að hans tvær stærstu óskir væru að hitta Jolie og að sigrast á sjúkdómnum. Jolie stökk á tækifærið og eyddi meira en klukkutíma í að spjalla við Dylan. Móðir drengsins skrifar á vefsíðuna hans: „Hann eyddi klukkutímanum sem hann fékk í að slaka á og tala við hana á ógnarhraða eins og hann hefði alltaf þekkt hana. Hún var svo yndisleg, mjög svo niðri á jörðinni alveg eins og Nicole Kidman. Ég held að Angelina hafi dáðst að því hve Dylan er ótrúlega þroskaður drengur. Hún var allt sem hann hafði ímyndað sér að hún væri og hann var svo ánægður með hana. „

Dylan þakkaði Jolie fyrir heimsóknina og hún gaf honum dót og eiginhandaráritun. Þar stóð: *Til Dylans með ást og virðingu.*

ANGELINA JOLIE
Getur sýnt það að hún er hjartahlý og góð.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkona **Catherine Zeta-Jones** hafði lofað sér því að giftast leikaranum **Michael Douglas** meira en áratug áður en þau hittust. Óskarsverðlaunahafinn byrjaði að hafa áhuga á Douglas þegar hún var algjörlega óþekkt. Hún sagði leikaranum, **Steven Thiebault** að Douglas væri draumaprinsinn hennar. „Einu sinni spurði ég hver væri fullkominn í hennar augum og hún viðurkenndi að hún væri hrifin af Michael Douglas,“ segir Thiebault. Parið hittist svo loksins í Los Angeles þegar Zeta-Jones var við upptökur á myndinni *The Mask of Zorro* og þau giftu sig í nóvember árið 2000.

VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

NR. 24

■	1	2	3	4	■	5	6	7	8	2	4	3	9	■
1	■	10	■	11	■	12	■	2	■	7	■	13	■	11
14	2	11	11	13	■	6	13	8	4	15	2	1	10	7
16	■	2	■	17	18	7	■	4	■	2	■	10	■	19
7 R	13 I	4 S	15 T	■	■	4	11	9	11	■	15	7	20	2
10	■	15	■	21	15	10	7	■	22	■	16	■	■	■
17	23	7	11	15	■	■	16	■	17	24	11	2	25	19
16	■	13	■	15	6	26	27	25	10	7	■	1	■	4
3	21	11	26	13	7	■	27	■	■	2	3	11	10	3
■	■	■	9	■	15	■	10	15	2	26	■	3	■	13
1	7	9	7	■	10	7	7	2	■	■	5	21	27	15
24	■	4	■	4	■	2	■	5	2	11	■	8	■	13
11	12	2	7	15	2	26	25	13	■	19	27	2	27	26
26	■	11	■	13	■	11	■	15	■	11	■	4	■	26
■	5	2	26	27	4	2	7	13	■	19	15	15	13	■

A Á B Đ D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er R til dæmis í reit merktum 7 og fer þá R í alla aðra reiti með því númeri. I er í reit númer 18 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 18 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn *

Lausnarorð

19	3	2	1	10	7

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.
SMS-skeytið kostar 99 krónur.

Lausn nr. 22

■	B	Ý	L	I	■	H	A	G	S	T	O	F	A	■
Þ	■	M	■	N	■	V	■	R	■	Í	■	E	■	H
A	R	I	N	N	■	E	M	Í	R	S	T	I	G	N
K	■	S	■	I	Đ	N	■	S	■	T	■	L	■	I
S	Í	L	Ó	■	■	Æ	S	K	A	■	G	A	T	T
K	■	E	■	E	L	R	I	■	F	■	I	■	■	■
E	N	G	I	L	■	■	G	■	A	L	L	T	O	F
G	■	U	■	T	O	L	L	B	R	Ú	■	I	■	U
G	A	R	M	U	R	■	I	■	■	K	Í	N	I	N
■	■	■	E	■	T	■	N	Á	M	A	■	D	■	D
H	L	I	Đ	■	Ó	L	G	A	■	■	D	Ó	M	S
A	■	Đ	■	A	■	E	■	V	Í	S	■	T	■	Æ
H	A	R	Đ	G	Ú	M	M	Í	■	M	Ó	T	E	L
A	■	U	■	A	■	J	■	S	■	I	■	U	■	D
■	S	N	I	T	T	A	R	I	■	T	Ý	R	A	■

SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um David Gray?

Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900**.

Dæmi: Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND** PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Leystu gátuna!
Þú gætir unnið nýjustu plötu David Gray, Life in Slow Motion.

Hvar er David Gray fæddur?
K) Í Reykjavík d) Í Manchester E) Í New York

Hvað hét fyrsta plata Davids?
s) White Ladder a) A Century Ends J) White Century

Hvenær kom hún út?
v) 1993 f) 1995 R) 1997

Með hvaða íslensku söngkonu hefur David unnið?
n) Emiliönu Torrini L) Möggu Stínu í) Björk

Hvað er David Gray gamall?
o) 57 b) 47 ð) 37

Taktu þátt
Þú gætir unnið nýjustu plötu David Gray, Life in Slow Motion.

Vegna tæknilega vankvæða birtast nöfn vinningshafar fyrir gátu síðustu viku næsta sunnudag.

atvinna o.fl. Norðurál auglýsir eftir nýjum starfsmönnum BLS. 5
Hjá Reykjavíkurborg eru laus störf í leikskólum, skólum og sundlaugum BLS. 6

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	7.22	13.19	19.14
AKUREYRI	7.07	13.04	18.59

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

allt - atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

Góðan dag!

Í dag er sunnudagur 25. september, 268. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

Kerfisstjóri
Deildarstjóri
Verkefnastjóri
Sölufulltrúi
Ráðgjafar
Forritarar
Stöðvarstjóri
Sölustjóri
Markaðsstjóri
Verksmiðjustjóri
Bílstjóri
Upplýsingafulltrúi

SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ/E.Ól.

Þorsteinn Guðmundsson segir einn helsta kost starfsins vera samskiptin sem hann á við annað fólk.

Veiðir bestu hugmyndirnar

Þorsteinn Guðmundsson starfar sem hugmyndastjóri á auglýsingstofunni Ennemm. Hann lætur þó oftast aðra um að fá hugmyndirnar.

„Ég byrjaði reyndar að vinna á auglýsingastofu fyrir mörgum árum, í Hvíta húsinu sem textagerðamaður og hugmyndamaður. Þar vann ég aðallega með Sverri Björnssyni sem kenndi mér allt sem ég kann í þessu. Það kom aðallega til vegna þess að ég fann ekkert að gera sem leikari og það voru mikil vonbrigði að þurfa að vinna á auglýsingastofu, sem reyndist mér mikið gæfuskref," segir Þorsteinn Guðmundsson, sem er hugmyndastjóri hjá auglýsingastofunni Ennemm.

„Það sem ég geri er að ég tek við verkefnum og vinn þau áfram með grafískum hönnuði, eða textamönnum eftir því sem við á," segir Þorsteinn. Hann segir verkefnin unnin í litlum hópum þar sem þau eru greind og hugmyndirnar látnar flæða. „Mitt starf felst svolítið í því að fá aðra til að fá góðar hugmyndir, og finna svo út hver er besta hugmyndin," segir Þorsteinn. Eftir að búið er að finna góða hugmynd er henni fylgt og hún kynnt fyrir viðskiptavininum sem herferð eða auglýsing.

„Þegar mér bauðst þetta starf á Ennemm fannst mér það mjög kærkomin tilbreyting að vera í föstu starfi," segir Þorsteinn og bætir við að fast starf rói aðeins taugarnar og heimilisbókhaldið.

„Þetta er skemmtilegur vinnustaður og ég var orðinn langþreyttur á því að vinna einn. Það á ekkert sérstaklega vel við mig, því ég vil hafa fólk í kringum mig. Enda tel ég einn helsta kost starfsins, að vera í samstarfi við fólk," segir Þorsteinn.

kristineva@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[ATVINNA]

Atvinnuleysi mældist 1,8 prósent í ágúst síðastliðnum og jafngildir það því að 2.851 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum. Þetta eru lægstu tölur sem sést hafa frá því í nóvember 2001. Gert er ráð fyrir að atvinnuleysi mælist enn minna í september.

Sextíu ný störf verða auglýst til umsóknar hjá Norðuráli á Grundartanga á næstunni. Þetta kemur fram í nýútkomnu Skessuhorni. Stækkun verksmiðjunnar er nú í fullum gangi og þegar því verkefni verður lokið munu um 400 manns starfa þar.

Mikill skortur er á fólki til margs konar starfa á Hornafirði og á það við bæði til sjós og lands. Þetta kemur fram á vefnum www.hornafjordur.is Eftir því sem næst verður komist má áætla að hátt í hundrað manns vanti til starfa á svæðinu, segir þar. Innan við tíu manns hafa verið á atvinnuleysisskrá undanfarið og er það aðallega fólk sem er að skipta um störf og bíða eftir að fara í ný.

atvinna@frettabladid.is

Star-Oddi

Starfsmenn óskast í framleiðslu

Stjörnu-Oddi óskar eftir laghentum starfsmönnum í samsetningu á rafeindabúnaði.

Við sjáum fyrir okkur starfsmann á aldrinum 20-40 ára, unnið er við mjög fíngerða rafeindaíhluti. Það er kostur ef viðkomandi hefur reynslu af rafeindasamsetningu eða lóðavinnu, en er ekki skilyrði. Okkar kröfur eru að viðkomandi sé vandvirkur og samviskusamur.

Hjá Stjörnu-Odda starfar samstilltur hópur starfsmanna, fyrirtækið á sér mikla framtíðarmöguleika. Stjörnu-Oddi framleiðir fyrst og fremst mælitæki til umhverfisvöktunar. Vörur félagsins eru seldar um allan heim, aðallega til umhverfisrannsókna og til merkinga á dýrum/fiskum, en einnig til iðnaðarnota.

Umsóknin sendist með tölvupósti; *star-oddi@star-oddi.com* eða bréflega til Stjörnu-Odda, Vatnagörðum 14, 104 - Reykjavík, merkt „samsetning á rafeindabúnaði".
Frekari upplýsingar veitir Sigmar Guðbjörnsson eða Pálmi Jóngeirsson í síma 533 6060, heimasíða **www.star-oddi.com.**

VILTU NJÓTA ÞÍN TIL FULLS?

DEBENHAMS ÓSKAR EFTIR SNYRTI- EÐA FÖRÐUNARFRÆÐINGUM Í SNYRTIVÖRUDEILD. FULLT STARF OG HLUTASTARF ER Í BOÐI.

Ef þú ert gædd(ur) ríkri þjónustulund, mikilli jákvæðni og ert tilbúin(n) að takast á við krefjandi sölu- og þjónustustarf, þá er Debenhams staður þar sem þú munt njóta þín til fulls.
Reynsla af afgreiðslustörfum æskileg.

Áhugasamir hafi samband við Báru, deildarstjóra snyrtivörudeildar, í síma 522-8008 eða bara@debenhams.is

DEBENHAMS
SMÁRALIND

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS DEB 29636 09/2005

Leikskólinn Mánabrekka Seltjarnarnesi

Laus er staða deildarstjóra, leikskólakennara eða starfsmanns með áhuga á uppeldisstörfum

Í leikskólanum er rekið metnaðarfullt uppeldisstarf þar sem lögð er áhersla á umhverfis- og náttúruvernd og tónlist. Góð vinnuaðstaða. Ef ekki fæst leikskólakennari er heimilt að ráða starfsmann með aðra menntun.

Kynnið ykkur leikskólann á heimasíðu hans www.seltjarnarnes.is/manabrekka

Upplýsingar gefur Guðbjörg Jónsdóttir leikskólastjóri í síma 5959 281, gudbjorgjo@seltjarnarnes.is

Laun skv. kjarasmningi Launanefndar sveitarfélaga við Félag leikskólakennara.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlmenn hvattir til að sækja um störf í leikskólum bæjarins.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

Augl. Pómildar 2200.281

Reykjavíkurborg
Einn vinnustaður

Áhugaverð störf í boði

Velferðarsvið

Tölvudeild Velferðarsviðs Reykjavíkur óskar að ráða starfsmann strax í tímabundið starf í notendaþjónustu.

Starfssvið:
- Starfið felst m.a. í notendaþjónustu, uppsetningu og rekstri vélbúnaðar.

Um er að ræða fullt starf til áramóta 2005/2006.

Hæfniskröfur:
- Tölvunám af Tölvubraut Iðnskólans í Reykjavík eða álíka menntun æskileg.
- Reynsla af notendaþjónustu, upp setningu á tölvum og vandamála greiningu á pc-tölvum er nauðsynleg.
- Við leitum að starfsmanni með lipra og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að vera reiðubúinn til að aðstoða fólk eftir bestu getu og eiga auðvelt með að vinna undir álagi og stundum utan hefðbundins vinnu tíma. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi bíl til umráða.

Laun samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Vinsamlegast skilið umsóknum í Síðumúla 39, 108 Reykjavík fyrir 3. október 2005, merkt: "Umsókn um starf í tölvudeild". Viðkomandi þarf að geta hafið störf strax.

Nánari upplýsingar um starfið gefa Dagný Einarsdóttir deildarstjóri tölvudeildar í símum 411-9091 og 822-3081 eða Bjarni Sveinsson kerfisfræðingur í símum 411-9093 og 822-3083.

Í Tölvudeild Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar starfa 5 manns við þjónustu og rekstur upplýsingakerfa fyrir starfsstaði Velferðarsviðs og Þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar alls um 40 staði.

Droplaugarstaðir hjúkrunarheimili Hjúkrunarfræðingar

Nú líður að opnun nýrrar starfseiningar, kjörið tækifæri til að taka þátt í mótun starfseiningarinnar út frá hugmyndafræði og stefnumörkun heimilisins.
Einnig er unnið að breytingum á öðrum starfseiningum heimilisins til samræmis við nýja starfseiningu.

Hjúkrunarfræðingar óskast á morgunvaktir.
Hjúkruanrfræðingar óskast á kvöldvaktir.
Hjúkrunarfræðingar óskast á helgarvaktir.
Einnig óskast hjúkrunarfræðingur á næturvaktir 20% unnið aðra hverja viku 2 vaktir, ekki helgi.

Hæfniskröfur:
Viðurkennt starfsleyfi. Reynsla í öldrunarhjúkrun æskileg. Frumkvæði í starfi, metnaður og sveigjanleiki.

Sjúkraliðar
Óskast til starfa, Kjörið tækifæri til að taka þátt í mótun starfseiningar út frá hugmyndafræði og stefnumörkun heimilisins.

Hæfniskröfur:
Viðurkennt starfsleyfi. Reynsla af umönnun aldraðra æskileg. Stundvísi, frumkvæði í starfi, metnaður, og sveigjanleiki.

Aðhlynningarstörf
Lausar er stöður starfsmanna við aðhlynningarstörf. Kjörið tækifæri til að taka þátt í mótun starfseiningar út frá hugmyndafræði og stefnumörkun heimilisins.
Hæfniskröfur: Íslensukunnátta. Reynsla af umönnun aldraðra æskileg. Stundvísi, frumkvæði í starfi, metnaður, og sveigjanleiki.

Markmið Droplaugarstaða er veita íbúum heimilisins hjúkrun og þjónustu sem byggir á sjálfræði íbúans og að koma til móts við óskir hans eftir því sem frekast er unnt. Unnið er að breytingum á skipulagi umönnunar.

Nánari upplýsingar veitir:
Ingibjörg Þórisdóttir, deildarstjóri starf manna og gæðamála. Sími: 4149500 og 4149503. Veffang:
ingibjorg.halla.thorisdottir@reykjavik.is

Einnig er möguleiki á að senda inn umsókn frá heimasíðu heimilisins
www.droplaugarstadir.is.
Á heimasíðunni er að finna ýmsar upplýsingar um heimilið og starfsemi þess.

Velferðarsvið fer með ábyrgð á velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar þ.m.t. barnavernd og félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa. Í því felst undirbúningur stefnumótunar í velferðarmálum, áætlanagerð, samhæfing og samþætting á sviði velferðarþjónustu, eftirlit og mat á árangri og þróun nýrra úrræða.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REIKNISTOFNUN

UNIX KERFISSTJÓRI
Reiknistofnun Háskóla Íslands óskar eftir starfsmanni í UNIX kerfisstjórn.

Starfið
Starfið felst í UNIX og Linux kerfisstjórn tölvukerfa Háskólans. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín. Reiknistofnun er vel staðsett þjónustustofnun í mjög fjölbreyttu rekstrarumhverfi. Hugbúnaðarumhverfi eru Unix, Linux, Windows og MacOSX. Áhersla er lögð á hátækni og símenntun í starfi. Reiknistofnun er í miklu samstarfi við hliðstæðar stofnanir á Norðurlöndum.

Hæfniskröfur
Leitað er að áhugasömum tölvunar- eða kerfisfræðingi með reynslu og menntun í UNIX kerfisstjórn, rekstri og viðhaldi tölvukerfa. Lögð er áhersla á hæfileika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð og hópvinnu. Góð íslenskukunnátta er áskilin.

Umsóknarfrestur er til 10. október n.k.

Umsóknum með náms- og starfsferilskrá ásamt afrit af prófskírteinum skal skila til starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Aðalbyggingu við Suðurgötu, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Gíslason, deilarstjóri netfang (magnus@hi.is).

Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.
Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000

DEILDARSTJÓRI

Óskum eftir samstarfi við manneskju í starf deildarstjóra búsáhaldadeildar. Starfið felst í almennri sölumennsku, vöruframsetningu, innkaupum og samskiptum við birgja. Viðkomandi þarf að vera jákvæð og drífandi, með ríka þjónustulund og frumkvæði. Reynsla af sölumennsku æskileg. Ágæt laun fyrir rétta manneskju, sem þyrfti að byrja sem fyrst.

Einnig leitum við manneskju, með sömu eiginleika, til að sjá um afgreiðsluborð ásamt því að selja vörur í og við borðið. Í boði fullt starf eða hluta.

Vinsamlega hafið samband við Hallgrím 893-8303 eða Elly 896-6212.

Sendið okkur E-mail: ***elly@byggtogbuid.is***
eða sendið inn umsókn:
Byggt og búið, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík.

byggtogbúið
Kringlunni 568 9400
Smáralind 554 7760

Leikskólinn Mánabrekka Mötuneyti

Laust er til umsóknar starf í eldhúsi í Leikskólanum Mánabrekku Seltjarnarnesi

Leikskólinn leggur sérstaka áherslu á umhverfis- og náttúruvernd og er einn fárra leikskóla sem hlotið hafa Grænfánann.

Vinnutími er frá kl. 8:00 til 16:00. Starfsmaður þarf að geta leyst matreiðslumann af í fjarveru hans.

Áhugasamir hafi samband við Guðbjörgu Jónsdóttur leikskólastjóra í síma 5959-281, gudbjorgjo@seltjarnarnes.is, eða Otta Kristinsson matreiðslumann í síma 5959-280, sem veita allar nánari upplýsingar.

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa

Augl. Pohlidar 2206.282

SJÚKRAHÚSIÐ VOGUR

Hjúkrunarfræðingar

Samtök áhuga fólks um áfengis- og vímuefnavandann óska eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa.

Um er að ræða blönduð starfshlutföll.

Á Sjúkrahúsinu Vogi er starfrækt afeitrun og meðferð áfengis og vímefnasjúklinga fólk.
Góð vinnuaðstaða, gott umhverfi.

Góð kjör í boði

Við hvetjum þá hjúkrunarfræðinga sem eru að hugsa um að breyta til í starfi þessa dagana að hafa samband við okkur og líta á aðstæður og ræða málin.

Frekar upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri á staðnum, síma 824 7615, netfang: *thora@saa.is*

Kerfisþjónusta

Deloitte.

Deloitte óskar eftir að ráða einstakling í kerfisþjónustu sem fyrst. Um fullt starf er að ræða.

Starfssvið:
- Starfið felst m.a. í notendaþjónustu og rekstri á tölvukerfum

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Tölvunám frá lönskólanum eða sambærileg menntun
- Reynsla af notendaþjónustu, uppsetningu á tölvum og vandamálagreiningu á PC nauðsynleg
- Reynsla af umsjón með netþjónum í Windows umhverfi æskileg
- Lipur og þægileg framkoma sem og geta til að vinna undir álagi
- Skipulagni, nákvæmni og lipurð í samskiptum

Deloitte er leiðandi sérþekkingarfyrirtæki þar sem starfa um 200 manns á skrifstofum um land allt. Fyrirtækið veitir þjónustu í endurskoðun, reikningsskilum, skatta- og lögfræðiráðgjöf og fjármálaráðgjöf.

Við leitumst við að bjóða starfsmönnum okkar upp á sveigjanlegan vinnutíma, gott starfsumhverfi og metnaðarfulla alþjóðlega endurmenntun.

Deloitte varð í 4. sæti í vali félagsmanna VR á fyrirtæki ársins 2005.

VR Framúrskarandi fyrirtæki 2005

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@img.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildursa@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 2. október nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafls - Liðsauka.

IMG MANNAFL LIÐSAUKI

Borgartúni 27
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafl@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafl.is

Verslunarstjóri Afgreiðslumaður Lagermaður

Óskum eftir duglegu og jákvæðu fólki til starfa

Verslunarstjóri: Tilboðsgerð, eftirfylgni, sala og innkaup
Afgreiðslumaður: Sala og ráðgjöf
Lagermaður: Móttaka, frágangur og tiltekt vara

Nánari lýsingu á störfunum er að finna á vefnum:
www.vatnoghiti.is

Upplýsingar veitir Ragna Hlín Sævarsdóttir í síma 510 1400
Umsóknir sendist á umsokn@vatnoghiti.is

vatn og hiti ehf. er heildverslun sem flytur inn og selur lagnaefni til pípulagnamanna, verktaka og fyrirtækja.
Hjá fyrirtækinu starfa 8 starfsmenn. Reyklaus vinnustaður.

vatn og hiti
Smiðjuvegi 5 I 200 Kópavogur

Hefurðu þekkingu á Járnsmíði ??

Ef þú hefur reynslu eða menntun í járnsmíði/vélsmíði er í boði áhugavert starf við sölu og kynningu á verkfærum og vélum fyrir járniðnaðinn. Spennandi framtíðarstarf í tækniumhverfi.

Sendu upplýsingar til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, Reykjavík eða á netfangið box@frett.is merkt **„Járnsmiður 2005“.**

www.flugfelag.is | sími 570 3030 | fax 570 3001

Starfsmenn í flugfrakt á Reykjavíkurflugvelli

Flugfélag Íslands óskar eftir að ráða starfsmenn til framtíðarstarfa í flugfraktina á Reykjavíkurflugvelli.

Starfsmaður í móttöku/afgreiðslu:
Starfssvið: Móttaka og afhending vöru, almenn upplýsingagjöf og aðstoð við viðskiptavini, umsjón með tapað/fundið, símsvörun.

Hæfniskröfur: Reynsla af afgreiðslu- og/eða þjónustustörfum æskileg, rík þjónustulund og jákvætt hugarfar, góð íslenskukunnátta, stundvísi og reglusemi, góð almenn tölvukunnátta.

Starfsmaður í vöruhúsi:
Starfssvið: Móttaka og frágangur vörusendinga í vöruhúsi, flokkun á áfangstaði ásamt afhendingu úr vöruhúsi, almenn afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini.
Vinnutími í vöruhúsi er frá kl. 06.30 alla virka daga.

Hæfniskröfur: Bílpróf skilyrði og réttindi á smærri vinnuvélar æskilegt (lyftarapróf), rík þjónustulund og jákvætt hugarfar, árvekni og sjálfstæði í vinnubrögðum, góð íslenskukunnátta, stundvísi og reglusemi, almenn tölvukunnátta.

Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyrirtæki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.

Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfum og liprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa gaman af vinnunni sinni.

Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 230 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfsemi þess.

Umsóknarfrestur:
Skriflegar umsóknir, merktar viðeigandi störfum, berist starfsmannastjóra Flugfélags Íslands eigi síðar en 3. október nk. Rafrænar umsóknir sendist með tölvupósti á netfangið umsoknir@flugfelag.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - FLU 29660 09/2005

www.flugfelag.is | sími 570 3030 | fax 570 3001

Gæðastjóri

Flugfélag Íslands óskar eftir að ráða til starfa gæðastjóra á sviði flugrekstrar.

Starfssvið:
- Gæðastjóri hefur umsjón með að ákveðnir þættir flugrekstrarins séu samræmi við lög og reglur hverju sinni
- Framkvæmd sjálfstæðra úttekta, úrvinnsla og eftirfylgni
- Ráðgefandi um gæðastefnu félagsins varðandi viðhald og flug
- Fylgist með og upplýsir um breytingar á reglugerðum og aðstoðar við innleiðingu þeirra
- Aðstoðar við úttektir óháðra aðila og er í samskiptum við flugmálayfirvöld

Gæðastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á flugrekstrarsviði æskileg eða önnur sambærileg menntun
- Mjög góð ensku- og tölvukunnátta
- Þekking á gæðastjórnun
- Leikni í samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Faglegur metnaður og hæfni til að miðla upplýsingum
- Nákvæmni og sjálfstæði í starfi
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg

Flugfélag Íslands er arðbært, markaðsdrifið þjónustufyrirtæki, leiðandi í farþega- og fraktflutningum, og þjónar flugrekendum og aðilum í ferðaiðnaði.

Eitt af markmiðum félagsins er að hafa ætíð á að skipa hæfum og liprum liðsmönnum sem sýna frumkvæði og hafa gaman af vinnunni sinni.

Hjá Flugfélagi Íslands starfa um 230 manns sem allir gegna lykilhlutverki í starfsemi þess.

Umsóknarfrestur:
Skriflegar umsóknir, merktar viðeigandi störfum, berist starfsmannastjóra Flugfélags Íslands eigi síðar en 3. október nk. Rafrænar umsóknir sendist með tölvupósti á netfangið **umsoknir@flugfelag.is**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - FLU 29662 09/2005

MIKIL VINNA FRAMUNDAN!

Eykt er meðal stærstu og kraftmestu verktakafyrirtækja landsins. Við leggjum áherslu á gæði og nútímaleg vinnubrögð, jafnt í hönnun sem handverki. Hjá Eykt starfar yfir 200 manna samhentur og skemmtilegur hópur sem hlakkar til að vinna með þér.

Nú eru spennandi tímar og næg verkefni fyrir góða krafta. Næstu árin reisum við glæsilegar skrifstofubyggingar við Höfðatorg í Borgartúni, ljúkum byggingu Reykjanesvirkjunar, vinnum að fjölda verkefna í gatnagerð og reisum stórar íbúðabyggðir á Norðurbakkaum í Hafnarfirði, í Norðlingaholti og víðar.

Vörubílstjóri
Þarf að hafa meirapróf og vera vanur bílkrana. Nánari upplýsingar veitir Arinbjörn í síma 822 4430 eða arinbjorn@eykt.is.

Kranamenn
Vanir menn á byggingakrana óskast sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Arinbjörn í síma 822 4430 eða arinbjorn@eykt.is.

Rafvirkjar
Leitum að rafvirkjum í fjölbreytta þjónustu við vinnusvæði okkar. Nánari upplýsingar veitir Smári í síma 822 4441.

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI
Lynghálsi 4 ■ 110 Reykjavík ■ Iceland
Tel +354 595 4400 ■ Fax +354 595 4499
eykt@eykt.is ■ www.eykt.is

eplica

Vegna nýrra og sérlega spennandi verkefna leitum við að kláru og metnaðarfullu fólki í eftirtalin störf...

Vefforritun

Starfið felur í sér hönnun, smíði og innleiðingu sérlausna, þróun á Eplica vefstjórnarkerfinu og samþættingu ýmissa upplýsingakerfa.

Umsækjendur þurfa að vera hugmyndaríkir og drífandi einstaklingar með mikla reynslu og metnað fyrir vönduðum vinnubrögðum

Atriði sem við leitum eftir:

- Mikil reynsla af vefforritun (JSP, PHP, ASP, ofl.)
- Víðtæk Java og J2EE þekking
- Góð þekking á gagnagrunnum
- JavaScript og CSS þekking
- Háskólamenntun æskileg

Viðmótsforritun, aðgengishönnun

Auk almennrar vefforritunar og vefsmíði (HTML/CSS), felur starfið í sér aðgengishönnun, ráðgjöf til viðskiptavina og almenna vöruþróun.

Umsækjendur þurfa að hafa metnað fyrir vönduðum vinnubrögðum, frjóa og skapandi hugsun, og útsjónarsemi við lausn tæknilegra viðfangsefna.

Atriði sem við leitum eftir:

- Þungavigtarþekking á (X)HTML og CSS.
- Góð JavaScript kunnátta
- Reynsla af vefforritun (JSP, PHP, ASP, ofl.)
- Þekking á aðgengis- og viðmótshönnun
- Reynsla úr bransanum

Umsóknir sendist ásamt starfsferilsskrá á **atvinna@eplica.is** fyrir **1. október** næstkomandi.
Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Fullum trúnaði er heitið.

huglsmiðjan
Snorrabraut 56 - 101 Reykjavík - Sími 550 0900
www.eplica.is - info@eplica.is

Hugsmiðjan er eitt fremsta hugbúnaðarhús landsins á sviði veflausna. Síðastliðin 4 ár hefur fyrirtækið þróað og selt vefumsjónarkerfið Eplica við góðan orðstír, en meðal viðskiptavina fyrirtækisins eru mörg af stærri fyrirtækjum landsins, ríkið, sveitarfélög, félagasamtök og stofnanir.

Fríkirkjan í Reykjavík
Óskum eftir að ráða Kirkjuvörð í Fríkirkjuna í Reykjavík.
Helstu þættir starfsins eru:
Kirkjuvarsla, ræsting á kirkju og safnaðarheimili.
Íbúð getur fylgt.

Afgreiðslustarf

Starfskraftur óskast hálfan daginn í bútasaumsdeild.
Bútasaumskunnátta og þjónustulund áskilin.
Reyklaus vinnustaður.

Upplýsingar gefur Dagbjört í s: 825 0022 sunnudag frá kl.13-18, virka daga frá 9-18.

VIRKA
Mörkinni 3, 108 RVK

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Félagsþjónusta:
- Félagsleg heimaþjónusta
- Liðveisla

Íþróttamiðstöðin Versalir:
- Baðvarsla kvenna í íþróttahúsi
- Baðvarsla karla í íþróttahúsi

Sundlaug Kópavogs:
- Laugarvarsla/baðvarsla karla
- Laugarvarsla/baðvarsla kvenna

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Hjallaskóli:
- Kennari íslensku/dönsku
- Forfallakennari

Kársnesskóli:
- Íþróttakennari 4 st. á viku

Kópavogsskóli:
- Forfallakennari

Lindaskóli:
- Starfsmenn í Dægradvöl

Salaskóli:
- Dönskukennari

Smáraskóli:
- Umsjónarkennari 7. bekk, frá áram.
- Umsjónark. á unglingast. frá áram.

Snælandsskóli:
- Starfsmaður í Dægradvöl
- Gangavarsla/ræsting

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Leikskólinn Arnarsmári:
- Leikskólakennarar

Leikskólinn Álfaheiði:
- Leikskólak. hlutastarf

Leikskólinn Álfatún:
- Leikskólakennari

Leikskólinn Dalur:
- Starfsm. hlutastaða e.h.

Leikskólinn Fagrabrekka:
- Leikskólakennari
- Matráður - 100%
- Sérkennslustjóri - 50%

Leikskólinn Fífusalir:
- Leikskólakennari
- Deildarstjóri

Leikskólinn Kópahvoll:
- Leikskólakennari

Leikskólinn Kópasteinn:
- Leikskólakennari
- Skilastaða 20 – 30%

Leikskólinn Marbakki:
- Aðstoð í eldhús

Leikskólinn Núpur:
- Leikskólakennarar ýmis starfshlutföll
- Matráður 100%
- Aðstoð í eldhús 75%

Leikskólinn Rjúpnahæð:
- Leikskólakennari
- Leikskólasérkennari/þroskaþjálfi

Leikskólinn Smárahvammur:
- Leikskólakennari

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og *www.job.is*

Snyrtifræðingur

Óskum eftir snyrtifræðingi í hlutastarf. Þarf að hafa reynslu og geta unnið sjálfstætt. Skriflegar umsóknir og fyrirspurnir berist í tölvupósti á *info@fyrirogeftir.is* fyrir 3. október.

Fyrir&Eftir heilsustúdíó
Kópavogi

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Liðsmenn óskast
í öflugt og vaxandi lið!

Ný störf vegna stækkunar Norðuráls

Vegna stækkunar álvers Norðuráls á Grundartanga óskar fyrirtækið að ráða starfsfólk til margvíslegra starfa.
Bæði er um að ræða framtíðarstörf og störf til skemmri tíma. Í flestum tilvikum er gert ráð fyrir að nýir starfsmenn hefji störf í desember n.k. en nokkur störf iðnaðarmanna eru laus nú þegar.

Þau störf sem um er að ræða eru:

- *Framleiðslustörf í ker- og steypuskálum.* Unnið er á tvískiptum 12 tíma vöktum (dag- og næturvaktir).
- *Framleiðslustörf í skautsmiðju.* Unnið á tvískiptum 8,5 tíma vöktum (morgun- og kvöldvaktir).
- *Rafvirkjar.* Annars vegar tvískiptar 12 tíma vaktir (dag- og næturvaktir) og hins vegar dagvinnustörf.
- *Vélvirkjar.* Annars vegar tvískiptar 12 tíma vaktir (dag- og næturvaktir) og hins vegar dagvinnustörf.
- *Bifvélavirkjar.* Um er að ræða dagvinnustörf

Æskilegt er að umsækjendur séu búsettir á Vesturlandi en skipulegar ferðir eru til og frá Akranesi og Borgarnesi.

Hjá Norðuráli eru laun að hluta árangurstengd og fyrirtækið greiðir aukið framlag í séreignasjóð.

Umsóknir berist til Norðuráls fyrir 4. október næstkomandi. Hægt er að sækja um á vef fyrirtækisins www.nordural.is eða með því að senda umsóknir á netfangið umsokn@nordural.is. Þeir sem hafa á síðustu þremur mánuðum sent inn umsóknir til Norðuráls þurfa ekki að endurnýja umsóknir sínar.

Nánari upplýsingar um störfin má finna á heimasíðu Norðuráls www.nordural.is.

Norðurál leggur sérstaka áherslu á eftirfarandi eiginleika starfsmanna sinna: Jákvætt viðhorf, lipurð í samskiptum, frumkvæði, fagmennsku, sveigjanleika og vilja til að axla nýja ábyrgð. Starfsþjálfun og þróun skipa veigamikinn sess innan fyrirtækisins

Áhersla er lögð á jafna möguleika karla og kvenna til starfa.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

Grundartanga • 301 Akranesi • Sími 430 1000 • Fax 430 1001

Reykjavíkurborg
- Einn vinnustaður

Áhugaverð störf í boði

Menntasvið

Sérkennsla í leikskólum

Stöður sérkennara eru lausar til umsóknar í eftirtöldum leikskólum í Reykjavík:

- **Fellaborg**, Völvufelli 9 í síma 557-2660
- **Fífuborg,** Fífurimi 13 í síma 587-4515
- Geislabaugur, Kristnibraut 26 í síma 517-2560
- **Heiðarborg,** Selásbraut 56 í síma 557-7350
- **Seljakot,** Rangárseli 15 í síma 557-2350
- **Sólbakki,** Stakkahlíð 19 í síma 552-2725
- **Ægisborg,** Ægisíðu 104 í síma 551-4810

Upplýsingar veita leikskólastjórar Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði leikskóla kennslu, þroskaþjálfunar, uppeldis- eða sálfræði.
- Reynsla af vinnu með einstaklingum með þroskafrávik æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Skipulagshæfni, áreiðanleiki og ná kvæmni í starfi.

Nánari upplýsingar um þessi störf og önnur störf í leikskólum Reykjavíkur eru einnig veittar í starfsmannaþjónustu Menntasviðs í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Lausar stöður eru birtar á heimasíðunni www.leikskolar.is.

Störf í grunnskólum Reykjavíkur haustið 2005

- **Álftamýrarskóli,** sími 570 8100. Skólaliði í mötuneyti skólans.
- **Fossvogsskóli**, símar 554 3228 og 664 8190. Starfmaður skóla til að sinna börnum í leik og starfi, 75% staða. Vinnutími 08:00-14:30.
- **Hagaskóli,** símar 535 6500 Baðvarsla stúlkna. Skólaliði. Starfsmaður skóla.
- **Háteigsskóli,** símar 530 4300 og 664 8215. Stuðningsfulltrúar, 50-60% stöður. Skólaliðar í tvær 50% stöður.
- **Hlíðaskóli,** sími 552 5080. Skólaliði í íþróttahús skóla. Um er að ræða baðvörslu karla. Ingunnarskóli, sími 585 0400. Kennari í nýbúa kennslu. Skólaliði í baðvörslu.
- **Korpuskóli,** sími 525 0600. Forfallakennsla í hlutastarf. Íþróttakennsla í forfallakennslu frá 20. október til áramóta.
- **Langholtsskóli,** símar 553 3188 og 664 8280. Skólaliðar, 2 stöður. Kjörið fyrir fólk á öllum aldri, tímavinna, hlutastörf, heilar eða hálfar stöður.
- **Melaskóli,** sími 535 7500 Skólaliði.
- **Rimaskóli**, símar 567 og 664 8320 Tónmenntakennsla í 1.-6. bekk. Kennsla í námsveri á unglinga stigi. Skólaliðar, aðstoð við nemendur í matsal og við ræstingar.

- **Seljaskóli,** sími 557 7411. Íslenskukennsla í 9. og 10. bekk. 11 stundir á viku. Íþróttakennsla stúlkna frá áramótum.
- **Víkurskóli,** sími 545 2700. Skólaliðar, til að sinna baðvörslu og ræstingu, hlutastörf eða heilar stöður. Stuðningsfulltrúar.Þroskaþjálfi.

Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.www.grunnskolar.is

Viltu vinna þar sem 90% starfsmanna er ánægt í starfi og telja vinnuandann góðan?

Óskað er eftir leikskólakennurum, fólki með uppeldis- myndlistar-, leiklistar- eða tónlistarmenntun til starfa í eftirtalda leikskóla hjá Reykjavíkurborg:

- **Austurborg,** Háaleitisbraut 70 í síma 588-8545
- **Drafnarborg,** Drafnarstíg 4 í síma 552-3727
- **Dvergasteinn**, Seljaveg 12 í síma 551-6312
- **Funaborg,** Funafold 42 í síma 587-9160
- **Geislabaugur,** Kristinbraut 26 í síma 517-2560
- **Gullborg,** Rekagranda 14 í síma 562-2455
- **Hálsaborg,** Hálsaseli 27, sími 557-8360
- **Heiðarborg,** Selásbraut 557-7350
- **Hlíðarborg**, Eskihlíð 19 í síma 552-0096
- **Klettaborg,** Dyrhömrum 5 í síma 567-5970
- **Kvarnaborg,** Árkvörn 4 í síma 567-3199
- **Laufskálar,** Laufrima 9 í síma 587-1140
- **Laugaborg** v/Leirulæk í síma 553-1325
- **Leikgarður,** Eggertsgötu 12-14 í síma 551-9619
- **Lindarborg,** Lindargötu26 í síma 551-5390
- **Rauðaborg,** Viðarási 9 í síma 567-2185
- **Rofaborg,** Skólabæ 6 í síma 567-2290
- **Sólhlíð,** Engihlíð 8 í síma 551-4870
- **Stakkaborg,** Bólstaðarhlíð 38 í síma 553-9070
- **Vesturborg,** Hagamel 55 í síma 552-2438
- **Ægisborg,** Ægisíðu 104 í síma 552-2438

Ef ekki fást leikskólakennarar til starfa verða ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.

Nánari upplýsingar um þessi störf og önnur störf í leikskólum Reykjavíkurborgar eru einnig veittar í starfsmannaþjónustu Menntasviðs í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á heimasíðunni www.leikskolar.is.

Staða skólastjóra Öskjuhlíðarskóla

Laus er staða skólastjóra við Öskjuhlíðarskóla frá og með 1. janúar 2006. Skólinn, sem er einn af grunnskólum Reykjavíkur, er sérskóli fyrir þroskahefta nemendur í 1.-10. bekk. Tæplega 100 nemendur, sem búsetu eiga í ýmsum sveitarfélögum auk Reykjavíkur, eru í skólanum. Markmið skólastarfsins er að gera nemendur hæfa til þátttöku í samfélaginu á sem flestum sviðum eftir því sem geta þeirra leyfir. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám nemenda þar sem margar fagstéttir vinna saman að skipulagningu námsins.Skólinn sinnir ráðgjöf varðandi sérkennslu til kennara og annarra fagstétta í almennum grunnskólum.

Meginhlutverk skólastjóra er að:

- stýra og bera ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans
- veita skólanum faglega forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi

Leitað er að umsækjanda sem:

- hefur kennaramenntun, en framhaldsmenntun á sviði sérkennslu og stjórnunar er æskileg
- hefur stjórnunarhæfileika og reynslu af stjórnun
- hefur reynslu af kennslu og vinnu með börnum og unglingum
- er lipur í mannlegum samskiptum

Reykjavíkurborg leggur áherslu á þróun skóla í átt til einstaklingsmiðaðs náms, samvinnu nemenda, sterka sjálfsmynd þeirra og skóla án aðgreiningar. Auk þess er lögð áhersla á að styrkja tengsl skóla við grenndarsamfélagið og sjálfstæði skóla.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf og gögn er varða frumkvæði á sviði skólamála, greinargerð um hugmyndir umsækjenda um framkvæmd skólastarfsins, auk annarra gagna er málið varðar. Umsóknarfrestur er til 24.október 2005. Umsóknir sendist Menntasviði Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík. Upplýsingar gefa Anna Kristín Sigurðardóttir, anna.kristin.sigurdardottir@reykjavik.is og Auður Jónsdóttir, audur.jonsd@reykjavik.is og í síma 411 7000.

Laun eru skv. kjarasamningi LN og KÍ.

Menntasvið annast starfsemi og rekstur grunnskóla og leikskóla. Í því felst þróun grunnskóla- og leikskólastarfs, undirbúningur stefnumörkunar, mat og eftirlit með skólastarfi og upplýsingamiðlun fyrir menntaráð og starfshópa á vegum ráðsins.

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur

LAUS STÖRF Í LAUGUNUM Í REYKJAVÍK

ÍTR óskar eftir starfsfólki í Laugarnar í Reykjavík. Laugarnar eru tilvalinn starfsvettvangur fyrir fólk sem vill vinna í fjörugu og skemmtilegu umhverfi og hefur ánægju af því að umgangast og þjónusta viðskiptavini. Laugarnar í Reykjavík eru alls sjö og tóku á móti tæplega 1,9 milljón gesta á síðasta ári.

Um er að ræða 100% störf í vaktavinnu. Möguleiki á framtíðarstarfi.

ÁRBÆJARLAUG
Starfsfólk vantar á kvenna- og karlaböð.
Nánari upplýsingar veitir Jens A. Jónsson í síma 411-5200
netfang: jens.a.jonsson@reykjavik.is

LAUGARDALSLAUG
Starfsfólk vantar á kvenna- og karlaböð, í afgreiðslu og í laugarvörslu.
Nánari upplýsingar veitir Logi Sigurfinnsson forstöðumaður í síma 510-4500
netfang: logi.sigurfinnsson@reykjavik.is

VESTURBÆJARLAUG
Starfsfólk vantar á kvennaböð og í laugarvörslu.
Nánari upplýsingar veitir Guðrún Arna Gylfadóttir forstöðumaður í síma 551-5004. netfang:gudrun.arna.gylfadottir@reykjavik.is

Umsækjendur verða að eiga gott með að umgangast fólk, hafa góða þjónustulund og vera stundvísir. Umsækjendur þurfa að standast hæfnispróf sbr. öryggisreglugerð fyrir sundstaði.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu ÍTR Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík eða til viðkomandi forstöðumanna. Einnig er hægt að sækja um störfin á heimasíðu ÍTR, www.itr.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Starfsmenn ÍTR vinna á sviði íþrótta- og tómstunda og eru lykillinn að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini sína. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun fyrir sitt starfsfólk, jafnrétti og starfsmannastefnu. Allir starfsmenn taka þátt í fræðslustarfi ÍTR og eru upplýstir um jafnréttisáætlun og starfsmannastefnu fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Leikskólakennarar

Lausar eru til umsóknar stöður: deildarstjóra, leikskólakennara, og annarra starfsmanna við nýjan leikskóla, Hvarf, í Kópavogi. Einnig er laus til umsóknar staða matráðar og aðstoðarmanns í eldhúsi.

Leikskólinn er sex deilda og tekur til starfa 1. nóvember n.k. Hann er staðsettur við Álfkonuhvarf í Vatnsendahverfum í Kópavogi og er rekinn af ÓB ráðgjöf.

Í öllu starfi leikskólans verður haft að leiðarljósi að sinna þörfum og tilfinningum barnanna, með áherslu á að rækta með þeim hæfileikann að tjá sig tilfinningalega með aldur og þroskastig barnanna að leiðarljósi. Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi.

(Hugmyndafræðingar: Dr. Jean Illsley Clarke, Urie Bronfenbrenner, Berit Bae og Piaget).

Grunntónninn í starfsmannastefnu leikskólans verður hlýja og faglegur stuðningur. Rík áhersla verður lögð á að gefa starfsfólkinu tækifæri á að vaxa faglega og persónulega. Það er gert með endurmenntun og faglegri handleiðslu fyrir starfsfólk og skipulögðu félagslífi.

Þeir sem hafa áhuga á að sækja um starf vinsamlegast hafið samband við Sólveigu Einarsdóttir leikskólastjóra í síma 861-8055 eða með því að senda tölvupóst í ***obradgjof@obradgjof.is***

Steypustöðin óskar eftir að ráða í eftirtalin störf.

Starf verksmiðjustjóra í einingarverksmiðju

Starfið felst í skipurlagningu einingarframleiðslu í Hafnarfirði, vinnslu á einingum og þróunarvinnu. Umsækjandi þarf að vera skipulagður, áhugasamur, frumlegur og skapandi. Reynsla eða menntun í smíði, múrverki eða sambærilegu nauðsynleg. Vinnutími er frá kl. 8-18 virka daga.

Starf á lager

Starfið felst í almennum lagerstörfum við hellur, steina og forsteyptar einingar á lager okkar í Hafnarfirði. Umsækjandi þarf að hafa lyftarapróf. Kostur ef umsækjandi er með meirapróf. Vinnutími er frá kl. 8-18 virka daga.

Starf í framleiðslu

Starfið felst í afgreiðslu járnapantana, vinna við tölvustýrða beygjuvél á framleiðslu úr kambstáli, vinna við suðu á kambstáli og umsjón með járnalager.
Vinnutími er frá kl. 8-18 virka daga.

Starf í móttöku

Starf móttökufulltrúa felst aðallega í móttöku viðskiptavina og símvörslu. Auk þess umsjón með inn- og útsendum pósti, umsjón með kaffistofu og aðstoð við útsendingu reikninga. Vinnutími er frá kl. 9-18 virka daga.

Umsóknir ásamt ferillýsingu sendist fyrir föstudaginn 30.september 2005 á skrifstofu á Malarhöfða 10, Reykjavík eða í tölvupósti á netfangið : umsokn@steypustodin.is. Fyrirspurnum svarar Hrafnhildur í síma 540-6800.

Rauði kross Íslands
Reykjavíkurdeild

Sjálfboðaliða vantar í Konukot

Konukot er athvarf fyrir heimilislausar konur sem er opið frá kl.19:00 – 10:00 alla daga ársins.

Gert er ráð fyrir að sjálfboðaliðar starfi frá kl.19:00 – 23:00.
Sjálfboðaliðar verða að vera orðnir 25 ára.
Verkefnið felur í sér að taka á móti gestum **Konukots**, reiða fram léttan málsverð og aðstoða eins og þarf.

Með sjálfboðastarfi gefst tækifæri til að láta gott af sér leiða, vera í góðum félagsskap og bæta við reynslu og þekkingu. Nánari upplýsingar í síma 545 0404 /545 0400
Netfang: brynhildurb@redcross.is
Heimasíða: redcross.is/reykjavik

VILT ÞÚ HAFA JÁKVÆÐ ÁHRIF Á LÍFSGÆÐI ANNARRA?

InPro

InPro er þjónustufyrirtæki sem veitir fyrirtækjum heildstæða þjónustu tengda rekstrar-, vinnuöryggis-, heilbrigðis-, gæða-, og umhverfismálum. InPro og dótturfélög eru í dag með starfsemi í þremur löndum.

Starfsemi InPro byggir kerfisbundinni stjórnun og áhættustýringu. Til þess að ná heildstæðri lausn fyrir viðskiptavini sína leggur InPro áherslu á þrjá hornsteina í starfsemi allra fyrirtækja. Þeir eru:

FÓLK Öryggi starfsmanna, vinnuumhverfi og heilsuvernd er þjónusta sem miðar að því að allir snúi ávallt heilir heim frá vinnu

UMHVERFI Umhverfisvernd og umhverfisstjórnun er þjónusta sem miðar að því að nýta og umgangast auðlindir af virðingu

REKSTUR Rekstraröryggi er þjónusta sem miðar að því að skapa stöðugleika í rekstri viðskiptavina

Til marks um árangur af þjónustu InPro hefur hún nú þegar stuðlað að aukinni framleiðni, lægri kostnaði, fækkun vinnuslysa (>50% hjá flestum) og fækkun umhverfisóhappa (u.þ.b. 70%).

InPro axlar samfélagslega ábyrgð í verki með því að skapa betri þekkingu á þeim þáttum sem hafa áhrif á lífsgæði okkar allra. Líknarfélög, góðgerðarsamtök og hjálparstofnanir geta óskað eftir að fá að njóta starfskrafta InPro án endurgjalds.

Senda skal starfsferilskrá á Svövu Jónsdóttur:
svava.jonsdottir@inpro.is
Nánari upplýsingar í síma 898-9832

www.inpro.is

Slökkviliðsmenn, bráðatæknar, sjúkraflutningamenn, og hjúkrunarfræðingar

Óskað er eftir að ráða slökkviliðsmenn, bráðatækna, sjúkraflutningamenn og hjúkrunarfræðinga til að sinna forvarnarstarfi, þjálfun, og neyðarviðbrögðum.

Viðkomandi þurfa að hafa reynslu og/eða menntun á þessum sviðum og munu hljóta viðeigandi þjálfun til að takast á við fjölbreytileg og gefandi störf.

Sviðsstjóri rekstrarsviðs

Óskað er eftir að ráða sviðsstjóra rekstrarsviðs til að bera ábyrgð á verkefnum á rekstrarsviði og sinna áframhaldandi uppbyggingu sviðsins.

Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu og/eða reynslu af áhættustjórnun og/eða kerfisbundinni stjórnun.

Sviðsstjóri rekstrarsviðs á sæti í framkvæmdastjórn InPro.

Rekstrarstjóri á Norðurlandi

Óskað er eftir að ráða útsjónarsaman aðila til að sjá um rekstur fyrirtækisins á Norðurlandi.

Áhersla er lögð á að viðkomandi hafi menntun, reynslu og áhuga á málefnum er varða rekstraröryggi, vinnuöryggi eða umhverfismál.

InPro - Fagrahjalla 36, 200 Kópavogi, 555-7600

Stöðvarstjóri

Olíufélagið ehf. leitar að einstaklingi til að stýra einni af þjónustustöðvum félagsins á höfuðborgarsvæðinu. Leitað er að metnaðarfullum og hörkuduglegum aðila til að leiða stöðina.

Um er að ræða krefjandi starf í skemmtilegum starfsmannahópi og góð laun. Notuð eru nýjustu verkfæri og aðferðir á sviði vöru- og verslunarstjórnunar.

Umsækjendur skulu hafa haldgóða menntun og /eða reynslu, stjórnunarreynslu og vera liprir í mannlegum samskiptum. Reynsla af verslunarstörfum er kostur en ekki skilyrði.

Ef þú telur þig uppfylla ofangreind atriði og ert metnaðarfullur einstaklingur, sem hefur áhuga á að starfa hjá framsæknu fyrirtæki, þá er þetta rétta starfið fyrir þig.

Vakin er athygli á því að starfið hentar jafnt konum sem körlum og eru konur í meirihluta stöðvarstjóra hjá Olíufélaginu hf.

Upplýsingar veita Kolbeinn Finnsson og Ingi Þór Hermannsson alla virka daga í síma 560-3300. Umsóknum þar sem fram kemur aldur, menntun og fyrri störf, skal skila fyrir 3. október nk., merkt:

Olíufélagið ehf.
Bt. Kolbeins Finnssonar
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík

Olíufélagið ehf. er kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk þess er að sjá fólki og fyrirtækjum fyrir orku, rekstrarvörum og þægindum með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi. ESSO skólinn veitir starfsmönnum nauðsynlega starfsþjálfun en mikil áhersla er lögð á endurmenntun til að auka samkeppnishæfni fyrirtækisins. Starfsmannafélag ESSO er kröftugt og lifandi. Nánari upplýsingar um esso á www.esso.is.

ESSO

ATOM / NULLEINN

Við hjá Atóm/Núlleinum erum að leita að liðsmönnum í öflugt lið sérfræðinga. Megináherslur fyrirtækisins eru þróun Disils vefstjórnarkerfisins í .net, þjónusta, sérforritun, vef- og hugbúnaðarráðgjöf auk hönnunar og vinnslu margmiðlunar- og markaðsefnis fyrir fjölmörg fyrirtæki. Fyrirtækið leggur metnað sinn í góða þjónustu við viðskiptavini og vinnur náið með þeim.

Okkur vantar vefforritara og .net snilling með ríka þjónustulund.

Verksvið
Smíði sérlausna
Uppsetning vefsvæða
Greining og ráðgjöf
Þróun á Disil og kerfiseiningum

Hæfniskröfur
.net og góð þekking á Microsoft-kerfum
Þekking á gagnagrunnum
Öguð og vönduð vinnubrögð
Rík þjónustulund
Tveggja ára starfsreynsla eða háskólagráða á sviði tölvunarfræði

Okkur vantar líka frábæran html-ara og vefara með ríka þjónustulund.

Verksvið
Hönnun og endurgerð vefsíðna
Hönnun vefauglýsinga
Ráðgjöf
Viðmótshönnun

Hæfniskröfur
Vönduð vinnubrögð
Reynsla í vefhönnun
Rík þjónustulund
Góð þekking á css og aðgengisvænu og töflulausu html'i

Söluráðgjafi

Leitum að öflugum sölumanni til að selja lausnir okkar og veita viðskiptavinum ráðgjöf. Hér leitum við að aðila sem hefur frumkvæði, er dugmikill og fylginn sér. Menntun eða reynsla í viðskiptum æskileg. Rík þjónustulund og góðar hugmyndir kostur.

Umsóknir með ferilskrá óskast sendar fyrir **30. september** með tölvupósti á job@atom01.is eða á vef okkar á slóðinni **http://www.atom01.is**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Leikskólinn Hæðarból
auglýsir eftir starfsfólki

- Aðstoðarmanni í eldhús
- Leikskólakennara eða starfsmanni með sambærilega menntun eða reynslu

Laun skv. samningum Launanefndar sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Upplýsingar gefur Ingibjörg Gunnarsdóttir leikskólastjóri í síma **565 7670** og **692 9402**.

Hægt er að sækja um starfið á vef Garðabæjar **www.gardabaer.is**.

Karlmenn jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf á leikskólum bæjarins.

Leikskólafulltrúi
Fræðslu- og menningarsvið

IKEA

Ertu efni í IKEA starfsmann?

Við leitum að starfsfólki í fullt starf í verslun okkar, virka daga sem og um helgar. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, stundvís og þjónustulipur. Við bjóðum sveigjanlegan vinnutíma og fjölbreytt vinnuumhverfi.

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Garðabær auglýsir eftir starfsfólki til starfa við Íþróttamiðstöðina Mýrina við Skólabraut.

Um er að ræða 2 stöður kvenna og eina stöðu karls við almenn störf í íþróttamiðstöðinni.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Kristján Hilmarsson í síma 517-6600 eða
kristjanh@gardabaer.is

Pólýhúðun
Powder coating

Starfsmaður óskast
– Framtíðarstarf

Pólýhúðun ehf óskar eftir starfsmanni til iðnaðarstarfa. Starfið felst í uppsetningu og frágangi verkefna fyrir og eftir húðun. Góð laun og mikil vinna í tölvuvæddu fyrirtæki.

Upplýsingar í síma 544 5700 eða á staðnum

Pólýhúðun ehf • Smiðjuvegi 1 • 200 Kópavogi

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REIKNISTOFNUN

WINDOWS-SÉRFRÆÐINGUR
Reiknistofnun Háskóla Íslands óskar eftir starfsmanni í notendaþjónustu.

Starfið
Starfið felst í Windows kerfisstjórn og þjónustu við notendur tölvukerfa Háskóla Íslands. Í boði er áhugavert og krefjandi starf þar sem sjálfstæði og skipulagshæfileikar fá að njóta sín. Reiknistofnun er vel staðsett þjónustustofnun í mjög fjölbreyttu rekstrarumhverfi. Hugbúnaðarumhverfi eru Unix, Linux, Windows og MacOSX. Áhersla er lögð á hátækni og símenntun í starfi. Reiknistofnun er í miklu samstarfi við hliðstæðar stofnanir á Norðurlöndum.

Hæfniskröfur
Leitað er að áhugasömum tölvunar- eða kerfisfræðingi með Microsoft MCP menntun og reynslu í Windows kerfisstjórn, rekstri og viðhaldi tölvukerfa. Lögð er áhersla á hæfileika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð og hópvinnu. Góð íslenskukunnátta er áskilin.

Umsóknarfrestur er til 10. október n.k.

Skriflegum umsóknum með náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum skal skila til starfsmannasviðs Háskóla Íslands, Aðalbyggingu við Suðurgötu, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Albert Jakobsson, deilarstjóri netfang (aj@hi.is).

Sjá nánar á www.hi.is/page/storf og www.starfatorg.is

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.
Háskóli Íslands v/Suðurgötu, 101 Reykjavík, s. 525 4000



Þrjár spennandi stöður
á sviði sölu og ráðgjafar

Vegna aukinna umsvifa leitar SPRON að dugmiklu fólki með söluhæfileika, frumkvæði og reynslu í eftirfarandi störf:

Verkefnastjóri söluverkefna
Leitað er að kraftmiklum og drífandi einstaklingi til að skipuleggja, útfæra og fylgja eftir söluverkefnum innan SPRON.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði markaðsfræða eða sambærileg menntun
- Reynsla af sölustörfum
- Reynsla af stjórnun hópa er mjög æskileg

Sölufulltrúi í útibú SPRON í Ármúla
Starfið felst í áframhaldandi uppbyggingu sölustarfsemi í útibúinu í samvinnu við útibússtjóra og kynningu á þjónustuleiðum SPRON til vænlegra viðskiptavina. Ennfremur öflun nýrra viðskiptavina, með áherslu á fyrirtækjaviðskipti.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af sölu- og ráðgjafarstörfum nauðsynleg

Tryggginga- og lífeyrisráðgjafi
Starfið felst í sölu og ráðgjöf varðandi persónu- og skaðatryggingar sem í boði eru hjá SPRON, ásamt ráðgjöf og sölu á viðbótarlífeyrisleiðum fyrirtækisins.

Menntunar- og hæfniskröfur
- Reynsla af sölu og ráðgjafastörfum

Öll störfin krefjast frumkvæðis, sjálfstæðs í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.

Nánari upplýsingar veitir Þórný Pétursdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra SPRON og starfsmannaþjónusta SPRON í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON á netfangið starfsmannathjonusta@spron.is. fyrir 3. október 2005. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

spron

Himinn og haf / SÍA

IGS GROUND SERVICES

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf., IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. Félagið er eitt af dótturfélögum FL Group. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli:

Sölu- og markaðsstjóri

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Spádómar

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 Bylgjan 98,9 FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 visir

Grænmetispíta.
Pítan Skipholti.

Hafnarfjörður, Hafnarfjörður.
Hamborgarabúlla-Tómasar.

Hljómtæki.
www.portus.is

Kápur fyrir veturinn.
Debenhams.

Góður matur, góð stemning.
Grillhúsið Tryggvagötu.

Kalkúnapíta.
Pítan, Skipholti.

Takið eftir.
Nú á allt að seljast.
Við veitum 50% afslátt af útsöluverðum
á skjólgirðingum, blóma-kössum, pallaeiningum og garðskrauti.
Haustmarkaður Húsasmiðjunnar, Skútuvogi 8.

Opið til sex um helgar.
Ikea.

Afmælistilboð á Chevrolet, opið í dag.
Bílabúð Benna.

Skór, töskur, skór.
Debenhams.

Haustmarkaði Húsasmiðjunnar lýkur kl. 17 í dag.
Húsasmiðjan.

Yfirhafnir í miklu úrvali.
Debenhams.

Buffpíta.
Pítan Skipholti.

Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

ÞINN MARKHÓPUR?
70% hlustenda samkeyrðra auglýsinga Bylgjunnar, Létt 96,7 og Talstöðvarinnar eru 50 ára og yngri.
Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Englaljós til þín.
Ertu óhamingjusöm/samur? Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára & Laufey e. kl. 18.00 til kl. 01.00.

Iðnaður

Parket til sölu! Hickory 19 mm, niðurlímt, fullslípað. Með lakki eða olíu. Verð 9.000 á fm m/vsk. S. 847 1481.

Rafvirkjun

Trésmíði

Getum bætt við okkur sólpöllum, skjólveggjum og allri almennri gipsvinnu. Erum byrjaðir að taka niður pantanir fyrir næsta sumar. Uppl. í s. 867 0791 & 865 1863.

HEILSA

Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Þjónusta

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Tréskurður. Námskeið, leiðsögn, Hólshrauni 5 Hf. Skurðstofa Sigurjóns s. 899 5716.

Hattanámskeið!
Nokkur pláss laus á hattanámskeið í október. Kenndar eru helstu gerðir hatta og skreytinga á 4ra kvöldanámskeiði. Mán. og mið.kv. eða þrið. og fimm.kv. Uppl. í s. 899 2208.

Postulínsmálun
Ódýr námskeið, brennsla innifalin. Fáir nemendur. Kenni meðal annars amerísku aðferðina sem er lifandi og skemmtileg. Er með hárauðan jólalit. Uppl. 565 7279 & 699 7279.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Til sölu vel með farinn 3ja sæta Lazyboy sófi. Tilboð 45 þús. Uppl. í s. 867 9862 & 697 7967.

Húsgögn.

Til sölu borðstofusett (borð og 6 stólar úr kirsuberjaviði) á frábæru verði, einnig konfaksbrúnt leðursófasett til sölu. Uppl.í síma 699-6215.

Baðherbergisinnrétting, hvítt viðarmarmaraborð 120x60 með vaski og blöndunargræjum + skápur. Verð 14 þús. S. 862 3643.

Heimilistæki

Nýr ísskápur 85cm hæð verð 15 þús. og 17t tölvuskjár verð 5 þús. í ágætu standi. Sími 661 0814.

Gram ísskápur

Til sölu 3ja ára ísskápur, tvísskiptur með frysti. H. 1.75, b. 60 og d. 60. Uppl. í s. 431 1881 & 690 7644.

Dýrahald

NUTRO - 30 % afsláttur!

Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Hreinræktaðir íslenskir hvolpar

Tvær tíkur og tveir hundar. Með ættbók frá HRFÍ. Alsystkin hafa unnið til verðlauna bæði innanlands og á alþjóðlegum mótum. Uppl. í s. 482 1061 & 899 5436.

Sérlega fallegur hreinræktaður íslenskur hundur til sölu á aðeins 80 þús. Uppl. í s. 820 0524.

Íslenskur hvolpur tilbúin að fara að heiman. Uppl. í síma 662 5106. Verð 40.000.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Til leigu frábært herbergi á frábærum stað með aðgang að öllum þægindum. Er við Mennstaskólann við Sund. Uppl. í s. 517 3727 e.kl.18.

Íbúðir á spáni.

Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonsson.ws

Þingholtin

4ra herb. góð íbúð á hæð í góðu steinhúsi rétt við miðb. 2 stofur og 2 svefnh. Leigist strax rólegu og reglus. fólki í 1 ár. Uppl. sendist til Fréttablaðsins merkt " róleg og reglusöm" fyrir fimmtud. 27.09.

3-herb 90m2 á jarðh í 4-íbúða húsi 105. Leigist á 90,000 frá 1/11 '05. S. 848 1986.

Herbergi til leigu

Herbergi til leigu í Sporthúsinu, hentugt fyrir nuddara eða þess háttar. Uppl. í s: 822 9606.

Falleg og björt þriggja herbergja kjallaraíbúð til leigu á rólegum stað. 5 mín. gangur í Háskólann. Leiga 90 þús. á mán. Áhugasamir sendið tölvupóst á bjartur@visindi.is

2 herb. íbúð til leigu á 2. hæð í 101 Rvík. á rólegum stað. 68 þús. með hita og húsgj., 3 mán. fyrirfram eða trygging. S. 557 1372 milli kl. 13-18.

Húsnæði óskast

Grafarholt/Grafarvogur. Óska eftir 4ra herb. íbúð. Greiðslugeta um 100 þús. Reyklaus og reglusöm. S. 896 8186.

Stúdíó íbúð til 3ja herb. íbúð óskast, helst í 101 eða 107. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 849 9440.

Óskum eftir ca 50 fm íbúð til leigu fyrir fullorðinn karlmann á svæði 112. Uppl. í síma 892 1435.

3 frændsystkin bráðvantar 4ra herb. íbúð, helst nálægt Iðnskólanum. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 862 2809.

45 ára karlmaður óska eftir 2-3ja herb. íbúð, má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 845 6578.

Reglusöm og róleg systkini óska eftir 3 herb. íbúð í Hfj. María s. 844 6274.

Við getum greitt 3 mán. fyrirfr. Ungt par (annað í námi) óskar efir 2-3 herb. íbúð í Kóp. Meðmæli. Uppl. í s. 660 7799, Bjarni.

Sumarbústaðir

Sumarbústaðalóðir. 2 samliggj. sumarbústaðalóðir í landi Miðengis í Grímsnesi til sölu. Samt. 1,45 ha. Frábær staðsetning nóg pláss. Eignarlóðir. Verð 2,8 millj. Uppl. síma 898 4459.

Fristundarhús/sumarbústaðir. Ósamansettir norskir sumarbústaðir til sölu. Byggingarefnispakkar með öllu utan og innan fylgir, margar stærðir. Uppl. í s. 487 1371 & 893 2990.

Til sölu við Laugarvatn 4,8 m. Hobby hjólhýsi m.nýju fortjaldi, nýr sólpallur ca 40 fm og nýtt bjálkahús 5,4 fm. Gróið land, vatn og rafmagn. Uppl. í s. 567 3711 & 894 2133.

Atvinnuhúsnæði

Atvinnuhúsnæði til leigu.

Við Fákafen: Mjög gott 100 fm skrifstofu/þjónustuhúsn á 2. hæð, sér inngangur og bílastæði við inngang. Við sund: 45 fm. Vinnustofa á 2. hæð og 14 og 9 fm. geymslur í kjallara. Sími 894 1022 og 553 9820

Fyrirtæki óskar eftir snyrtilegu skrifstofuhúsnæði, helst miðsvæðis í Reykjavík. Má vera með sameiginlegri aðstöðu. Uppl. í síma 894 6071 Óskar voot@voot.is

Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Er með geymsluhúsnæði fyrir tjaldvagna og fellihýsi. Gígjuvöllum 7, 230 Garður. S. 898 6902, Helgi.

Fyrir veiðimenn

www.sportvorugerdin.is

Hestamennska

Gustarar!

Munið félagsfundinn í dag kl. 18. Boðið verður upp á samlokur og kaffi. Stjórnin.

Reiðskóli Reykjavíkur haustnámskeið að byrja 3 og 4 okt. Uppl. í síma 692 0889.

Er hryssan fylfull? Prófaðu með Pregnamare Fylprófinu frá Ísteka. Fæst m.a. í Hestar og menn & MR-búðinni. Dreifing. Parlogis hf.

Ýmislegt

ATVINNA

Atvinna í boði

Vantar þig gott starf.

IntJob útvegar erlent starfsfólk samkvæmt þínum óskum. Sjáum um allar skráningar til yfirvalda og ferðatillögum. Leggjum áherslu á fagmensku. Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing IntJob sími 517 4530 e mail intjob@intjob.is.

Lagerstörf og vörumerking

Hýsing -vöruhótel leitar að eljusömu og kraftmiklu starfsfólki í lagerstörf og vörumerkingu. Hýsing er þjónustufyrirtæki fyrir sérvöru sem veitir örugga og fljóta þjónustu til viðskiptavina sinna. Vinnutími er frá 8-17. Með nýlegu bónuskerfi geta starfsmenn náð allt að 20% launahækkun á mánuði. Nánari upplýsingar veitir Júlíus Steinn Kristjánsson á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í s. 530 5697.

Warehouse and price-labelling

Warehouse and price-labelling Hysing - warehouse seeks hard-working employees in price-labeling and handling. Hysing handles clothes, toys, shoes and kitchen utensils, and services its clients in fast and accurate ways by delivering fully processed goods in the right quantity and on time. Working hours are from 8-17 With a relatively new bonus system, employees can increase their salary by up to 20% pr. month. Further information is given by Julius Kristjansson, personnel manager, at Skutuvogur 9 Reykjavik or tel. 530 5697.

Viltu koma í Pizza Hut liðið?

Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhús. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á loa@pizzahut.is

Vaktstjóri á Pizza Hut

Pizza Hut leitar að vaktstjóra á Sprengisandi. Starið felst í þjónustu, stjórnun vakta , mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, mikil þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is sem fyrst eða á Sprengisand. Nánari upplýsingar veitir Þórey Björk veitingastjóri í síma 822 3642.

Atvinna í boði

Miðaldra kona óskast í skemmtilega sérverslun. 50-70% vinna. Reyklaus og áreiðanleg.

Upplýsingar í síma 864 1202 á kvöldin.

Vantar þig góða vinnu?

Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu? Geturðu unnið fullt starf í vaktavinnu? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir!
Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.

Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.

Ýmis störf í boði

í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki?
Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir!

Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.

Kaffihús, Bakarí

Bakarameistarinn, Húsgagnahöllinni, Smáratorgi, Suðurveri og Mjódd óskar eftir afgreiðslufólki. Vinnutími 10-19 og 13-19.

Uppl. í s. 897 5470 einnig umsókareyðublöð www.bakarameistarinn.is

Veitingahúsið Lækjarbrekka

Veitingahúsið Lækjarbrekka getur bætt við sig starfsfólki í sal, kvöld og helgar vinna.

Uppl. á staðnum milli kl. 14-17 alla daga eða í síma 551 4430.

Ræsting Smárahverfi Kóp.

Vantar fólk í ræstingu virka daga, fyrir hád. kl. 07.00.

Uppl í s. 533 6020, raestir@raestir.is

Ræsting Hafnarfjörður

Vantar fólk í ræstingu virka daga kl. 16

Uppl. í s. 533 6020, raestir@raestir.is

Ræsting Smárahverfi Kóp

Vantar fólk í ræstingu virka daga, fyrir hád kl. 10

Uppl í s. 533 6020, raestir@raestir.is

Hvar ert þú að vinna í haust ?

Okkur vantar gott fólk í störf með skóla/vinnu. Ef þú ert dugleg/duglegur og hefur áhuga á mjög góðum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá sem við erum að leita að.

Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á hordur@ipf.is

Hellulagningaraðilar og verkamenn

Vana aðila vantar í hellulagnir einig verkamenn.

Uppl. í síma 822 2661.

Devitos pizza

Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir og kvöldvaktir.

Uppl. í s. 692 4327.

Bakaríið Austuver

Starfsmaður óskast í pökkun. Vinnutími 17-12

S. 860 7222

Bakaríið Austuver

Bakari óskast.

S. 860 7222

Cafe Victor auglýsir

Vantar fólk í sal í vaktavinnu eða á dagvaktir.

Upplýsingar veitir Baldur í síma 692 0735 eða sendið uppl. á info@cafevictor.is

Réttingarmann

Viljum ráða vanann réttingarmann og málara, þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar gefur Guðmundur s. 896 4214 & 564 2141.

Furðufiskar ehf

sem reka meðal annars Kokkana veislubjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni. Leitar eftir manneskju í Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð

Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17.
Furðufiskar ehf
Fiskislóð 81a
101 Reykjavík

Framtíð í múrverki

Óska eftir að taka nema á samning. Tæknivætt fyrirtæki og góður starfsandi.

Nánari upplýsingar 899 2346. Múrdeildin ehf

Verslun með kristal og aðrar gjafavörur óskar eftir starfskrafti í hlutastarf. Upplýsingar veitir Björg í s. 692 1715.

Bæjardekk Mosfellsbæ

Óskar eftir hressu og öflugu starfsfólki. Upplýsingar hjá Davíð í síma 566 8188 eða á staðnum.

Eróstísk nuddstofa. Vantar nuddara, myndarlegar og hressar manneskjur á aldrinum 20-30 ára óskast. Uppl. í s. 616 6469 (100 % trúnaður).

Atvinna Atvinna

Vantar afgreiðslu og kassafólk. Mikil vinna framundan. Rúmfatalagerinn Smáratorgi 1. Sími 820 8004 Viðar.

Atvinna Atvinna

Vantar afgreiðslu og kassafólk. Mikil vinna framundan. Rúmfatalagerinn Glerártorgi 1. Sími 820 8002 Birgir.

Atvinna Atvinna

Vantar afgreiðslu og kassafólk. Mikil vinna framundan. Rúmfatalagerinn Smáratorgi 1. Sími 820 8001 Njáll.

Atvinna Atvinna

Vantar afgreiðslu og kassafólk. Mikil vinna framundan. Rúmfatalagerinn Smáratorgi 1. Sími 820 8003 Eyþór.

Sólbaðsstofa

Starfsfólk óskast í vinnu öll virk kvöld. Einnig óskast starfsfólk í hlutastarf um kvöld og helgar. Umsóknareyðublöð í Lindarsól, Bæjarlind 14-16.

A. Hansen vill ráða aðstoðarfólk í eldhús kvöld og helgarvinna. Upplýsingar í síma 565 1130.

Starfsfólk í mötuneyti! Veitingaþjónustan Krydd & Kavíar óskar eftir starfsfólki í mötuneyti. Annars vegar frá kl. 7 - 15 og hins vegar 10 - 14. Viðkomandi þarf að hafa áhuga á matargerð, glaðlega framkomu og ríka þjónustulund. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Einnig óskað eftir fólki í íhlaupavinnu milli 10 og 14. Uppl. í síma 824 7731 eða 565 9933 á mánud. 26. sept. frá 13 og 19 hjá Garðari.

Vélavörð vantar á bát sem stundar grálúðuveiðar í net. Upplýsingar í síma 824 0799.

Óskum eftir verkamönnum í smíðavinnu. Góð laun í boði og mikil vinna framunda. Uppl. í síma 896 1305 & 894 6115.

Óskum eftir verkamönnum í vinnu strax, bílpróf æskilegt. Góð laun í boði. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 897 4583.

Rútubílstjóri

Vantar rútubílstjóra til starfa sem fyrst. Uppl í s. 566 7420 & 892 3102.

Óskum eftir að ráða aðstoðarmenn í byggingarvinnu í Hfj. Uppl s. 899 0909 eða 893 5114

Járnamenn!

Óska eftir tveimur samhentum járnamönnum í vetur. Uppl. í s. 895 7263.

Yfirvélstjóra og vélavörð vantar á MB Mörtu Ágústdóttur frá Grindavík sem er að hefja netaveiðar. Uppl. í s. 894 2013.

Ert þú dugleg/ur!?

Við leitum að jákvæðum og þjónustulunduðum starfsmönnum sem vilja vinna með skemmtilegum hóp af fólki. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf í veitingasal og eldhúsi. Lágmarksaldur er 18 ár. Umsóknir á staðnum og á www.kringlukrain.is

Sjómenn athugið !!

2. Vélstjóri óskast á snurvoðabát sem gerir út frá Þorlákshöfn. Nánari upplýsingar gefa Brynjar í síma 855 5758 eða Hjörleifur í síma 893 2017.

Kokkur!

Traust útgerðarfélag óskar eftir kokki frá 25.9-29.9. Uppl. í síma 898 4855.

Atvinna óskast

Vantar þig starfsfólk? IntJob útvegar erlend starfsfólk

Sjáum um allar skráningar til yfirvalda og ferðatilhögum. Leggjum áherslu á fagmennsku.

IntJob sími 517 4530 intjob@intjob.is

M.A. Hagfræðingur frá þýskum háskóla m.atv.leyfi óskar eftir framtíðarstarfi. Reynsla 2 ár sölu- og markaðsstjóri. 75% íslenska, franska móðurmál, þýska, enska. balema-alou@gmx.de

Au-pair

2 20 ára þýskum stelpum vantar vinnu sem au-pair frá jan-júní í R.vík. Ina & Ria. weiseina@web.de.

Kona óskar eftir vinnu. Margt kemur til greina, einnig heimilishjálp. Uppl. í s. 866 0328.

TILKYNNINGAR

Einkamál

Nú færðu loksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, frábær danskur húmor og erótík.undirtextar á norðurlandamálunum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensásvídeó.is Grensásveg 24 pantanasími 568 6635 opið alla daga 15.00 - 23.00

Viltu kynnast fólki?

Fólk með sömu þarfir og þú er akkurat núna að að spjalla saman á einkamal.is. Einfalt og skemmtilegt að kynnast góðu fólki. Einkamal.is

TILBOÐ / ÚTBOÐ

ÞJÓNUSTA

FRÖKEN FREYJA LEYSIR VANDANN >

Hæ, hæ Fröken Freyja. Ég er sextán ára gömul stelpa úr Reykjavík og er nýbyrjuð með strák. Þetta er fyrsti kærastinn minn og ég er einhvern veginn hálf stressuð yfir þessu öllu saman. Ég veit að ég þarf ekkert að vera að hafa áhyggjur af neinu en málið er, að hann er alltaf að biðja mig um að kyssa sig og eitthvað. Ég er alls ekki tilbúin strax. Ég er ennþá svo feimin, við erum nýbyrjuð saman og það er eins og þetta sé það eina sem hann hugsar um. Ég vil fá að kynnast honum fyrst. Mér líður eins og ef ég geri ekki það sem hann er að biðja mig um strax að hann eigi bara eftir að hætta með mér.
V.L.G. Reykjavík

Elskan mín góða. Ef hann hættir með þér þá bara nær það ekkert lengra. Það þýðir ekkert að vera að leyfa honum að komast upp með það að þrýsta á þig í eitthvað kossaflens þegar þú ert ekki til í slaginn. Það er nú bara til að drepa hjá þér alla löngun. Ekki satt? Komdu kauða í skilning um það að kossarnir verði miklu betri þegar þið hafið kynnst örlítið betur og þegar þú ert tilbúin. Nú, ef hann getur ekki skilið það þá geturðu bara gleymt honum. Grenjað í viku og málið er dautt. Þú þarft ekki einhvern gæja sem setur á þig óþarfa pressu. Það er nógur tími til þess í framtíðinni. Lærðu að stjórna ferðinni strax. Betra fyrr en síðar.

Kæra Freyja. Ég þoli ekki fyrrverandi konu mannsins míns. Hann á með henni eitt barn og hún virðist endalaust þurfa að vera hringjandi í hann út af hinu og þessu. Hún notar barnið sem afsökun fyrir því hve hún hringir oft, en ég hef staðið hana að því að hringja í hann bara til að heyra í honum hljóðið. Þau skildu fyrir rúmum þremur árum og ég er farin að halda að hún sé ekki enn komin yfir hann. Kannski er ég ofurviðkvæm þessa dagana þar sem ég er ólétt, en af hverju þurfa þeirra samskipti að snúast um eitthvað annað en þarfir barnsins? Er ég óþarflega afbrýðisöm?
H.W. Þorlákshöfn

Ræddu þetta við manninn þinn. Þú hefur allan rétt á því að vita hverjar ástæðurnar eru fyrir því að þau þurfa endalaust að vera að tala saman í síma. Það getur vel verið að sú fyrrverandi sé ekki enn komin yfir hann en oft eru karlmenn svo fjandi grænir að þeir sjá ekki í gegnum það. Sýndu honum fram á það að þú þolir engan gufugang. Reyndu samt að fá staðreyndirnar á hreint áður en þú byrjar að æsa þig. Það þarf að komast til botns í þessu máli og það strax.

Kærastan mín á stórafmæli um mánaðamótin og ég er ekki enn búinn að ákveða hvað ég get gefið henni í afmælisgjöf. Ég er orðinn hálfþreyttur á því að reyna að finna handa henni eitthvað ilmvatn eða undirföt. Mér hefur ekki enn tekist að kaupa það rétta og hún endar alltaf hálf fúl. Hvað gæti ég gefið henni?
B.L.B. Reykjavík

Ilmatn og undirföt, gleymdu því félagi. Það eru hlutir sem hún ætti að geta hugsað um upp á eigin spýtur. Föt eru alltaf vinsæl en hafðu þau einföld, ekkert glyðrulegt. Einhver sætur bolur ætti að vekja lukku hjá dömunni en ekki einu sinni reyna að kaupa á hana gallabuxur. Þú gætir líka reynt að finna handa henni skartgripi. Fallegt hálsmen eða armband er eitthvað sem allar stúlkur vilja. Mundu bara að kaupa alls ekki úr. Það er nefnilega sagt að ef þú kaupir úr handa ástvini þínum að tíminn í sambandinu muni senn renna út. Ég veit reyndar ekki hve mikið er til í þessu en það er betra að hafa varann á. Gangi þér vel.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparinn **Kanye West** segist ekki þola það þegar hvítir tónlistarmenn reyna að hljóma eins og þeir séu svartir. Hann segir að listamenn eigi að halda sig við það sem þeir kunna best. West segist sjálfur hlusta á alls kyns tónlist og er aðdáandi skosku rokkhljómsveitarinnar **Franz Ferdinand**. „Ég þoli ekki þegar hvítt fólk reynir að hljóma eins og það sé svart," segir hann. „Hvíta tónlistin sem ég hlusta á er mjög hvít. Ég fíla Franz Ferdinand. Hún er frábær."

Breska stúlknahljómsveitin **Sugababes** varð að hætta við tvo tónleika í *Dyflinni* á síðasta ári vegna barnalegra rifrilda, nokkrum mínútum áður en stúlkurnar áttu að fara á svið. Söngkonurnar þrjár byrjuðu að rífast um lagið *Toxic* sem **Britney Spears** syngur. „Ég og Mutya vorum að rífast um Britney Spears lag, en ég nenni ekki að tala um það því það er svo asnalegt. Ég hef aldrei áður rifist við Mutya og þetta er mitt eina rifrildi," segir Heidi Range.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

Barnabækur
Handbækur
Kiljur
Ritsöfn
Ættfræðibækur
Ævisögur
Skáldverk
Unglingabækur
Ljóðabækur
Listaverkabækur
Fræðibækur
Stórvirki
OPIÐ alla daga kl. 11-19
LAGERSALA EDDU
Fellsmúla 28
(gamla World Class húsinu)
Komdu og gerðu frábær kaup!
Við rýmum fyrir jólabókunum
Yfir 1.300 spennandi bókatitlar undir 1.000 kr.
3 frábærar ástæður fyrir því að koma í Fellsmúlann:
199 kr.
399 kr.
599 kr.
799 kr.
999 kr.
Ekki missa af ævintýralegum tilboðum á sívinsælum bókum!
Sparaðu þúsundir króna!
1. Allir sem versla á markaðnum fá vandaða bók í kaupbæti.
2. Öll börn sem koma á markaðinn fá gefins Andrésblað og blöðru!
3. Þeir sem kaupa fyrir meira en 10.000 kr. fá Söguatlas að verðmæti 14.990 kr. í kaupbæti.
EINSTAKT VERÐ OG GLÆSILEG SÉRTILBOÐ!
BÓKAMARKAÐUR ÁRSINS!
Edda

Lindsay Lohan er að þroskast

Leikkonan unga Lindsay Lohan hefur viðurkennt það að hún hafi verið hættulega grönn fyrr á árinu og hún hefur hvatt stúlkur að læra af mistökum sínum og halda sig við eðlilega líkamsþyngd. Lindsay var mikið í blöðunum í maí fyrr á þessu ári því hún var ótrúlega grönn og sögusagnir fóru að heyrast um að hún þjáðist af átröskun eftir að hún fór að segja hún væri enn of feit miðað við aðrar stúlkur á hennar aldri.

LINDSAY LOHAN Er að ná áttum og sættast við líkama sinn.

Lindsay er nú byrjuð að bæta á sig á nýjan leik og sér eftir því að hafa ofboðið líkama sínum á þennan hátt. „Ég gekk í gegnum mjög erfitt tímabil og ég var líklega ekki að hugsa nógu vel um sjálfa mig," segir Lindsay. „Ég veit að ég var ekki að því. Ég vil hvetja ungar stúlkur til að koma sér ekki á það stig. Þær eiga líklega eftir að segjast vera of feitar, sem er fáránlegt. Ég veit ekki hvað skal segja. Maður verður fullorðinn og þroskast."

NADIA KATRÍN BANINE, ARNAR GAUTI SVERRISSON OG ÞÓRUNN HÖGNADÓTTIR Saman stjórna þau hönnunarþættinum Innlit/útlit sem sýndur er á Skjá einum. Þátturinn er sá sem hefur enst hvað lengst í sögu sjónvarpsstöðvarinnar og er alltaf jafn vinsæll.

Fagurkerar á allan hátt

Þórunn Högnadóttir, Arna Gauti Sverrisson og Nadia Katrín Banine stjórna þættinum Innlit/útlit saman á Skjá einum. Öll koma þau úr ólíkum áttum en deila gífurlegum áhuga á hönnun og öllu sem því við kemur. *Borghildur Gunnarsdóttir* spjallaði við þríeykið.

HVER ER BAKGRUNNUR YKKAR?

Arnar Gauti: „Ég kem úr tískuheiminum og hef verið að vinna í honum í um átján ár. Ég hef bæði starfað við tísku og hönnun og vann lengi í húsgagnaversluninni Exo. Ég er bara fagurkeri á allan hátt og kannski þekktur fyrir að hafa álit á mörgu og vit á sumu en hef aldrei verið ófeiminn við að segja skoðanir mínar.

Þórunn: Ég er menntuð sminka og hef unnið við það í fjórtán ár. Hún Nadia var reyndar fyrsta módelið mitt og höfðum við einnig starfað í Sautján saman. Ég hef mest verið í því að farða fyrir tískublöðin og síðustu tvö ár var ég stílisti hjá NTC og sá um útstillingar. Einnig tók ég þátt í að hanna Kúltúr-verslunina og er mikil áhugamanneskja um hönnun og allt sem við því kemur. Ég er ekki menntuð á þessu sviði en tel mig hafa þokkalega mikið vit á því engu að síður.

Nadia: Ég er búin að vera að mála og teppaleggja frá því að ég var unglingur. Elska að breyta og bæta. Ég bjó í gömlu húsi í Wales, Englandi, sem við tókum algjörlega í gegn. Þegar ég flutti svo heim gerðist ég flugfreyja og er fastráðin hjá Icelandair. Ég fór svo í Iðnskólann í Hafnarfirði þar sem ég var á hönnunarbraut og í fyrsta sinn var ég í skóla þar sem ég fór varla í frímínútur því mér fannst svo gaman.

HVERNIG MYNDUÐ ÞIÐ LÝSA STÍLNUM HEIMA HJÁ YKKUR?

Arnar: Minn er blanda af minimalískum stíl og rómantískum. Ég er með fjölskyldumyndir uppi á vegg en er líka hrifinn af föstum formum og minimalisma. Ég er til dæmis með kristalljósakrónu í stofunni á móti hörðu. Dóttir mín fær auðvitað bleikt og prinsessulegt herbergi.

Þórunn: Þetta er svipað hjá mér nema ég er kannski með enn meiri minimalisma. Stofan mín er svört og hvít og það er enginn litur í henni. Ég er með hlyn á gólfinu og með eik í húsgögnum á ganginum. Ég vil samt líka hafa hlýju. Ég nota mikið af lifandi blómum og er alltaf með fersk blóm í eldhúsinu og stofunni og stundum inni á baði. Þaðan fæ ég litina. Þó svo að heimilið sé mikið svart og hvítt er það ekki kuldalegt því fjölskyldan kemur með hlýjuna. Ég er reyndar líka með kristalkrónu inni í stofu en ég er með plexiglerhólk utan um hana sem gerir hana nútímalega.

Nadia: Minn stíll skapast að miklu leyti af umhverfinu sem ég er í. Húsið sem ég bjó í úti í Wales var í stíl Viktoríutímabilsins og ég valdi þunga hluti inn í það. Seinna bjó ég líka í litlu krúttlegu húsi í miðbænum en núna bý ég í opnara rými. Þegar ég flutti þangað þá fannst mér ég varla getað tekið upp úr kössum því að hlutirnir úr krúttlega húsinu pössuðu einfaldlega ekki inn lengur. Ég ferðast líka mikið og safna hlutum úr ólíkum heimshornum. Ég hef gaman af því að blanda saman þessu stílhreina og svo þessu hlýlega. Ég á til dæmis indverskt spilaborð og stóla frá Kína og Túrkmenistan. Ég hef gaman af ólíkum hlutum og sérstaklega þeim sem hafa sterkan karakter.

ERU ÓLÍKIR BAKGRUNNAR YKKAR EKKI MIKILL STYRKUR FYRIR ÞÁTTINN?

Arnar: Engin spurning.

Þórunn: Það var svo gaman þegar allar umsóknirnar komu inn því ég er búin að kannast við þau bæði í mörg ár, við vorum öll að vinna í Sautján á vissu tímabili. Svo allt í einu vorum við saman komin aftur.

Nadia: Ég sá Þórunni alltaf á um fimm eða sex ára fresti og við höfum alltaf vitað hvor af annarri þó við þekktumst kannski ekki þá. Ég held það sé mjög gott að hafa ólíka einstaklinga og þáttinn þarafleiðandi fjölbreyttari. Það væri ekki gaman ef við værum öll úr sama umhverfi og hefðum sama álit á öllu.

Þórunn: Við náum líka að gera þáttinn fjölbreyttari því við þekkjum mismunandi hópa af fólki. Arnar er líka að koma með allt annað inn í þáttinn en Nadia og ég mæti þeim svo einhvers staðar mitt á milli.

HVERNIG HEFUR ÞÁTTURINN BREYST FRÁ FYRRA HORFI?

Arnar: Hann hefur breyst þó nokkuð mikið enda kominn tími til. Eins og Nadia var að segja að þegar nýir aðilar koma inn þá breytast áherslurnar.

Þórunn: Ég held hann sé einfaldlega orðinn ferskari. Við höfum fengið mörg komment frá fólki um það hversu útlitið á þættinum er orðið skemmtilegt.

Arnar: Besta kommentið sem ég hef fengið var frá arkitekt sem sagði að það að horfa á þáttinn væri eins og að fletta tímariti. Þetta sagði mér mikið um það hvernig fólk upplifði þáttinn. Þetta var fagmanneskja sem sagði mér í einni setningu hvernig hún upplifði þáttinn. Okkur þykir öllum gaman að fletta fallegu tímariti og strúktúrinn á þættinum er orðinn svipaður.

Nadia: Við látum fólk líka vita hvað hlutirnir kosta, sem hefur ekki verið gert áður. Við lítum á þetta sem þjónustu við áhorfandann.

Þórunn: Konseptið er svipað en við styttum innslögin og höfum meira af ódýrum lausnum. Við reynum að finna alls konar sniðugar hugmyndir og viljum ekki bara eltast við fólk sem er þekkt í þjóðfélaginu. Einnig erum við ekki að einblína á gjörsamlega allt heima hjá einhverjum aðila heldur frekar bara eitthvað þrennt. Við erum að fara að gera fullt af spennandi hlutum í vetur og til dæmis að innrétta íbúðina okkar.

Arnar: Við munum semsagt innrétta heila íbúð í þættinum og erum með tvo arkitekta sem vinna í því með okkur. Fólk fær svo að fylgjast með íbúðinni verða til smátt og smátt.

Þórunn: Við verðum þarna með flottustu gólfefnin, flottustu ljósin og bara allt það sem er flottast í dag. Þetta verður okkar umgjörð í vetur. Í síðasta þættinum verður íbúðin svo tilbúin.

Nadia: Við ætlum að finna allt það nýjasta og flottasta en líka sýna fólki hvað er hægt að gera mikið fyrir svakalega lítið.

LEGGIÐ ÞIÐ ÁHERSLU Á AÐ HAFA INNSLÖGIN LÉTTARI EN ÁÐUR?

Þórunn: Þegar ég var með Völu þá vorum við mikið að tala um það sem við höfðum verið að skoða og vildum gera þetta þannig. Eftir hvert innslag var það rætt aftur og vildum við í rauninni taka það út núna. Við erum náttúrlega að búa til nýjan þátt.

Arnar: Það sem fólk tekur eftir er einmitt hversu mikið léttari þátturinn er orðinn og ég held að fólk sé þá bara að sjá hvað okkur finnst gaman í vinnunni. Ferskleikinn er númer eitt, tvö og þrjú ásamt útliti þáttarins. Okkur finnst gaman að vera saman og það smitast yfir á skjáinn. Það er það sem undirstrikar gott teymi.

Þórunn: Það er líka rétt að taka fram að fleiri en við koma að þættinum. Við þrjú erum umsjónarmenn en við gerum bara hluta af vinnunni. Auk okkar eru Víðir Hallgrímsson klippari, Jón Þór Þorleifsson framleiðandi og Hreiðar Þór Björnsson tökumaður. Svo eru hljóðmennirnir Vala Gestsdóttir og Björgvin Ploder.

HVAÐ FINNST YKKUR ERFIÐAST VIÐ AÐ VINNA Í SJÓNVARPI?

Nadia: Þetta er náttúrlega allt svo nýtt fyrir mér að það er frekar erfitt að segja til um það núna. En það er visst óöryggi sem maður finnur fyrir. Ég er vön að vera á sviði og er ófeimin við það en nú er ég að gera eitthvað sem ég er ekki vön og þá finn ég stundum fyrir óöryggi. Þetta er viss æfing sem við vonum að við verðum vonandi snillingar í fljótlega, að tala við fólk sem maður þekkir ekki og láta því líða vel og fá það til að njóta sín.

STARFSMENNTUN

Tölvu- og skrifstofunám

Þrautreynt og vandað 220 stunda starfsnám fyrir fólk á öllum aldri sem vill styrkja stöðu sína enn frekar á vinnumarkaði með aukinni menntun. Hentar jafnt starfandi skrifstofufólki sem vill dýpka þekkingu sína á upplýsingatækni og bókhaldi og þeim sem vilja undirbúa sig undir starf á nýjum vettvangi.
Námið hentar einnig vel sjálfstæðum atvinnurekendum sem vilja vera sem mest sjálfbjarga í allri tölvuvinnu og við bókhaldið.
Kennd er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi eða verkefni, tölvugreinunum lýkur flestum með alþjóðlegri prófgráðu. **Helstu kennslugreinar:**

Tölvugreinar:
- Windows XP tölvugrunnur og skjalavarsla
- Word grunnur og millistig
- Excel grunnur og Excel í stjórnun og rekstri
- Framsetning á kynningarefni í PowerPoint
- Gagnagrunnur í Access
- Stafrænar myndavélar og meðferð mynda í tölvu
- Netið og öryggi á Netinu
- Outlook tölvupóstur, dagbók og skipulag

Viðskiptagreinar:
- Verslunarreikningur
- Virðisaukaskattur, reglur og skýrslur
- Bókhaldsgrunnur
- Tölvufært bókhald (Navision)

Morgunnámskeið hefst 30. september og lýkur 28. janúar 2006.
Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 8.30 til 12.
Kvöldnámskeið hefst 1. október og lýkur 28. janúar 2006.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17.30 til 21 og laugardaga frá kl. 9 til 12.30.
Lengd: 220 stundir. Verð kr. 149.800,- stgr. Bjóðum einnig upp á VISA/EURO raðgreiðslur og starfsmenntalán.

Margrét H. Ásgeirsdóttir
vinnur á skrifstofu Matráðs ehf. við almenn bókhalds- og skrifstofustörf.

„Ég var búin að vera atvinnulaus í marga mánuði. Þetta nám skilaði mér því sem ég stefndi að; krefjandi og skemmtilegu starfi strax að námi loknu. Kennslan var frábær og uppbyggileg. Gef skólanum og kennurunum mín bestu meðmæli."

TÖK tölvunám

Þetta námskeið hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinunum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.
TÖK skammstöfunin stendur fyrir alþjóðlegt prófskírteini útgefið af Skýrslutæknifélagi Íslands. **Kennslu- og prófagreinar:**

- Grunnatriði upplýsingatækninnar
- Windows
- Word ritvinnsla
- Excel töflureiknir
- PowerPoint kynningar
- Access gagnagrunnur,
- Internetið og tölvupóstur

Kennt er þrisvar í viku og hefst kennsla 30. sept. og lýkur 17. nóv. Hægt er að velja um morgun- eða kvöldtíma.
Lengd námskeiðs: 100 kennslustundir.
Verð kr. 65.000,- (Allt námsefni innifalið).

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Arnar: Nadia er náttúrulega svo vön performans. Hún kemur svo vel út. Mér fannst þetta samt bara rosalega eðlilegt. Fyrst þegar ég sá mig á skjánum þá hugsaði ég bara: „Æðislegt!“
Þórunn: Þegar Vala bað mig að vera með þá fannst mér það ekkert mál. Fannst auðvelt að horfa í myndavélina en örlítið skrítið að sjá mig á skjánum. Mér finnst fólk ekkert vera óvenju mikið að horfa á mann núna eða eitthvað slíkt, alls ekki. Þetta er náttúrlega bara vinna og mjög skemmtileg vinna. Okkur finnst ekki að aðalatriðið sé að vera á skjánum heldur langar okkur umfram allt að koma okkar þekkingu og hugmyndum á framfæri. Ég lærði líka heilmikið á því að vera í eitt ár með Völu, hún er svakalega reynd. Þetta var samt öðruvísi þegar ég var með henni því þá var enginn framleiðandi, Vala var bara framleiðandi. Núna er hann kominn og er hálfpartinn eins og leikstjóri.

HVER ERU HEITUSTU TRENDIN Í HÖNNUN Í DAG?
Þórunn: Rókokó og barokk-stíllinn er búinn að vera í um tvö ár og er að verða meiri ef eitthvað er. Það er líka búið að vera mjög mikið svart og hvítt en svo koma auðvitað einhverjir litir þar á móti. Palísander er að koma sterkur inn og eikin er alltaf sígild. Það er í rauninni rosalega misjafnt eftir því hver stíll fólks er, það er nánast allt í boði.
Arnar: Barokk er stefnan sem er hvað mest áberandi. Hún fer einnig vel með minimalíska stílnum. Svo eru svokölluð „damaged furniture“ þar sem er til dæmis tekinn stóll, hann brotinn og svo seldur sem slíkur.
Þórunn: Það er mjög sniðugt einmitt að kaupa sér stól frá þessum tíma, breyta honum, gera hann nútímalegan og eftir eigin höfði. Það er mjög flott að para svona gömul húsgögn við nýtískulega og ferkantaðri hluti. Dúkur og teppi eru einmitt að koma aftur, þetta fer bara í hringi.
Nadia: Fyrir fimm árum voru allir að rífa veggfóður af veggjum, núna eru allir að veggfóðra. Það er náttúrlega mjög mikið af plasti og plexigleri núna. Einnig kristall og nútímalegri kristalkrúnur.
Arnar: Kristallinn er náttúrlega rosalega heitur núna. Það allra nýjasta er svartur kristall, ég spái því að hann verði rosalegt trend núna fljótlega. Þetta eru ekki beinlínis þessar klassísku kristalkrónur heldur er búið að „updeita“ þær. Einnig eru sófar ekkert að seljast í áklæði lengur heldur er það aðallega svart og hvítt leður núna. Hvítur sófi er einmitt bara flottasta húsgagn sem þú getur keypt þér í dag.
Nadia: Ohhh í alvöru?

HVAÐ MEÐ GÖMUL NOTUÐ HÚSGÖGN?
Þórunn: Góði hirðirinn er auðvitað rosalega vinsæll núna.
Nadia: Fólk er farið að pæla meira í að lífga upp á gamla hluti.
Þórunn: Það er alveg rosalega gaman að koma inn á heimili og þú sérð að viðkomandi er búinn að skapa sinn eigin stíll. Það er mjög sniðugt að blanda saman gömlum húsgögnum frá ömmu og afa saman við klassa hönnun. Þetta kemur líka allt aftur í tísku, sumt sem þú færð í Góða hirðinum er bara sígilt.
Nadia: Þetta fyrirbæri – þriggja sæta, tveggja sæta og einn stóll saman er bara búið. Núna er fólk frekar að kaupa sér sófa og svo tvo ólíka stóla við. Það býður upp á mun meiri möguleika og einstaklingurinn fær betur að njóta sín.

HVER SÉR UM TÓNLISTINA Í ÞÁTTUNUM?
Þórunn: Klipparinn okkar, hann Víðir, á allan heiðurinn af henni. Hann velur tónlistina með því að horfa á innslögin og finnur tónlist sem passar við. Hann er algjör snillingur og við erum búin að fá rosalega mikið af jákvæðum kommentum frá fólki í sambandi við tónlistina. Þarna komum við líka aftur inn á það að það eru ekki bara við þrjú sem sjáum um þáttinn heldur erum við eitt stórt og gott teymi.

Rapparinn **Kanye West** flaug nýverið til *London* til að halda þar tónleika. Honum var hins vegar neitað um inngöngu á einn af flottustu næturklúbbum borgarinnar af því að dyraverðirnir könnuðust ekki við hann. Kanye og fylgdarlið hans buðust til að borga inn en dyraverðirnir neituðu þar sem þetta var einkaklúbbur og nöfn þeirra voru ekki á gestalistanum.

Söngkonan **Pink** hefur ákveðið að sleppa pönkaraútlitinu og klæða sig í betri fötin í brúðkaupi sínu sem nálgast nú óðfluga. „Þetta er full vinna og við höfum ekki enn ákveðið hvort okkar eigi að vera í kjólnum,“ segir Pink. „Ég er að skoða hönnuði núna. Ég er strákastelpa en á örugglega eftir að enda eins og prinsessa.“ Kærasti Pink, sem keypti handa henni fimm karata demantshring, segist spenntur fyrir brúðkaupinu. „Mér er alveg sama um brúðkaupsferðina. Ég tel dagana að brúðkaupinu,“ sagði **Hart**. Parið er búið að vera saman frá því árið 2001.

Salsa-stjarnan **Marc Anthony** er orðinn að góðum ljósmyndara, þökk sé konu hans **Jennifer Lopez**. Anthony, sem fagnaði eins árs brúðkaupsafmæli sínu í júní, hefur tekið ástfóstri við myndavélina og hann á sér uppáhaldsverkefni. „Jennifer kom mér í þetta. Mér fannst svo gaman að mynda hana. Hún er frábært viðfangsefni.“

www.visindi2005.is

11001111010011
Vísindin snerta þig

VÍSINDAKAFFI MEÐ ALMENNINGI

- vísindamenn segja frá rannsóknum sem koma öllum við - á mannamáli

Nokkrir af færustu vísindamönnum þjóðarinnar hafa tekið ljúfmannlega í áskorun um að kynna rannsóknir sínar fyrir gestum og gangandi á kaffihúsinu Cultura í Alþjóðahúsinu.

Kaffistjóri: Davíð Þór Jónsson, þýðandi.

1. ***Þriðjudaginn 27. september***
Ungir feitir Íslendingar
Dr. Erlingur Jóhannsson, dósent við Íþróttafræðisetur Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni og dr. Inga Þórsdóttir, prófessor á Rannsóknarstofu í næringarfræði hjá Háskóla Íslands, ræða um offitu Íslendinga. Hvað er til ráða og hver ber ábyrgðina á feitum Íslendingum?

2. ***Þriðjudaginn 4. október***
Netrannsóknir – hvernig koma þær ykkur við?
Sæmundur E. Þorsteinsson, forstöðumaður þróunarsviðs Símans og Heimir Þór Sverrisson, lektor við Háskólann í Reykjavík, velta fyrir sér þeim áhrifum sem rannsóknir í fjarskiptatækni undanfarinna 25 ára hafa haft á líf okkar allra.

3. ***Þriðjudaginn 11. október***
„Fátt er rammara en forneskjan“ – hvers væntum við af fornleifum?
Dr. Orri Vésteinsson, fornleifafræðingur hjá Fornleifastofnun Íslands (HÍ) og Kjartan Ragnarsson, leikstjóri, sem starfar við Landnámssetur Íslands í Borgarnesi, ræða hvaða hugmyndir almenningur gerir sér um fortíðina út frá fornleifum.

4. ***Þriðjudaginn 25. október***
Má klóna mömmu?
Dr. Eiríkur Steingrímsson, rannsóknarprófessor við læknadeild Háskóla Íslands, og dr. Vilhjálmur Árnason, prófessor við Heimspekiskor og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands, skoða stofnfrumurannsóknir hvor frá sínu sjónarhorninu.

5. ***Þriðjudaginn 1. nóvember***
Vetnisbílar eru kúl
María Hildur Maack, umhverfisstjóri, og Kjartan Due Nielsen, verkefnisstjóri, bæði hjá Íslenskri Nýorku segja frá endalausum möguleikum vetnistækninnar.

6. ***Þriðjudaginn 8. nóvember***
Er ekki bara allt í lagi að landið fjúki burt?
Dr. Ólafur Arnalds, jarðvegsfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, dr. Hlynur Óskarsson, vistfræðingur hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og dr. Ása L. Aradóttir, vistfræðingur hjá Landgræðslu ríkisins, ræða umhverfismál Íslands út frá nokkrum athyglisverðum punktum.

7. ***Þriðjudaginn 15. nóvember***
Er einhver fiskur eftir í sjónum?
Dr. Guðrún Marteinsdóttir, prófessor í fiskifræði við Líffræðistofnun Háskóla Íslands og Vilhjálmur Þorsteinsson, sérfræðingur hjá nytjafiskasviði Hafrannsóknastofnunar, takast á um sporðana.

8. ***Þriðjudaginn 22. nóvember***
Er peningur í orkunni?
Dr. Ólafur Flóvenz, forstjóri Íslenskra orkurannsókna og dr. Sigurður Sveinn Jónsson, jarðfræðingur hjá Íslenskum orkurannsóknum ræða um hvernig koma má böndum á eldvirknina.

Allir velkomnir!

Vísindakaffi-kvöldin eru á þriðjudagskvöldum, hefjast 20.00 og standa í klukkustund.

Fríar kaffiveitingar í sérstaklega merktum vísindadrykkjarkönnum verða í boði. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn meðan húsrúm leyfir.

ÍHÚS ALÞJÓÐAHÚS
Vísinda kaffi
RANNÍS

Verkefnið „Vísindin snerta þig”er samstarfsverkefni Rannís við fjölmarga aðila og styrkt af mannauðsáætlun Evrópusambandsins. Markmið þess er að vekja áhuga ungs fólks á vísindum og sýna með einföldum og lifandi hætti hvernig vísindin snerta daglegt líf okkar. Frá júní til nóvember verður boðið upp á fjölbreytta og forvitnilega dagskrá með ýmsum uppákomum og fyrirlestrum.

RANNÍS
Researchers in Europe

Rannsóknamiðstöð Íslands • Laugavegi 13 • 101 Reykjavík • Sími 515 5800 • Bréfsími 552 9814 • www.rannis.is

Fyrstu nýliðar sögunnar

... Valsmenn eru fyrstu nýliðar sögunnar til þess að vinna gull og silfur á bæði Íslandsmóti og í bikarkeppni á sínu fyrsta ári í efstu deild. Skagamenn eru einu nýliðarnir sem hafa orðið Íslandsmeistarar (1992) en þeir duttu það sumar út úr undanúrslitum bikarsins. Valsmenn urðu í 2. sæti á Íslandsmótinu í ár og unnu bikarinn.

sport

sport@frettabladid.is

60 SEKÚNDUR MEÐ LEIFI GARÐARSSYNI

Körfubolti eða fótbolti? Fótbolti.

Hvítur eða appelsínugulur? Bleikur.

Hvern myndir þú vilja fá í Fylki? Duncan Ferguson.

Ólafur Jóhannesson er? Einstakur.

Getur þú unnið Ólaf Jóhannesson í sjómanni? Góð spurning... eða kannski ekki svo góð.

Myndirðu vilja taka við íslenska landsliðinu? Tja...

Rokk eða popp? Popp.

Dómari eða þjálfari? Þjálfari... en eru þeir ekki líka dómurum til aðstoðar?

Fyrirmynd í starfi? David Moyes junior.

Erfiðasti andstæðingur? Keppnisskapið.

Besti samherjinn? Keppnisskapið.

Alvöru konur eru? Eiginkona mín og dóttir.

Auðveldasti andstæðingur? Ólafur Páll Snorrason í A-reit.

Everton er? Á uppleið.

Er glasið hálffullt eða hálftómt? Var að klára.

Uppáhalds hljómsveit? Sálin hans Jóns míns.

Besta bókin er? Dixie Dean – The Legend.

Stór eða smár? Aðalatriðið að ná niður.

> Við vorkennum ...

Frömurum sem spiluðu sennilega sinn besta leik í langan tíma í bikarúrslitaleiknum í gær en máttu samt þola sárt tap í annað skiptið á aðeins einni viku. Þetta hafa verið afar erfiðir sjö dagar í Safamýrinni.

> Við óskum ...

.... Valsmönnum til hamingju með fyrsta stóra titil félagsins í þrettán ár. Þetta er búið að vera frábært sumar á Hlíðarenda og Valsliðið krónaði það með því að vinna bikarinn í gær. Willum Þór Þórsson er búinn að koma þessu fornfræga félagi á toppinn á nýjan leik.



FYRIRLIÐAKOSS Sigurbjörn Hreiðarsson var sá eini í Valsliðinu sem vann síðasta stóra titil félagsins fyrir 13 árum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Loksins titill hjá Val eftir 13 ára bið

Baldur Aðalsteinsson tryggði Val níunda bikarmeistaratitil félagsins þegar hann skoraði sigurmarkið gegn Fram með skoti langt utan af kanti. Framarar voru síst lakari aðilinn í leiknum.

Fram	0-1	Valur

Laugard.v., áhorf: 5162 Ólafur Ragnarsson (x)

0–1 Baldur Aðalsteinsson (52.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	9–11 (6–7)
Varin skot	Gunnar 5 – Kjartan 5
Horn	6–1
Aukaspyrnur fengnar	23–15
Rangstöður	1–3

FÖGNUÐUR Steinþór Gíslason stekkur hér upp í fang Garðars Gunnlaugssonar eftir að sigurinn var í höfn. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

FÓTBOLTI Það var misheppnuð fyrirgjöf frá hægri frá Valsmanninum Baldri Aðalsteinssyni sem rataði í netið og skildi liðin tvö að þegar upp var staðið. Fótbolti er miskunnarlaus íþrótt en sigurinn hefði hæglega getað dottið Fram megin, því Safarmýrarpiltarnir sköpuðu sér fleiri marktækifæri. En lukkan var í liði með Valsmönnum á Laugardalsvellinum í gær og þeir fögnuðu gríðarlega í lok leiks. Þar með er þrettán ára bið Hlíðarendaliðsins eftir stórum titli í karlaflokki lokið.

Það er óhætt að segja að fyrri hálfleikur liðanna í gær hafi verið bragðdaufur í meira lagi. Hvorugt lið þorði að taka áhættu og engin umtalsverð færi litu dagsins ljós. En það var annað uppi á teningnum í síðari hálfleik. Þegar aðeins sjö mínútur voru liðnar af honum skoruðu Valsmenn sigurmark leiksins. Fyrirliðinn Sigurbjörn Hreiðarsson gaf boltann út til hægri á Baldur Aðalsteinsson sem gaf misheppnaða fyrirgjöf sem fór í boga yfir Gunnar Sigurðsson, markvörð Fram, og í netið.

Nálægt því að jafna

Eftir markið færðist mikið líf í leikinn og Framarar voru nálægt því að jafna leikinn skömmu síðar þegar Andri Fannar Ottósson átti skot frá markteig sem Kjartan Sturluson varði vel. Aftur varði Kjartan vel þegar hann blakaði skalla Kristjáns Haukssonar yfir markið á 70. mínútu. Valsmenn voru svo nálægt því að bæta við marki á 73. mínutu, þegar Húsvíkingurinn Baldur Aðalsteinsson átti skot utan vítateigs í stöng. En besta færi leiksins átti enn eftir að líta dagsins ljós. Þegar aðeins átta mínútur voru eftir fékk Gunnar Þór Gunnarsson, vinstri bakvörður Fram, sannkallað dauðafæri en skot hans fór hársbreidd framhjá marki Hlíðarendaliðsins.

Lokamínúturnar voru lengi að líða fyrir Valsmenn en þeir notuðu öll tækifæri til að tefja leikinn. Sumir kalla slík tilþrif klókindi á meðan aðrir töluðu um óíþróttamannslega framkomu. En fögnuður Valsmanna þegar Ólafur Ragnarsson, dómari leiksins, flautaði af var innilegur og þeir rúmlega fimm þúsund áhorfendur sem lögðu leið sína í Laugardalinn hafa eflaust skemmt sér vel. Rauða liðið vann leikinn en það bláa var síst lakari aðilinn.

Í liði nýkrýndu bikarmeistaranna stóðu þeir Kjartan Sturluson og Baldur Aðalsteinsson upp úr. Kjartan varði meistaralega í tvígang og Baldur gerði sigurmark Valsmanna og var óheppinn að bæta ekki öðru við. Framarar léku vel í gær en áttu í erfiðleikum með þétt Valslið, í jöfnu liði þeirra voru það ungu Framararnir Kristján Hauksson og Gunnar Þór Gunnarson sem áttu hvað bestan dag og ljóst að fjölmörg lið eiga eftir að reyna fá Gunnar Þór til liðs við sig, því góðir vinstri bakverðir vaxa ekki á trjánum í íslenskri knattspyrnu. **hjorvar@frettabladid.is**

ÞRÍR GÓÐIR Sigurbjörn Hreiðarssonm, fyirrliði Valsmanna, sést hér með bikarinn og Húsvíkingana Sigþór Júlíusson og Baldur Aðalsteinsson sér við hlið. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

FRAM 4–3–3		VALUR 4–4–2	
Gunnar	5	*Kjartan	8
Karlefjard	6	Steinþór	5
Þórhallur Dan	4	Atli Sveinn	6
Kristján	6	Grétar	6
Gunnar Þór	7	Bjarni Ólafur	6
Ingvar Þór	5	Baldur	7
Mathiesen	6	(76. Matthías	–)
Viðar	6	Sigurbjörn	6
Ómar	4	Stefán Helgi	5
(79. Eggert	–)	Sigþór	4
Henriksen	6	Guðmundur B.	6
Andri Fannar	5	(88. Hálfdán	–)
(73. Þorbjörn Atli	–)	Garðar	6
		(83. Sigurður	–)

*MAÐUR LEIKSINS

LANGÞRÁÐ STUND Á HLÍÐARENDA Valsmenn fjölmenntu á bikarúrslitaleikinn og uppskáru langþráða stund þegar fyrsti stóri titilinn í þrettán ár kom í Valshús. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

EFTIRTALDIR HAFA TRYGGT SÍNUM LIÐUM BIKARINN:

1966 KR-VALUR 1–0
ÁRSÆLL KJARTANSSON 21. MÍN

1969 ÍBA-ÍA 3–2 (FRAML.)
KÁRI ÁRNASON, ÍBA 95. MÍN.

1970 FARM–ÍBV 2–1
KRISTINN JÖRUNDSSON, FRAM 31. MÍN.

1971 VÍKINGUR-BREIÐABLIK 1–0
JÓN ÓLAFSSON, VÍKINGI 21. MÍN.

1973 FRAM–KEFLAVÍK 2–1 (FRAML.)
MARTEINN GEIRSSON, FRAM 103, MÍN

1975 KEFLAVÍK–ÍA 1–0
EINAR GUNNARSSON, KEFLAVÍK 34.MÍN

1978 ÍA-VALUR 1–0
PÉTUR PÉTURSSON, ÍA 43. MÍN.

1979 FRAM–VALUR 1–0
MARTEINN GEIRSSON, FRAM 90. MÍN

1980 FRAM–ÍBV 2–1 (FRAML.)
GUÐMUNDUR TORFAS., FRAM 119. MÍN

1982 ÍA-KEFLAVÍK 2-1
ÁRNI SVEINSSON, ÍA 46. MÍN

1983 ÍA-ÍBV 2–1 (FRAML.)
SVEINBJÖRN HÁKONARSON, ÍA 118. MÍN.

1984 ÍA-FRAM 2–1 (FRAML.)
ÁRNI SVEINSSON, ÍA 91. MÍN

1986 ÍA-FRAM 2–1
PÉTUR PÉTURSSON, ÍA 90. MÍN

1988 VALUR-KEFLAVÍK 1–0
GUÐLAUGUR BALDURSSON, VAL 67. MÍN.

1991 VALUR–FRAM 1–0
ÁGÚST ÞÓR GYLFASON, VAL 50. MÍN

1993 ÍA–KEFLAVÍK 2–1
MIHAJLO BIBERCIC, ÍA 58. MÍN

1995 KR-FRAM 2–1
MIHAJLO BIBERCIC, KR 84. MÍN

2000 ÍA–ÍBV 2–1
KÁRI STEINN REYNISSON, ÍA 89. MÍN.

2003 ÍA-FH 1–0
GARÐAR GUNNLAUGSSON, ÍA 78. MÍN

2005 VALUR–FRAM 1–0
BALDUR AÐALSTEINSSON, VAL 52.MÍN

Baldur Aðalsteinsson skoraði eina mark bikarúrslitaleiksins í gær:

Þetta var skot sagði Baldur um markið

FÓTBOLTI Baldur Aðalsteinsson tryggði Valsmönnum fyrsta stóra félagsins í þrettán ár þegar hann skoraði sigurmarkið gegn Fram í gær. „Þetta var skot! Ég sá að Gunnar stóð of framarlega þannig að ég tók þá ákvörðun að skjóta," sagði Húsvíkingurinn Baldur Aðalsteinsson strax eftir leik.

„Það er frábært að taka þátt í þessum leik og ekki leiðinlegt að ná að skora sigurmarkið. Stuðningsmennirnir hafa staðið 110% við bakið á okkur og það var mjög gaman að ná að vinna þennan bikar fyrir þá. Framarar eru með hörkulið og þeir sýndu það í dag, eftir að við skoruðum féllum við til baka og þeir voru á tíðum ansi nálægt því að ná að jafna. Þetta var hörkuleikur en við náðum að skora eina markið og það skiptir máli," sagði Baldur.

„Sumarið er búið að vera stórskemmtilegt. Ég hef verið að spila vel á köflum en veit enn að ég get spilað betur," sagði Baldur, sem skoraði einnig fyrir Skagamenn í 2-1 sigri á ÍBV árið 2000 og varð að verða bikarmeistari í þriðja sinn í gær en hann varð einnig meistari með Skagamönnum fyrir tveimur árum.

- egm

HETJA DAGSINS Baldur Aðalsteinsson sést hér með bikarinn eftir leikinn í gær en hann skoraði einmitt sigurmark leiksins með skoti lengst utan af kanti. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Sigurbjörn Hreiðarsson:

Það var kominn tími á þetta

FÓTBOLTI „Þetta er alveg meiriháttar. Það var svo sannarlega kominn tími til að lyfta alvöru bikar. Ég er kominn með góða æfingu eftir að hafa unnið 1. deildina, Reykjavíkurmótið, Canella Cup, Íslandsmótið innan hús og ég veit ekki hvað. Það var því afar kærkomið að fá loks að lyfta einum stórum," sagði fyrirliði Valsmanna, Sigurbjörn Hreiðarsson, sem hefur upplifað súrt og sætt á þrettán ára ferli sínum hjá meistaraflokki Vals.

„Við spiluðum ekkert sérstakan leik. En aðalmálið var auðvitað að vinna bikarinn og rita þar með nöfn okkar á spjöld sögunar," sagði Sigrurbjörn en nú hafa Valsmenn orðið níu sinnum bikarmeistarar, aðeins KR hefur unnið titilinn oftar eða tíu sinnum. Sigurbjörn var eini leikmaður Vals sem var í leikmannahóp síðast þegar liðið varð bikarmeistari árið 1992. En þá sat hann allan tímann á varamannabekknum.

- hh

SVEKKELSI Framarar máttu í gær þola annan sáran ósigur á einni viku. Hér sjást viðbrögð þeirra í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ólafur H. Kristjánsson:

Ótrúlegt að við skyldum tapa þessum leik

FÓTBOLTI Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram, var mjög svekktur eftir tap liðsins gegn Val í bikarúrslitunum.

„Við áttum mikið fleiri færi en þeir og svo kemur ein helvítis fyrirgjöf og hún endar í markinu. Það er alveg ótrúlegt að við skyldum tapa þessum leik. Við spiluðum virkilega vel og ég er mjög stolltur af framlagi strákanna í leiknum. Mínir menn léku mjög vel og voru miklu betri í leiknum," sagði Ólafur, sem ekki var sáttur við störf dómarans í lok leiksins en þá fengu Valsmenn að tefja leikinn án þess að dómarinn aðhefðist nokkuð.

Aðspurður um framtíð sína sagði Ólafur: „Ég hef ekki hugmynd hvar ég verð á næsta ári".

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

22 23 24 **25** 26 27 28

Sunnudagur

LEIKIR

- 14.00 **Fram** og **Haukar** mætast í Framhúsinu í DHL-deild kvenna.
- 16.15 **ÍR** tekur á móti **KA** í Austurbergi í DHL-deild karla.
- 16.15 **Víkingur/Fjölnir** og **Valur** mætast í Íþróttamiðstöðinni í DHL-deild karla.
- 18.00 **HK** og **Grótta** mætast í Digranesi DHL-deild kvenna.
- 18.00 **Haukar** og **FH** eigast við á Ásvöllum í DHL-deild kvenna.
- 19.15 **FH** og **Fram** eigast við í DHL-deild karla.
- 19.15 **Keflavík** og **Grindavík** eigast við í Reykjanesmótinu íþróttahúsi Keflavíkur.
- 20.00 **Haukar** og **Fylkir** mætast á Ásvöllum í DHL-deild karla.

SJÓNVARP

- 08.00 **Forsetabikarinn í Golfi** á Sýn.
- 10.10 **A-1 Grand Prix** á Sýn.
- 12.00 **A-1 Grand Prix** á Sýn.
- 14.50 **Enska knattspyrnan** á Enska Boltanum. Beint frá leik Middlesbrough og Sunderland.
- 15.30 **Forsetabikarinn í golfi** á Sýn.
- 16.30 **Formúla1** á RÚV. Beint frá kappakstrinum í Brasilíu.
- 21.25 **Helgarsportið** á RÚV.
- 21.30 **Enska knattspyrnan** á Enska boltanum. Uppgjör helgarinnar með Valtý Birni.
- 22.00 **Ameríski fótboltinn** á Sýn. Beint frá leik Pittsburgh og New England.

Willum Þór var í skýjunum eftir leik

Willum Þór Þórsson hefur nú unnið nánast allt sem þjálfari getur unnið í íslenskri knattspyrnu, allar deildirnar fjórar og nú síðast bikarmeistaratiilinn.

FÓTBOLTI Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, var í skýjunum eftir sigurinn á Fram. Kópavogsbúinn geðþekki hefur nú unnið nánast allt sem hægt er að vinna í íslenskri knattspyrnu, allar deildirnar fjórar og nú bikarinn eftirsótta.

Þreyttasti maðurinn á vellinum

Það var greinilegt að hann hafði lagt sig allan í verkefnið því að leik loknum var hann líklega þreyttasti maðurinn á vellinum.

„Ég upplifði að tapa bikarúrslitaleik sem leikmaður og það er óhætt að segja að þetta sé mjög ólík tilfinning. En stundum þarf maður að upplifa taptilfinninguna því sú tilfinning fær mig til að leggja enn harðar að mér. Það voru margir í hópnum sem aldrei höfðu upplifað svona leik og ég fann allan tímann að menn voru tilbúinir í þennan leik," sagði Willum Þór.

„Þetta var hörkuleikur, þeir pressuðu stíft á mark okkar í seinni hálfleik og auðvitað var lukkan með okkur. Við náðum að brjóta ísinn og ég hafði það á tilfinningunni að leikurinn myndi vinnast á einu marki."

En er það ekki sérstaklega skemmtilegt að verða fyrstur til að vinna stóran titil fyrir þetta gamla stórveldi eftir alla þessa bið? Ég neita því ekki, en ég verð hins vegar að fá að þakka fyrir mig. Það er alveg frábært að vinna með svona hópi og svona félagi. Hér eru allir tilbúnir að leggja mikið á sig til að ná árangri. Stuðningsmenn okkar voru frábærir í dag, við unnum leikinn í stúkunni og á vellinum," sagði Willum Þór.

Setja pressu á sig sjálfur

Er nú ekki komin pressa á þig núna að landa Íslandsmeistaratitlinum fyrir Val? Það er best að setja pressu á sig sjálfur. Valur er þannig félag að það á alltaf að hugsa hátt," sagði hinn sigursæli þjálfari Vals.

SVONA Á AÐ GERA ÞETTA Valsmaðurinn Grétar Sigurðarson tekur hér utan um þjálfara sinn Willum Þór Þórsson eftir að bikarmeistaratitilinn var í höfn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

HYUNDAI
hefur gæðin

Hyundai Terracan
náttúrulega góður

"Þegar ég endurnýja, eru nokkur atriði sem ég legg mikla áherslu á að séu í lagi. Nýi jeppinn **verður að vera sterkbyggður og kraftmikill**, með góða torfæruhæfni, svo að ég komist örugglega þangað sem ég ætla mér. **Jafnframt þarf hann að vera áreiðanlegur**. Ekki vill maður verða strandaglópur einhvers staðar í óbyggðum. Þá þarf hann að vera rúmgóður og þægilegur, af þeirri einföldu ástæðu að maður býður ekki fjölskyldunni sinni eða vinunum upp á hvað sem er.

Ég fann strax að Hyundai Terracan hefur allt þetta og meira til.
Ég get því óhikað mælt með honum sem traustum og skemmtilegum ferðafélaga."

Ásmundur Guðnason, fjallagarpur
Kristín Ásmundsdóttir, fjallahnáta

Terracan GLXA 2900 CRDi dísel, beinskiptur.
Ríkulega búinn með m.a. tölvustýrða miðstöð.
Verð kr. 3.650.000
Bílasamningur kr. 37.998 á mánuði m.v. 30% útborgun.
Við staðgreiðum þann gamla.*

*Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun. Greiðsla úr þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

Með bílinn handa þér

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílás Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanesbæ sími 421 4444
Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bíla- og búvélasalan Hvammstanga sími 451 2230

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ > ÍSLENSKAR VONARSTJÖRNUR VISA

KRAKKARNIR VAXA OG DAFNA UNDIR LEIÐSÖGN MENTORA VISA

VISA Europe styður þrjá íslenska skíðamenn til keppni á vetrarólympíuleikunum og íslensku krakkarnir, **Dagný Linda Kristjánsdóttir, Kristján Uni Óskarsson** og **Elsa Guðrún Jónsdóttir,** hittu aðra verðandi Ólympíufara sem og gamla Ólympíumeistara á Ítalíu í vikunni.

SKÍÐAÍÞRÓTTIR Vetrarólympíuleikarnir í Torinó fara fram eftir aðeins fimm mánuði og íslenska íþróttafólkið er komið á fullt að búa sig undir að taka þátt í hápunkti íþróttafólks á fjögurra ára fresti. Meðal þeirra eru Vonarstjörnur VISA þau Dagný Linda Kristjánsdóttir, Kristján Uni Óskarsson og Elsa Guðrún Jónsdóttir. Krakkarnir voru mættir til Ítalíu á dögunum þar sem þeir hittu fyrir mentora VISA sem og aðra krakka sem líkt og þau hafa verið valin til að njóta góðs af styrk VISA-Europe. Þar er um að ræða fjárhagslegan stuðning sem og að krakkarnir njóta góðs af ráðgjöf fyrrum Ólympíumeistara sem einhvern tíma stóðu í sömu sporum og þau en hafa síðan orðið að mesta afreksfólki Ólympíuleikanna frá upphafi.

Mentorar VISA að þessu sinni voru fimm kunnir afreksíþróttamenn. Fyrstan má telja einn sigursælasta skíðagöngumann allra tíma, Björn Dæhlie, en hann er eini íþróttamaðurinn sem hefur unnið átta gull á Vertrarólympíuleikum. Dæhlie heillar alla sem hitta hann með lifandi framkomu og léttri lundu og nær hann alveg sérstaklega vel til krakkanna sem voru dugleg að spyrja hann spjaranna úr.

Þarna voru líka Debrorah Compagnoni, fyrsti alpagreinaskíðamaðurinn til að vinna gull á þremur Vetrarólympíuleikum, Franz Klammer sem er einn þekktasti skíðamaður allra tíma og varð þjóðhetja í heimalandi sínu þegar hann vann gull á heimavelli í Innsbrück 1976 og líka þær Rosa Mota og Sara Simeoni sem unnu bæði gull á Sumarólympíuleikum en þær voru báðar með þegar VISA setti fyrst þetta verkefni af stað fyrir Ólympíuleikanna í Aþenu 2004. Öll ræddu þessir miklu afreksíþróttamenn hvað væri mikilvægast fyrir krakkanna ril að þau geti náð fram sínu besta í Torínó og sáu þau um mismunandi þætti sem koma að undirbúningi fyrir keppni.

Alls voru samankomnir íþróttamenn frá níu löndum að þessu sinni en þarna voru líka krakkar frá Finnlandi, Sviss, Austurríki, Ítalíu, Noregi, Svíþjóð, Tyrklandi og Tékklandi auk þeirra þriggja sem komu frá Íslandi.

GÓÐUR HÓPUR Íslensku krakkarnir eru miklir félagar, þau eru öll að norðan og hafa kynnst vel í gegnum æfingar landsliðanna undanfarin ár. Hér sjást þau bregða á leik og það er greinilegt að þau njóta sín vel sem Vonarstjörnur VISA. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Er búin að læra mikið af meiðslunum

„Þetta er mikil reynsla fyrir mig," segir Dagný Linda Kristjánsdóttir, 25 ára skíðakona frá Akureyri, en hún hefur verið kosin skíðakona ársins fjórum sinnum. „Þetta er rosastyrkur fyrir okkur krakkanna því það er ekki nóg með að við fáum peningana þá fáum við líka þessa ráðgjöf og kennslu sem er ekki síðra. Það er frábært að fá að heyra þetta fólk miðla af sinni reynslu og það er líka mjög hvetjandi að fá að hitta þetta fólk og tala við það í góðum tómi því stuðningur þess er ekki bundinn eingöngu við einhverja fyrirlestra. Við getum alltaf haft samband við þau og höfum aðgang að þeim hvenær sem við viljum, hvort sem það er andlegt eða eitthvað tengt æfingunum sjálfum."

Dagný er að stíga upp úr erfiðum meiðslum sem hafa haldið henni frá keppni í langan tíma. „Mér finnst frábært að ég hafi verið valin í þetta því ég er búin að vera meidd í eitt og hálft ár og það kom mér á óvart að þeir vildu samt styrkja mig og gefa mér tækifærið. Ég er búin að læra mikið af að fara í gegnum svona erfið meiðsli. Ég hef bæði verið að gera öðruvísi æfingar og þá er ég líka búin að breyta mikið mínum venjum í tengslum við æfingarnar. Ég er ekki enn farin að geta allt sem ég gat áður og því hefur þolinmæðin verið ein af mikilvægustu þáttunum. Það er ótrúlegt hvað maður á af henni þegar á reynir," segir Dagný Linda en einn af mentorunum, Debrorah Compagnoni, náði frábærum árangri þrátt fyrir að hafa meiðst illa ung og Dagný hefur rætt þessi mál við hana.

„Það er erfitt að reyna að finna jafnvægið á milli þess að gera nógu mikið og gera of mikið. Ég hef spurt mentorana út í reynslu þeirra af erfiðum meiðslum og þá sérstaklega Deborahu Compagnoni því það er auðveldast að bera mig saman við hana því hún er einnig á skíðum." Meiðslin hafa spilt mikið fyrir undirbúningnum fyrir leikana en Dagný er samt ennþá inni á leikunum.

„Ég á að vera komin inn en vandamálið eru að meiðslin hafa spillt þarna fyrir mér því þar sem að maður fær refsistig fyrir að vera ekki búin að keppa vegna meiðsla en ég held að ég sé ennþá inni," segir Dagný, sem ljómar öll af spenningi þegar talið berst að leikunum. „Það er mikið ævintýri að fara á Ólympíuleika og það er mjög mikilvægt að undirbúa sig andlega og vita hversu stórir leikarnir eru. Það að koma í mark fyrir framan 40 þúsund áhorfendur sem allir klappa fyrir manni er eitthvað sem við erum ekki vön. Ég ætla að gera mitt besta í Tórínó. Áður en ég meiddist þá var ég búin að setja mér markmið á þessum Ólympíuleikum og þau voru orðin frekar há miðað við hvernig gekk þá. Ég er rétt komin á skíði á ný, veit ekkert hvar ég stend eða hvernig hnéð verður í vetur og tel því vera óraunhæft í dag að setja mér markmið fyrir þessa Ólympíuleika. Það verður bara að koma í ljós. Ég ætla að reyna að vera með og njóta þess að vera þarna."

Ekki gengið vel að komast á skíði á Ólafsfirði

„Þetta er mjög gaman að heyra frá þessum gömlu íþróttamönnum og hvað þeir hafa mikið af segja og geta miðlað af mikllri reynslu," segir Kristján Uni Óskarsson, 21 árs skíðamaður frá Ólafsfirði sem hefur æft skíði frá ungum aldri og dvaldi meðal annars í þrjú ár í skíðaskóla í Noregi.

„Það kom á óvart að VISA skyldi vilja styrkja okkur svona mikið og það er frábært að setja af stað verkefni eins og þetta. Það er rosalega tímafrekt og kostnaðarsamt að standa í þessu og maður er nánast bara yfir sumarið heima hjá sér og þá er maður meira að segja líka að fara út í styttri æfingaferðir. Þegar kemur fram á haustin er maður alltaf fljúgandi fram og til baka. Þó að það sé bara september þá er ég búinn að fara þrisvar sinnum út og þetta er bara rétt að byrja," segir Kristján Uni, sem var nýkomin úr mikilli ævintýraferð með landsliðinu.

„Við í skíðalandsliðinu fórum meðal annars til Ástralíu á dögunum. Það var dálítið skrítið að fara til Ástralíu til þess að komast á skíði en það nýttist ágætlega. Það voru góðar aðstæður en maður hafði ekki gert sér grein fyrir því að það væru svona stór skíðasvæði." Kristján er frá Ólafsfirði hefur tvisvar sinnum verið kosinn Íþróttamaður bæjarins.

„Það er mjög mikill stuðningur við okkur Elsu frá Ólafsfirði þrátt fyrir að þetta sé lítill bær og sá stuðningur hefur hjálpað mikið til. Það hefur samt ekki gengið mjög vel að komast á skíði á Ólafsfirði og það er langt síðan ég fór á skíði þar enda hefur ekki verið mikill snjór í Ólafsfirði undanfarin ár. Ef maður ætlar eitthvað á skíði fyrir norðan þá er það helst að fara á Dalvík eða Akureyri. Við æfum langmest erlendis," segir Kristján, sem er kominn inn á leikana í Torinó.

„Ég er búinn að ná lágmörkunum og það er nokkuð langt síðan. Ég hef stefnt að þessu í langan tíma og nú taka bara við venjulegar æfingar og keppni fram að leikunum. Maður á því að geta verið í góðu formi í Tórínó." Kristján er ekkert búinn að setja sér markmið fyrir leikanna. „Það er erfitt að setja sér eitthvað markmið þegar svona langt er í leikanna. Ég ætla bara að sjá hvernig tímabilið gengur fyrir sig og meta stöðuna út frá því."



Það yrði ótrúlega gaman að fá að vera með

Elsa Guðrún Jónsdóttir hefur verið yfirburðakona í skíðagöngu hér á landi undanfarin ár og er nú við nám við skíðaskóla í Noregi. Elsa Guðrún er nítján ára gömul og stefnir á að verða fyrsta íslenska konan til þess að keppa í skíðagöngu á Ólympíuleikunum. „Það er mjög gaman að þessu og stór upplifun fyrir mig að fá að vera með í þessu. Þetta kom mér mjög á óvart þegar það var hringt í mig en þetta hefur opnað nýjar dyr fyrir mig og hjálpað mér mjög mikið," segir Elsa Guðrún, sem hefur sérstaklega gaman af Norðmanninum Birni Dæhlie enda keppti hann í sömu grein og hún.

„Ég hef mjög gaman af því sem Björn Dæhlie er að segja og hlusta mikið á hann. Ég bý í Noregi núna og er í skóla þar og get því talað við hann á norsku," segir Elsa en hún er þó ekki enn komin inn á leikana.

„Ég þarf að komast undir 100 FIS-punkta og það var stefnan í fyrra að reyna að ná þessu niður en ég varð mikið veik og fékk að auki járnskort sem eyðilagði fyrir mér veturinn. Ég þarf því að keppa mikið í haust til þess að ná þessu en þetta getur verið mjög erfitt því ég er bara 19 ára en þarf að keppa við bestu konurnar í Noregi. Ég veit því ekki alveg hvernig þetta kemur til með að ganga og hvort ég komist inn."

Elsa Guðrún hefur sigrað í göngu á Skíðamóti Íslands fimm ár í röð og það var því nauðsynlegt fyrir hana að komast í meiri keppni erlendis. „Það er mjög gott að komast út og þar er þetta allt öðruvísi umhverfi. Heima snerist þetta bara um að vinna, vinna, vinna en úti get ég ekki strax unnið þannig að maður þarf að leggja þetta öðruvísi upp."

Elsa Guðrún veit að það þarf mikið til að hún komist inn á leikana og því er mikið verk fram undan. „Þjálfarnir mínir bæði á Íslandi og í Noregi ætla að reyna að finna mót fyrir mig og núna er bara að æfa og æfa og reyna að gera eitthvað á þessum mótum. Ég hef aldrei keppt svona stíft áður þannig að þetta verður allt voða nýtt fyrir mér. Ég ætla að reyna að komast inn og það yrði ótrúlega gaman að fá að vera með og upplifa þetta. Ég er ekkert að hugsa um sæti eða annað slíkt núna því það sem skiptir öllu máli er að fá að keppa á leikunum."

ooj@frettabladid.is

LIÐIÐ MITT > BESTU SAMHERJAR ERLU HENDRIKSDÓTTUR Á FERLINUM

Ásthildur er líklega sú besta frá upphafi

Þóra B. Helgadóttir – „Einfaldlega besti markvörðurinn sem ég hef spilað með."

Katrín Jónsdóttir – „Sú duglegasta sem ég hef leikið með. Leggur sig alltaf hundrað prósent fram."

Guðrún Sóley Gunnarsdóttir – „.Hennar helsti kostur er hraði. Gott að spila með henni í miðri vörninni."

Rósa Júlía Steinþórsdóttir – „Les leikinn mjög vel. Alltaf hægt að treysta á hana."

Guðlaug Jónsdóttir – „Fjölhæf, sterk í vörn og sókn. Með mjög góðar sendingar"

Ásthildur Helgadóttir – „Góður samherji, mikill leiðtogi. Líklega besti leikmaður sem Ísland hefur átt."

Laufey Ólafsdóttir – „Með mikla hæfileika, góðar sendingar. Alhliða leikmaður sem getur leyst allar stöður á miðjunni."

Margrét Ólafsdóttir – „Mjög tæknisk, heldur vel bota. Einn af þessum leikmönnum sem getur unnið leiki upp á sitt eindæmi."

Olga Færseth – „Markaskorari af Guðs náð. Segir allt sem segja þarf um hana."

Ásta B. Gunnlaugsdóttir – „Það var mjög gaman að spila með Ástu. Fjölhæfur framherji sem gat einnig farið á miðjuna."

„Annars var mjög erfitt að gera upp á milli alls þess hóps sem ég hef spilað með í gegnum tíðina."

Í HEIMSÚRVALSLIÐI Ólafur Stefánsson.

Kunnir kappar kvaddir:

Ólafur valinn í heimsliðið

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson hefur verið valinn í heimsliðið sem leikur á móti Rússum í Moskvu 28. desember næstkomandi. Hér á ferðinni kveðjuleikur fyrir marga af kunnustu handboltamönnum Rússa, þar á meðal markvörðinn Andrei Lavrov og skytturnar Alexander Tutsjkin og Vladimir Kudinov. Ólafur er einn af 35 leikmönnum sem voru valdir í liðið hvaðan að úr heiminum en flestir voru valdir frá Króatíu, alls fimm leikmenn eða í allar stöður á vellinum nema vinstri horn og hægri skyttu þar sem okkar maður er einn af fimm örvhentum skyttum liðsins.

Heimsliðið er þannig skipað:

Markmenn: Vlado Sola (Króatía), David Barufett (Spánn), Peter Gentzel (Svíþjóð), Janos Szatmari (Ungverjaland), Arpad Sterbik (Serbía)
Vinstra horn: Lars Christiansen (Danmörk), Istvan Pasztor (Ungverjaland), Stefan Kretzschmar (Þýskaland)
Vinstri skyttur: Wissem Hmam (Túnis), Blazenko Lackovic (Króatía), Bruno M. de Sousa (Brasilía), Hussein Zaky (Egyptaland) Iker Romero (Spánn), Siarhei Rutenka (Slóvenía), Stefan Lövgren (Svíþjóð)
Miðjumenn: Ivano Balic (Króatía), Joachim Boldsen (Danmörk), Kristian Kjelling (Noregur), Uros Zorman (Slóvenía), Ljubomir Vranjes (Svíþjóð), Jackson Richardson (Frakkland)
Hægri skyttur: Kyun Shin-Yoon (Kórea), Lazlo Nagy (Ungverjaland), Mateo Garralda (Spánn), Ólafur Stefánsson (Íslandi), Volker Zerbe (Þýskaland)
Hægra horn: Mirza Dzomba (Króatía), Sawas Karypidis (Grikkland), Jan Filip (Tékkland), Gregory Anquetil (Frakkland)
Línumenn: Christian Schwarzer (Þýskaland), David Juricek (Tékkland), Bertrand Gille (Frakkland), Ratko Nikolic (Serbía), Igor Vori (Króatía).

Slæmur fyrri hálfleikur varð íslensku stelpunum að falli

íslenska kvennalandsliðið tapaði 0–1 fyrir Tékkum í gær en þetta var fyrsta tap íslenska liðsins í undankeppni fyrir HM í Kína 2007. Sænska landsliðið vann Hvít-Rússa 6–0 á sama tíma og er komið á toppinn í riðlinum.

FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið tapaði í gær fyrir Tékkum 1-0 í undankeppni heimsmeistaramótsins sem fram fer í Kína árið 2007. Mark Tékka kom eftir aðeins átta mínútna leik. Íslenska liðið sá aldrei til sólar í fyrri hálfleik en lék mun betur í þeim seinni og var óheppið að vinna ekki.

Höfðu byrjað vel

Fyrir leikinn í gær var íslenska liðið í efsta sæti riðilsins. Fyrstu tveir leikirnir voru góðir hjá liðinu, fyrst vannst sigur á Hvít-Rússum hér heima og svo jafntefli við Svía í eftirminnilegum leik ytra. Það var því mikið sjálfstraust í íslenska landsliðinu sem mætti því tékkneska í smábænum Kravare í gær.

Eftir slakan fyrri hálfleik notuðu íslensku stelpurna hálfleikinn til að þjappa sér saman og það var engu líkara en það væri nýtt íslenskt lið sem kom út úr búningsherbergjunum í síðari hálfleik. Þá fór boltinn að rúlla betur og fjölmörg færi sköpuðust. Það besta féll í skaut Margréti Láru Viðarsdóttur sem fór illa að ráði sínu í góðu færi.

Mikil vonbrigði

Jörundur Áki Sveinsson landsliðsþjálfari var að vonum ekki sáttur að leik loknum. „Þessi úrslit eru mjög mikil vonbrigði fyrir okkur. Við erum öll hundfúl og stelpurnar eru sársvekktar að hafa ekki í það minnsta náð jafntefli. Við sáum aldrei til sólar í fyrri hálfleik en í síðari hálfleik sköpuðum við okkur mikið af færum. Við vorum óheppnar að jafna ekki sérstaklega þegar Margrét Lára skoraði ekki. Úr slíkum færum skorar Margrét Lára úr í níutíuogníu skiptum af hundrað. Svona er fótboltinn," sagði Jörundur Áki.

Aðspurður hvaða leikmann hann hafi verið ánægðastur með sagði Jörundur: „Ég var í raun og veru ekki ánægður með einn eða neinn. Olga Færseth átti að vísu góða innkomu í byrjun síðari hálfleiks og á hrós skilið. Þetta tap í dag setur okkur í mjög erfið mál því aðeins eitt lið fer áfram úr riðlinum."

Á sama tíma og íslenska liðið brotlenti gegn því tékkneska sigruðu sænsku stelpurnar þær hvítrússnesku með sex mörkum gegn engu og eru því komnar í efsta sæti riðilsins.

hjorvar@frettabladid.is

GEKK EKKI Ásthildur Helgadóttir og félagar hennar í íslenska kvennalandsliðinu í knattspyrnu náðu ekki að kveðja Erlu Hendriksdóttur með sigri en íslenska liðið tapaði sínum fyrsta leik í undankeppni HM 2007 í Tékklandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

EINAR LOGI VIGNISSON: JONATHAN WOODGATE ORÐINN KÖLTHETJA

Við erum allir Luther Blissett

Eftir 517 daga í eyðimörkinni gekk Jonathan Woodgate loks hnarreistur í hvítum kyrtli Madrídinga inn á Bernabeau á fimmtudagskvöldið. Þurfti enga greiningardeild til að reikna út að gengi þar á völl ungur maður með mikla byrði á herðum. En almættið létti ekki byrðinni því eftir rúmar 20 mínútur var hann búinn að skora sjálfsmark og þegar samherjar hans voru loks signir framúr Bilbæingum lét hann reka sig útaf. Áhorfendur fundu svo til með pilti að þeir klöppuðu fyrir honum er hann gekk beygður af velli. Og þótt sumir fengju aumingjahroll yfir þessum gjörningi varð öðrum tilefni spekúlasjóna að þyrfti nú býsna mikið til að bræða hjörtu hinna kaldhæðnu og krítísku aðdáenda konungsliðsins. Ný költhetja fæddist þetta kvöld í Madrídarborg. Æðruleysisleg viðbrögð Woodgates heilluðu spænsku pressuna. „F**k me! What a debut," stundi hann við enskan blaðamann og sló síðan í gegn hjá spænskum blaðamönnum með því að svara á giska góðri spænsku á skýran og einfaldan hátt öllum þeim andstyggilegu spurningum sem að honum var varpað.

Stúderað á sjúkrabeði

„Komm on strákar, ef einhver af okkur ensku guttunum átti að hafa tíma til að læra málið var það ég, alltaf að spjalla við hjúkkurnar," svaraði Woodgate og vísaði til góðra stunda á sjúkrabeði syðra og stamandi talanda Beckham og Owen. „Með viðkynningu sinni hefur hann eignast hjörtu aðdáenda Madríd þótt ekki hafi hann enn náð virðingu þeirra sem leikmaður," sagði blaðamaður óopinbers málgagns félagsins, dagblaðsins AS.

Anarkistahetjan Blissett

Hverju sem framvindur hjá Woodgate hefur frumraun hans komist á spjöld sögunnar sem einhver lygilegasta endurkoma allra tíma. Skyrta númer 18 með nafni hans á bakinu flýgur út og sýnir hvernig gæfa og gjörvileiki kallast ekki alltaf á. Minnir saga Woodgates að þessu leyti á Luther Blissett sem ótrúlegt en satt er vinsælasti enski leikmaður sem leikið hefur á Ítalíu. Blissett var aðalstjarna spútnikliðs Watford ásamt John Barnes á öndverðum áttunda áratugnum er liðið styrkt af aurum Elton John skreið um stund í hásæng enskrar knattspyrnu. Hann var seldur til AC Milan 1982 fyrir milljón pund en skoraði aðeins fimm mörk og var seldur til heimahúsa fyrir 55 þúsund pund tveimur árum síðar. Sú tala samsvaraði kostnaðinum við að flytja fjölskyldu hans og hafurtask heim. Blissett varð frægur í annað sinn að endemum 1997 er fjórir ungir anarkistar voru ákærðir fyrir dómi í Rómaborg fyrir að hafa svindlað sér um borð í lest. Þeir sögðust vera með einn miða og þar sem „Við erum allir Luther Blisset" þá dygði sameiginlegt nafn þeirra til sameignar á lestarmiðanum. „Við völdum Blissett af því að hann var svona gæi eins og við sem vissi ekki hvað í helvítinu hann var að gera hérna á Ítalíu," var svar Blissettanna aðspurðra að nafngiftinni. Síðan hafa sprottið upp þúsundir vefsíðna kenndra við Blissett og vinsæll spennusagnahöfundur tekið sér þetta leyninafn. Hvort Woody nær viðlíka vinsældum er óljóst en byrjunin er lygilega lofandi.

SIGURKARFAN Dirk Nowitzki var frábær.

Evrópukeppni í körfubolta:

Þjóðverjar og Grikkir í úrslit

KÖRFUBOLTI Þjóðverjar og Grikkir mætast í úrslitaleik Evrópukeppni landsliða í körfubolta í dag í Serbíu. Mikil dramatík var í undanúrslitaleikjunum þar sem sigurkörfurnar komu á lokasekúndum leikjanna.

Þjóðverjar sigruðu Spánverja 74–73. Þar var NBA leikmaðurinn Dirk Nowitzki hetja Þjóðverja, hann skoraði sigurkörfuna með fallegu stökkskoti þegar þrjár sekúndur voru eftir af leiknum. Novitzki sem leikur með Dallas Mavericks gerði 29 stig í leiknum og var stigahæstur Þjóðverja. Hjá Spánverju var Javier Navarro stigahæstur með 27 stig.

Í hinunm undanúrslitaleiknum sigruðu Grikkir lið Frakka 77-76. Grikkinn Dimitrios Diamantidis gerði þriggja stiga körfu þegar þrjár sekúndur voru eftir af leiknum. Papadopoulos var stigahæstur Grikkja með 15 stig en hjá Frökkum var Tony Parker, leikmaður NBA meistara San Antonio Spurs atkvæðamestur með 20 stig. **- hh**

Belgíska knattspyrnan:

Rúnar skoraði sigurmarkið

FÓTBOLTI Rúnar Kristinsson gerði sigurmark Lokeren sem sigraði Club Brugge á útivelli 1–0 í belgísku úrvalsdeildinni í fótbolta. Mark Rúnars kom á 30. mínútu leiksins en sigur Lokeren hefur vakið verðskuldaða athygli því Club Brugge, sem er í Meistaradeildinni hefur verið besta lið Belgíu ásamt Anderlecht á undanförnum árum. Rúnar skoraði markið á laglegan hátt framhjá Tomislav Butina, landsliðsmarkverði Króatíu en Rúnari var síðan skipt útaf á 65. mínútu. Arnar Þór Viðarsson lék allan leikinn og Arnar Grétarsson spilaði fyrstu 72. mínútur leiksins en Marel Baldinsson er ennþá meiddur. **- hh**

Í GÓÐUM MÁLUM Spánverjinn Fernando Alonso getur tryggt sér Heimsmeistaratitlinn í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Tímataka í formúlu eitt:

Alonso fyrstur

FORMÚLAN Spænski ökuþórinn Fernando Alonso náði besta tímanum í tímatökum í gær fyrir brasilíska kappaksturinn í formúlu eitt kappakstrinum sem fram fer á dag.

Juan Pablo Montoya náði öðrum besta tímanum, en félagi Alonso hjá Renault, Giancarlo Fisichella, varð þriðji. Alonso getur orðið yngsti heimsmeistarinn í sögu Formúlu 1 á morgun ef hann nær góðum úrslitum í dag, en þessi 24 ára gamli ökumaður þarf að hafna í þriðja sæti eða ofar til að tryggja sér titil ökumanna.

Eini maðurinn sem getur náð Alonso, Finninn Kimi Räikkönen, náði aðeins fimmta besta tímanum. Heimsmeistarinn Michael Schumacher byrjar sjöundi en tímabilið hjá honum hefur valdið miklum vonbrigðum. **- hh**

Pedersen sá um United á Old Trafford

Frank Lampard tryggði Chelsea 2-1 sigur á Aston Villa með tveimur mörkum eftir að Luke Moore hafði orðið fyrstur til þess að skora gegn Chelsea á tímabilinu. Bæði Arsenal og Liverpool gerðu jafntefli.

FÓTBOLTI Morten Gamst Pedersen tryggði Blackburn 1-2 sigur á Manchester United á Old Trafford í gær með því að skora bæði mörk síns liðs, það fyrra beint úr aukaspyrnu á 33. mínútu og það seinna á 81. mínútu eftir slæm varnarmistök Paul Scholes. Inni á milli markanna hafði Ruud van Nistelrooy jafnað leikinn þegar hann fylgdi á eftir skoti Wayne Rooney en Rooney byrjaði á bekknum hjá Manchester-liðinu í gær.

„Það er hrikalegt að tapa svona leik hérna heima," sagði Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United. „Undanfarin ár hefur okkur gengið mjög vel á heimavelli og ég vona að svona úrslit endurtaki sig ekki. Við fórum illa með fjölmörg marktækifæri og okkur var einfaldlega refsað," sagði Skotinn allt annað en sáttur í leikslok.

Fyrsta markið á Chelsea

Luke Moore kom Aston Villa yfir gegn Chelsea rétt fyrir hlé og varð fyrsti leikmaðurinn til að skora hjá Chelsea-vörninni á tímabilinu en Chelsea hafði haldið hreinu 642 fyrstu mínútur tímabilsins. Þetta varð þó skammgóður vermir fyrir Aston Villa því Frank Lampard sá til þess að Chelsea hefur enn fullt hús. Lampard jafnaði leikinn á lokamínútu fyrri hálfleiks með marki beint úr aukaspyrnu og skoraði síðan sigurmarkið á 75. mínútu með marki úr vítaspyrnu eftir að Olaf Mellberg hafði fellt Didier Drogba í teignum.

Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður fyrir Arjen Robben í leiknum og spilaði síðustu 28 mínúturnar. David O'Leary knattspyrnustjóri Aston Villa var ekki sáttur við dómara leiksins því rétt áður en Chelsea fékk dæmda vítaspyrnu handlék Eiður Smári boltann að mati O'Leary.

KLÁRAÐI MANCHESTER Á OLD TRAFFORD Norðmaðurinn Morten Gamst Pedersen fagna hér sigurmarki sínu fyrir Blackburn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Tvö mörk frá Danny Murphy í upphafi leiks voru nóg fyrir Charlton í 2-1 sigri á West Bromwich og Hermann Hreiðarsson og félagar eru eina liðið sem virðist ætla að halda eitthvað í við Chelsea á upphafsmánuðum tímabilsins.

Martröð Everton

Tímabil Everton heldur áfram að versna. Í gær tapaði liðið fyrir nýliðum Wigan 1-0 á heimavelli sínum, Goodison Park. Mark Wigan gerði Damien Francis á 47. mínútu. Everton sem óvænt varð í fjórða sæti úrvaldseildarinnar í fyrra er nú í næst neðsta sæti deildarinnar.

Bikarmeistarar Arsenal gerðu markalaust jafntefli við nágranna sína frá London, West Ham á Upton Park. Hvorugt lið skapaði sér afgerandi færi í leiknum. West Ham heldur því áfram að koma á óvart og er í fjórða sæti deildarinnar. Bolton skaust upp í þriðja sætið með sigri á Portsmouth 1-0 á heimavelli sínum. Kevin Nolan gerði sigurmarkið með glæsilegri bakfallsspyrnu.

Nú var skorað í Liverpool-leik

Birmingham og Liverpool skildu jöfn á St. Andrews heimavelli Birmingham 2-2. Liverpool jafnaði leikinn fimm mínútum fyrir leikslok úr vítaspyrnu sem Djibril Cisse framkvæmdi. Rafael Benitez var ekki ánægður í leikslok: „Í heildina vorum við betra liðið. Við sköpuðum okkur færi til að gera út um leikinn en því miður þá tókst það ekki. Þrátt fyrir að hafa jafnað rétt fyrir lok leiksins þá fannst mér við tapa tveimur stigum en ekki fá eitt," **- óój, hh**

Newcastle vann annan leikinn í röð í ensku úrvalsdeildinni í gær:

Owen skoraði sigurmark Newcastle

FÓTBOLTI Michael Owen gerði sigurmark Newcastle sem sigraði Manchester City 1-0 á heimavelli í gær í ensku úrvalsdeildinni. Owen sem nýlega gekk til liðs við Newcastle frá spænska liðinu Real Madrid fyrir tvo milljarða íslenskra króna. Hann hefði hæglega getað skorað þrennu í fyrri hálfleik en heppnin var ekki með honum.

„Michael er frábær leikmaður. Ef hann helst heill mun hann færa liðinu mikið af mörkum. Ástæðan fyrir því að hann kostaði svona mikið er sú að hann skorar mikið af mörkum. Við keyptum ekki bara einhvern framherja þegar við fengum Michael Owen," sagði Graeme Souness, knattspyrnustjóri Newcastle. Liðið er nú komið í tíunda sætið eftir slæma byrjun á tímabilinu. Eftir að Stuart Pearce, stjóri City, tók við verðlaunanum sem knattspyrnustjóri mánaðarins hefur hvorki gengið né rekið hjá liðinu. Á einni viku hefur það tapað þremur leikjum, tveimur í deild og einum í deildarbikar. **- hh**

MARKINU FAGNAÐ Michael Owen og Lee Bowyer fagna hér sigurmarki Newcastle gegn Man. City en liðið er nú komið í 10. sæti deildarinnar eftir mjög slæma byrjun. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Þýska bundesligan í knattspyrnu í gær:

Loksins tapaði Bayern München

FYRSTA TAPAÐ Á TÍMABILINU Oliver Kahn og félagar hans í Bayern þurftu að sætta sig við tap fyrir Hamburger eftir að hafa unnið 15 leiki í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

FÓTBOLTI Þýsku meistararnir í Bayern München töpuðu loks sínum fyrsta leik í þýsku úrvalsdeildinni í gær þegar liðið sótti sprækt lið Hamburger heim í uppgjöri toppliðana. Hamburger sigraði leikinn 2-0 en áður en að leiknum kom hafði Bayern unnið 15 leiki í röð í deildarkeppninni. Hollendingurinn Rafael van der Vaart gerð fyrra mark heimamanna og Piotr Trochowski það síðaðar. Hamburger er nú aðeins stigi á eftir Bayern sem trónir á topp deildarinnar. Fyrir sigurinn fengu stuðningsmenn Hamburger 10.000 lítra af bjór í gjöf frá þýsku bjórrisanum Bitburger.

„Við vorum ekki nógu einbeittir í dag. Nú erum við búnir að slá þetta met og nú er það úr sögunni, Á vissan hátt er það ánægjulegt því fólk talaði ekki um annað. Nú erum við komnir aftur á byrjunarreit," sagði Oliver Kahn, markvörðu og fyrirliði Bayern München sem átti mjög góðan leik og kom í veg fyrir stærra tap.

Werder Bremen sem er í þriðja sæti vann góðan sigur á Bayer Leverkusen 2–1. Ivan Klasnic og Miroslav Klosen gerðu mörk Bremen gegn lærisveinum Rudi Völlers. Þá vann Schalke sinn fyrsta sigur frá því um miðjan ágústmánð þegar þeir lögðu Hannover 2–0. **- hh**

LEIKIR GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin:

BIRMINGHAM–LIVERPOOL	2–2
0–1 Luis Garcia (68.), 1–1 sjálfsmark (72.), 2–1 Walter Pandiani (75.), 2–2 Djibril Cisse, víti (85.).	
CHELSEA–ASTON VILLA	2–1
0–1 Luke Moore (44.), 1–1 Frank Lampard (45.), 2–1 Frank Lampard, víti (75.). **Eiður Smári Guðjohnsen** kom inná sem varamaður á 62. mínútu.	
EVERTON–WIGAN	0–1
0–1 Damien Francis (47.).	
MAN. UTD–BLACKBURN	1–2
0–1 Morten Gamst Pedersen (33.), 1–1 Ruud Van Nistelrooy (67.), 1–2 Morten Gamst Pedersen (81.).	
NEWCASTLE–MAN. CITY	1–0
1–0 Michael Owen (18.).	
WEST BROMWICH–CHARLTON	1–2
0–1 Danny Murphy, víti (9.), 0–2 Danny Murphy (31.), 1–2 Curtis Davies (51.). **Hermann Hreiðarsson** lék allan leikinn.	
WEST HAM–ARSENAL	0–0
BOLTON–PORTMOUTH	1–0
1–0 Kevin Nolan (25.).	

STAÐAN:

CHELSEA	7	7	0	0	14–1	21
CHARLTON	**6**	**5**	**0**	**1**	**10–4**	**15**
BOLTON	7	4	2	1	8–4	14
WEST HAM	**6**	**3**	**2**	**1**	**10–4**	**11**
MAN. UTD	6	3	2	1	7–3	11
MAN. CITY	**7**	**3**	**2**	**2**	**7–6**	**11**
ARSENAL	6	3	1	2	9–4	10
WIGAN	**6**	**3**	**1**	**2**	**5–4**	**10**
TOTTENHAM	6	2	3	1	5–3	9
MIDDLESB.	**6**	**2**	**2**	**2**	**6–7**	**8**
NEWCASTLE	7	2	2	3	5–7	8
BLACKB.	**7**	**2**	**2**	**3**	**5–9**	**8**
LIVERPOOL	5	1	4	0	3–2	7
BIRMINGH.	**7**	**1**	**3**	**3**	**7–11**	**6**
ASTON VILLA	7	1	3	3	6–11	6
FULHAM	**6**	**1**	**2**	**3**	**5–9**	**5**
PORTSM.	7	1	2	4	5–9	5
WBA	**7**	**1**	**2**	**4**	**7–13**	**5**
EVERTON	6	1	0	5	1–7	3
SUNDERL.	**6**	**0**	**1**	**5**	**3–10**	**1**

Enska 1. deildin:

BURNLEY–BRIGHTON	1–1
COVENTRY–HULL	0–2
CREWE–WATFORD	0–0
CRSYTAL PALACE–PRESTON	1–1
LEEDS–IPSWICH	0–2
Gylfi Einarsson var í byrjunarliði Leeds en var skipt útaf á 59. mínútu.	
LEICESTER–QPR	1–2
Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn með Leicester.	
MILLWALL–CARDIFF	0–0
NORWICH–READING	0–1
Ívar Ingimarssson og **Brynjar Björn Gunnarsson** voru báðir í byrjunaliði Reading og spiluðu allan leikinn.	
SHEFF. UTD–DERBY	2–1
SOUTHAMPTON–PLYMOUTH	0–0
Bjarni Guðjónsson var í byrjunarliði Plymouth en var skipt útaf á 85. mínútu.	
STOKE–WOLVES	1–3

STAÐA EFSTU LIÐA:

SHEFF. UTD	10	9	0	1	22–10	27
READING	**10**	**7**	**2**	**1**	**19–6**	**23**
WATFORD	10	5	3	2	19–12	18
LUTON	**10**	**5**	**3**	**2**	**14–10**	**18**
WOLVES	10	4	4	2	13–10	16
STOKE	**10**	**5**	**1**	**4**	**11–14**	**16**
SOUTHAMPT.	10	3	6	1	12–9	15
QPR	**10**	**4**	**3**	**3**	**9–11**	**15**
LEEDS	9	4	2	3	10–9	14

Enska 3. deildin:

N. COUNTY–RUSHDEN & DIAMONDS	0–0

STAÐAN:

GRIMSBY	10	6	2	2	14–8	20
WYCOMBE	**10**	**4**	**6**	**0**	**18–11**	**18**
ROCHDALE	10	5	2	3	20–12	17
CHESTER	**10**	**4**	**5**	**1**	**18–11**	**17**
N. COUNTY	10	4	5	1	11–8	17

Spænska úrvalsdeildin:

ESPANYOL–VILLARREAL	1–2
0–1 Josico (44.), 1–1 Luis Garcia (60.), 1–2 Senna (66.).	
VALENCIA–REAL SOCIEDAD	2–1
1–0 Aimar (34.), 2–0 Villa (48.), 2–1 Nihat (62.).	
ATLETICO MADRID–GETAFE	0–1
0–1 Pernia (71.)	
ZARAGOZA–DEPORTIVO	1–1
1–0 Milito (13.), 1–1 Tristan (45.).	

Ítalska A-deildin:

REGGIANA–UDINESE	2–0
1–0 Cozza (43.), 2–0 Cavalli (77.).	
PARMA–JUVENTUS	x–x
1–0 Delvecchio (13.), 1–1 Camoranesi (44.), 1–2 Vieira (82.).	

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild karla:

HK–ÍBV 35–22 (16–8)
Mörk HK: Vilhelm Gauti Bergsveinsson 8, Remigijus Cepulis 5, Hákon Bridde 4, Elías Már Halldórsson 4, Valdimar Þórsson 4, Gunnar Steinn Jónsson 4, Ólafur Bjarki Ragnarsson 3, Jón Heiðar Gunnarsson 2, Baldur Halldórsson 1.
Mörk ÍBV: Malden Cacic 8, Goran Kuzmanoski 6, Grétar Þór Eyþórsson 2, Davíð Þór Óskarsson 2, Jan Vtípil 1, Ólafur Víðir Ólafsson 1, Sigurður Bragason 1, Michal Dostalín 1.

ÞÓR AK.–STJARNAN 25–24 (12–14)
Mörk Þórs: Rúnar Sigtryggsson 7, Sindri Haraldsson 6, Arnór Þór Gunnarsson 4, Heiðar Þór Aðalsteinsson 3, Sigurður Sigurðsson 2, Sindri Viðarsson 1, Guðmundur Traustason 1, Aigars Lazdins 1.
Mörk Stjörnunnar: Patrekur Jóhannesson 5, Kristján Kristjánsson 5, Arnar Theódórsson 5, David Kekelia 4, Þórólfur Nielsen 2, Björn Friðriksson 2, Björn Óli Guðmundsson 1.

AFTURELDING–SELFOSS 30–30 (14–15)
Mörk Aftureldingar: Ernir Hrafn Arnarson 11, Hrafn Ingvarsson 6, Daníel Jónsson 4, Ásgeir Jónsson 3, Alex Kuzmin 2, Einar Ingi Hrafnsson 2, Hilmar Stefánsson 1, Jón Andri Finnsson 1.
Mörk Selfoss: Ramunas Mikalonis 12, Gylfi Már Ágútsson 5, Vladimir Duric 4, Atli Kristinsson 4, Ívar Grétarsson 3, Hörður Bjarnason 2.

DHL-deild kvenna:

STJARNAN–KA/ÞÓR 34–17
Mörk Stjörnunnar: Sólveig Lára Kjærnested 7, Elzbieta Kowal 6, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 5, Anna Einarsdóttir 4, Hind Hannesdóttir 3, Elísabet Gunnarsdóttir 3, Kristín Jóhanna Clausen 2, Rakel Dögg Bragadóttir 1, Elsa Rut Óðinsdóttir 1, Harpa Sif Eyjólfsdóttir 1, Elín Ýr Ólafsdóttir 1.
Mörk KA/Þór: Þorsteina Sigbjörnsdóttir 4, Jargita Markavicuit 4, Inga Dís Sigurðardóttir 2, Guðrún Linda Guðmundsdóttir 2, Erla Heiður Tryggvadóttir 2, Sandra Kristín Jóhannesdóttir 2, Auður Ómarsdóttir 1.

Þýski handboltinn:

LEMGO–MAGDEBURG 28–31
Sigfús Sigurðsson skoraði 2 mörk fyrir Magdeburg í leiknum en **Ásgeir Örn Hallgrímsson** skoraði 2 mörk fyrir Lemgo.

MELSUNGEN–GUMMERSBACH 21–38
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 7 mörk fyrir Gummersbach í leiknum og Róbert Gunnarsson bætti við 2 mörkum.

LUBBECKE–PFULLINGEN 31–25
Þórir Ólafsson skoraði 3 mörk fyrir Lubbecke í leiknum en liðið vann góðan sigur.

KRONAU ÖSTRINGEN–HAMBURG 30–28
Gunnar Berg Viktorsson komst ekki á blað hjá liði Kronau sem vann sinn þriðja heimasigur í ár.

GROSSWALLS.–WILHELMSHAVENER 29–29
Alexander Petersson skoraði 8 mörk fyrir Grosswallstadt í leiknum og **Einar Hólmgeirsson** bætti við 4. **Gylfi Gylfason** skoraði 5 mörk fyrir Wilhelmshavener.

STJÖRNUSIGUR Stjörnustúlkan Harpa Sif Eyjólfsdóttir sést hér skjóta yfir vörn KA/Þórs í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Kvennahandboltinnn í gær:

Stjarnan hóf mótið á sigri

HANDBOLTI Stjarnan vann öruggan 17 marka sigur á liði KA/Þór í opnunarleiki DHL-deildar kvenna í Garðabænum í gær. Stjarnan hafði níu marka forskot í hálfleik og sigur liðsins var aldrei í hættu enda refsu þær norðanstúlkur hvað eftir annað með auðveldum mörkum úr hraðaupphlaupum sem alls urðu fjórtán hjá þeim í leiknum.

Sólveig Lára Kjærnisted var markahæst Stjörnustúlkna með 7 mörk þar af komu 6 þeirra úr hraðaupphlaupum. Elzbieta Kowal átti einnig góðan leik á línunni en hún skoraði 6 mörk úr aðeins sjö skotum. **-óój**

Önnur umferð DHL-deildar karla í handbolta í gær:

Önnur flenging Eyjamanna

HANDBOLTI Tímabilið byrjar ekki vel hjá Eyjamönnum í karlahandboltanum en þeir komust eins og kunnugt er í úrslitum um íslandsmeistaratitilinn í fyrra. Eyjamenn töpuðu fyrsta leiknum fyrir ÍR á heimavelli með 14 marka mun, 41–27, og í gær lágu þeir með 13 mörkum gegn HK í Digranesi. Vilhelm Gauti Bergsveinsson skoraði átta mörk fyrir HK og örbhenta skytta Remigijus Caepulis bætti við fimm mörkum. Mladen Cacic skoraði mest fyrir ÍBV eða átta mörk en Ólafur Víðir Ólafsson skoraði aðeins einu sinni gegn sínum gömlu félögum.

Þórsarar unnu Tite-lausa Stjörnumenn með einu marki, 25–24, í spennuleik á Akureyri þar sem Rúnar Sigtryggsson átti mjög góðan leik fyrir Akureyrarliðið, skoraði 7 mörk og átti auk þess sex stoðsendingar á félaga sína í Þór. Tite Kalandaze lék ekki með Stjörnunni þar sem að hann puttabrotnaði á æfingu í vikunni.

Hið unga liða Aftureldingar úr Mosfellsbæ náði ekki að fylgja eftir sigri á FH í fyrsta leik og náðu aðeins jafntefli gegn Selfossi í gær, 30–30. Stórleikur Ernis Hrafns Arnarson dugði ekki heimamönnum en hann skoraði 11 mörk í leiknum en hjá Selfossi var Ramunas Mikalonis í sérflokki með 12 mörk. **-óój**

HVAÐ ER TIL RÁÐA? Erlingur Richardsson og Kristinn Guðmundsson, þjálfarar Eyjaliðsins skilja ekkert í spilamennsku liðsins í upphafi Íslandsmótsins en Eyjaliðið hefur tapað tveimur fyrstu leikjum sínum með samtals 27 marka mun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

VEGGFÓÐUR.

Nýtt tímarit um hönnun
– vertu með frá byrjun!

VEGGFÓÐUR er tímarit þar sem falleg heimili, hönnun og matargerð spila stóra rullu. Blaðið er í samstarfi við samnefndan þátt á Sirkus með Völu Matt og verður blaðið kynnt sérstaklega í hverjum þætti. Ritstjórar tímaritsins eru Halla Bára Gestsdóttir og Gunnar Sverrisson. VEGGFÓÐUR kemur út 12 sinnum á ári og kostar aðeins kr. 699.

FYRSTA TÖLUBLAÐ KEMUR ÚT 30. SEPTEMBER.

Síminn er 550 5000
askrift@veggfodur.is

Tilboð fyrir nýja áskrifendur

FÁÐU ÞÉR **12 MÁNAÐA ÁSKRIFT** NÚNA Á AÐEINS **KR. 5.872** OG FÁÐU FALLEGA GJÖF AÐ AUKI.

1 Petal Essence Face Accents þriggja lita andlistfarði frá Aveda og Aveda box sem hentar afar vel undir. Gott til þess að hafa í veskinu eða skápnum.

2 Aquolina Bodymousse sem er jógúrtlína fyrir allar viðkvæmustu húðgerðir. Sú besta til að næra húðina og gera hana mjúka. Jógúrtlínan kemur í 3 baðtegundum sem hægt er að velja á milli: kirsuberja, Ananas og villiberja.

3 Zirh taska með snyrtivörum fyrir karlmenn. Tilvalið í ferðalagið eða helgarferðina.

Miðilsnámskeið Einkatímar Skyggnilýsing

Hjónin Eva og Matthias Güldenstein frá Psi Zentrum Basel í Sviss verða með 2 námskeið hér á landi dagana 28. og 29. september og 3. og 4. október nk. Fyrra er námskeiðið er byrjendanámskeið í miðlun og það seinna, námskeið í áruteiknun og portraitteiknun. Eva og Matthias verða einnig með einkafundi og Skyggnilýsingarfundur verður í Maður lifandi föstudaginn 30. september og hefst hann stundvíslega kl. 19:30. Frekari upplýsingar eru í síma /5551727 og á www.skogarsetrid.is

STUÐ MILLI STRÍÐA : Símalaus í Seattle

MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR ER ALLT OF HÁÐ FARSÍMANUM SÍNUM.

MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég hef hingað til hlegið að því þegar betri helmingurinn kvartar yfir Bellu símamær sem liggur svo ógurlega mikið á hjarta. Hann skilur einfaldlega ekki hvernig hægt er að tala svona mikið í síma, mala um sömu hlutina við vinkonuflotann og hafa þörf fyrir að deila lífi sínu með vinunum. Nenni níski bankar líka stundum uppá því hann veit alveg hvað það kostar að mala í GSM-síma. Í vikunni sem leið var ég stödd á vesturströnd Bandaríkjanna. Þegar ég kveikti á símanum mínum í flugstöðinni í Seattle uppgötvaði ég, mér til mikillar skelfingar, að síminn minn virkaði ekki.

Þegar ég kom upp á hótel reyndist vera ógerningur að hringja til Íslands en seinna komst ég að því að það er jafnvel erfitt að hringja út úr ríkinu. Svo ég labbaði niður í móttökuna þar sem ég fann kortasíma. Eftir að hafa farið eftir öllum leiðbeiningum, ýtt kortinu inn, slegið inn réttar tölur og beðið í sirka fimm mínútur kom rödd í símann sem bað mig að segja sér kortanúmerið. Ég sagði henni það en hún tjáði mér að þetta væri vitlaust númer. Ég þrætti aðeins við hana í símann þangað til ég gafst upp og skellti á ótrúlega pirruð enda hafði ég eytt sirka átta mínútum í algert rugl. Eftir þetta bjargaði ég mér á því að senda SMS í gegnum tölvuna. Ég fann að eitthvað vantaði í líf mitt og verð því bara að játa mig sigraða. Næst þegar ég fer til Ameríku ætla ég að vera með GSM-síma sem virkar. Það er líka svo tilgangslaust að senda SMS ef maður fær ekkert svar. Þá vantar eitthvað í leikinn.

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli

PÚ OG PA

Eftir SÖB



SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

6	3	7	1	9	5	8	2	4
8	1	9	2	6	4	7	3	5
2	5	4	3	7	8	9	6	1
9	4	6	5	3	7	2	1	8
1	2	5	6	8	9	4	7	3
3	7	8	4	1	2	6	5	9
5	6	2	8	4	1	3	9	7
7	8	1	9	2	3	5	4	6
4	9	3	7	5	6	1	8	2

	5	3		8				9
	9				6	7	5	
1		6		5			3	
5			1					7
4			8	9	7			3
6					2			8
	6			7		2		5
	1	8	4				7	
2				3		9	4	

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

Niður frá Nashville

Bandarískri sveitatónlist verða gerð góð skil á fyrsta Hvíldardagskvöldi vetrarins á Grand rokki. Á Hvíldardagskvöldunum hafa verið sýndar tónlistarmyndir, þar sem forsaga rokktónlistarinnar er rakin og verður nú haldið áfram þar sem frá var horfið fyrir sumarhlé.

Í kvöld verða sýndar þrjár myndir. Sú fyrsta nefnist Down From the Mountain og er frá árinu 2000. Þar er kannað tónlistarlegt baksvið kvikmyndarinnar „O Brother, Where Art Thou“, en við hljóðrás hennar mátti heyra í rjómanum af kántrí- og bluegrass-listamönnum allra kynslóða. Í myndinni má heyra í Alison Krauss, Gillian Welch, Emmylou Harris, John Hartford og Ralph Stanley, en sá síðastnefndi er einn af örfáum frumkvöðlum bluegrass-bylgjunnar sem enn er á lífi.

Næst verður sýnd vönduð heimildarmynd um Chet Atkins, einhvern ástsælasta rafgítarleikara í sögu sveitatónlistarinnar og mikinn áhrifavald í framgangi rokksins á sjötta og sjöunda áratugnum. Farið er yfir ferilinn og rætt við samferðamenn og vini á borð við Mark Knopfler, Les Paul, Dolly Parton, Willie Nelson og George Benson.



JOHNY CASH Kántrímiðstöðin í Nashville verður í brennidepli á fyrsta hvíldardagskvöldi vetrarins á Grand rokki.

Loks verður sýnd myndin The Road to Nashville frá 1967, sem er stórmerkileg leikin kvikmynd þar sem ber fyrir augu og eyru tónlistarmenn eins og Johnny Cash, Carter-fjölskylduna, Marty Robbins, Waylon Jennings, Hank Snow og Faron Young. ■

PARIS HILTON Hefur einstakt lag á að koma sér í klandur og er nú með lögguna í Maryland á hælunum.

Paris góðkunningi löggunnar

Paris Hilton er orðin einn mesti höfuðverkur lögreglunnar í Maryland eftir að yfirvöld komust að því að hún hafi boðið unglingum að reykja gras til að fá þá til að slaka á áður en einn af þáttum hennar *The Simple Life* var tekinn upp. Ef þetta reynast sannar sögur gæti Paris Hilton þurft að borga háa sekt og hugsanlega þurft að fara í fangelsi. Talsmaður Fox-sjónvarpsstöðvarinnar heldur því fram að sögurnar séu ekkert annað en uppspuni. ■

Finnska hljómsveitin Nightwish gerir það gott

Finnska hljómsveitin Nightwish gefur nú út sína sjöttu plötu. Hún ber nafnið Highest Hopes - The best of Nightwish og kemur út á mánudaginn. Þó hljómsveitin sé lítið þekkt hér á landi, þá hefur hún verið að gera það gott allt frá árinu 1997 um alla Evrópu. Hún hefur selt yfir 2,5 milljónir platna á ferli sínum sem spannar nú heil níu ár. Síðasta plata þeirra, Once, sem kom út í október á síðasta ári, hlaut mikið lof og náði meðal annars platínusölu í Finnlandi daginn eftir útgáfudag. Once varð vinsælasta plata Evrópu í tvær vikur á síðasta ári og sýnir það hversu miklum árangri hljómsveitin finnska hefur náð. Nightwish hefur mjög sérstakan stíl, en hún blandar saman melódísku þungarokki og klassískri tónlist. Söngkona Nightwish, Tarja, er lærð sópransöngkona og hún á stóran þátt í því að skapa frumlegan hljóm þeirra.

Tuomas sem er hljómborðsleikari Nightwish segir að tónlist hljómsveitarinnar hafi þróast að miklu leyti frá því að fyrsta plata þeirra kom út árið 1997. „Þemað á bakvið tónlistina er að vissu leyti það sama, en að sjálfsögðu hefur hún breyst örlítið. Við byrjuðum sem þungarokksband en en höfum þróast mikið með árunum og erum orðnir mun fjölbreyttari en áður.“ Tuomas skrifar bæði tónlist og texta hljómsveitarinnar og hann segir sinn helsta áhrifavald á tónlistarsviðinu koma úr kvikmyndatónlist. „Textarnir mínir eru á mjög persónulegum nótum. Ég skrifa mikið um tilfinningar og líka bara um lífið og tilveruna.“ Hann segir hljómsveitarmeðlimi Nightwish hlusta á allar tegundir tónlistar sem gefur þeim vissan fjölbreytileika. „Við hlustum á allt frá poppi til þungarokks. Eiginlega allt nema rapp.“

Nightwish hefur haldið fjölda tónleika út um allan heim og Tuomas segist hafa mikinn áhuga á því að leika á Íslandi. „Ég hef aldrei hitt né talað við neinn frá Íslandi og hef alltaf velt því fyrir mér hvað sé eiginlega á seyði þar. Ísland er svo framandi. Við höfum haldið tónleika í Noregi, Svíþjóð og Danmörku, en aldrei á Íslandi. Ef það er áhugi fyrir því að fá okkur, þá munum við gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma þangað og spila.“

drifa@frettabladid.is

NIGHTWISH Það hefur ekki farið mikið fyrir þessari vinsælu finnsku hljomsveit á Íslandi en það gæti farið að breytast.

SEBASTIAN®
PROFESSIONAL

Hár og förðunarmódel 18-25 ára óskast á Sebastian sýningu sem verður haldin í Borgarleikhúsinu sunnudaginn 09. Október kl.15.00.

Á þessari sýningu kynna erlendir fagaðilar haust og vetrarlínur 2005 -2006 frá Sebastian í hári og förðun.

Skráning er í síma 563 63 00 (Anna eða Rósa) fyrir miðvikudaginn 05. Október.

HALLDÓR JÓNSSON



FRAMKOMU& FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 27. OG 29. SEPTEMBER.

SJÁLFSSTYRKING FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR INNSÝN Í FYRIRSÆTUSTÖRF FÖRÐUN UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS UNDIRBÚNINGUR FYRIR MYNDATÖKU MYNDATAKA (16 SV/HV MYNDIR) TÍSKUSÝNINGARGANGA FÍKNIEFNAFRÆÐSLA FRÁ GÖTUSMIÐJUNNI MYNDBANDSUPPTÖKUR LEIKRÆN TJÁNING NÆRINGARRÁÐGJÖF

Umsjónarkennari námskeiðsins er Kristín Ásta Kristinsdóttir framkvæmdarstjóri Ford keppninnar, auk gestakennara.
Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, viðurkenningarskjal, 16 sv/hv myndir og lyklakippu.
Námskeiðinu lýkur með stórri tískusýningu í Kringlunni.
Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tískusýningu.

Verð 15.500 kr.

Skráning er hafin í síma 533-4646 og á **www.eskimo.is.**
Skráning er einnig hafin á framhalds Framkomu og fyrirsætunámskeið.

eskimo

Leikskólapopp fyrir fullorðið fólk

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN



THE BOY LEAST LIKELY TO
The Best Party Ever

NIÐURSTAÐA: Breska sveitin The Boy Least Likely To er með vinalegri sveitum sem þið heyrið í. Spilagleðin lekur af plötunni eins og sýróp af pönnukökum. Textarnir eru svo frábærar vangaveltur um hversdagsleikann, sagðar frá sjónarhorni manns sem neitar að þroskast um of.

Aðdáendur Belle and Sebastian ættu að hafa eyrun opin fyrir sveitinni The Boy Least Likely To. Það ríkir sami vinalegi viðar andi yfir sveitunum en hljómar eins og hún hafi eytt lengri tíma á leikskólanum. Miðað við hversu yndislega barnalega útsetningar eru kæmi mér ekkert á óvart ef þessi sveit væri full af leikskólakennurum. Hér er spilað á klukkuspil, blokkflautur og alls kyns smádót sem þið finnið eflaust í dótakassanum hjá börnunum ykkar.

Þetta er þó ekki tónlist fyrir smákrakka, þó að það kæmi mér ekkert á óvart ef litli átta ára frændi minn og eins árs frænka hefðu gaman af þessu. Þau myndu tengja sig við hversu einfaldar og upplífgandi lagasmíðarnar eru. Svo þegar þau fara að færast nær þrítugu eiga þau eftir að tengja við textana, sem eru hreint út sagt afbragð. Söngvarinn setur sig oftast í hlutverk þrítugs barns sem botnar ekkert í heiminum. Hann veltir sér upp úr einföldum hlutum eins og af hverju hann hugsi of mikið, og hvers vegna allir gömlu skólafélagarnir hans séu að breytast í sömu skrímsli og hann fyrirleit sem unglingur. Já, og það að sofa með skammbyssu undir koddanum af ótta við heiminn. Allt er þetta sungið ofan á tónlist sem er svo upplífgandi að hún gæti skorið glufur á þykkustu og dökkustu regnský fyrir sólina að sleppa í gegn. Þau eru í stuði, þó svo að það þau séu ein í teitinu og það sé hvirfilbylur á leiðinni. Ef þú eruð eitthvað örlítið dán þessa dagana, þá er þetta rétta platan til þess að tékka á.

Það skemmir ekki heldur fyrir að þessi sveit hefur algjörlega rennt sínum eigin bolta af stað. Þau hljóðrituðu plötuna sjálf og stofnuðu svo sitt eigið útgáfufyrirtæki til þess að gefa út þessa frumraun sína. Næst redduðu þau sér dreifingu um Bretland og komust þannig inn í tónlistarblöðin. Nýverið gerði sveitin svo samning við stærri útgáfu sem lofar að skila plötunni í búðir um allan heim. Svona á að fara að þessu krakkar mínir! Gera afbragðs plötu, vera sjálfs síns herra og hafa stærri útgáfurnar í vasanum þegar þær koma bankandi upp á.

Birgir Örn Steinarsson

LÍFSHÁSKI Nýjasta þáttaröðin af Lost var frumsýnd í Bandaríkjunum á miðvikudaginn. Óhætt er hægt að segja að þátturinn hafi vakið fleiri spurningar en þær sem fyrir voru.

Varúð! Ný sería af Lífsháska frumsýnd

Þið sem eruð Lost-aðdáendur ættuð þið að fletta yfir á næstu blaðsíðu. Látið þessa frétt algjörlega í friði og ekki kvarta yfir því að við segjum frá næstu seríu. Þið hafið verið vöruð við.

Nýjasta serían af Lost hófst í Bandaríkjunum á miðvikudaginn. Eins og við mátti búast gaf fyrsti þátturinn til kynna að eyjan dularfulla sem áhorfendur RÚV kynntust á mánudagskvöldum í sumar væri enn dularfyllri. Í fyrsta þættinum kemur í ljós hvað býr handan við haftið sem var sprengt í síðasta þættinum, auk þess sem spurningar vakna um heilindi Walt.

Sem sagt, fyrsti þátturinn í nýju Lost-seríunni svarar nákvæmlega engu og skilur Lost-fíklana eftir í enn meiri óvissu. Daniel Dae Kim, sem leikur kóreska harðjaxlinn, lýsir þessu best: „Handritshöfundar þáttanna eru svo sniðugir að þegar þeir koma með svar við einni spurningu bæta þeir fimm nýjum við.“ Miðað við fyrsta þáttinn má segja að Kim hitti þarna naglann á höfuðið.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparinn Paul Wall frá Houston er að gera allt vitlaust vestanhafs ásamt félaga sínum Mike Jones. Plata hans The Peoples Champ seldist í 176.800 eintökum fyrstu vikuna sem hún kom út og plötufyrirtækið Asylum Records ætti því ekki að sjá eftir því að hafa boðið þeim félögum samning.

Ný fatalína söngkonunnar Beyoncé Knowles og móður hennar Tinu Knowles, The House of Dereon Fashion Label verður kynnt í næsta mánuði. „Fatalína okkar verður ólík fatalínum annarra þekktra einstaklinga úr skemmtanabransanum á þann hátt að það erum við sem raunverulega hönnum fötin,“ segir Tina Knowles. Fatalínan mun ná yfir gallabuxur, skó, handtöskur, kjóla og pelsa.

Kvenkyns rapparinn Foxy Brown er á leiðinni í aðgerð vegna heyrnargalla. Hún deildi því með aðdáendum sínum að hún væri að vinna að nýrri plötu en gaf ekki upp neina ákveðna dagsetningu. Hún sagði að hún myndi meðal annars fá rapparann Big Daddy Kane til að vera með sér á nýju plötunni, sem margir eru eflaust spenntir að fá að heyra.

HUGSAÐU STÓRT
SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

Sýnd kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15
Sýnd í Lúxus kl. 3.30, 5.45, 8 og 10.15

Sýnd kl. 8 og 10

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.i. 14 ára

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

Sýnd kl. 2, 4 og 6 í þrívídd

Sýnd kl. 2 og 3.50 ÍSLENSKT TAL

Dolby SDDS THX
BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

Sýnd kl. 3, 5.45, 8 og 10.15

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

3 BÍÓ Á AÐEINS 400 KR.



Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.i. 14 ára



Sýnd kl. 3 ÍSLENSKT TAL

Sýnd kl. 5.30, 8, og 10.20

Sýnd kl. 3 B.i. 10 ára

Sýnd kl. 3 í þrívídd

Borgarbíó	Deuce Bigalow b.i. 14 ára	kl. 4 (400 kr.) og 6
	Ævintýraferðin	kl. 4 (400 kr.)
	Bewitched	kl. 6, 8 og 10
	The Man	kl. 8 og 10

- bara lúxus LAUGARÁS BÍÓ Sími 553 2075

Sýnd kl. 3:30, 5:40, 8 og 10:20

Sýnd kl. 10:20 b.i. 16

Sýnd kl. 5:40 og 8

Sýnd kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | Sýnd kl. 1:50 og 4 | Sýnd kl. 2 í þrívídd

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400KR!
ATH: SÝNINGAR MERKTAR RAUÐU

3 BÍÓ Á AÐEINS 400 KR.
Aðeins 400 kr. kl. 3 á þessar myndir í Regnboganum í dag!

REGNBOGINN

TVÖ - BÍÓ
LAUGARÁS BÍÓ
ÓDÝRT Í BÍÓ KR. 400
TILBOÐSBÍÓ

ATH! SÝND KL. 2 | ATH! SÝND KL. 1:50 | ATH! SÝND KL. 2

TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS
- AÐEINS 400 KR. -

NATASHA ROYAL Kennir dans í Árbænum og vill sjá fólk á öllum aldri dansa Hip Hop.

Enginn er of gamall til að læra að dansa

Natasha Royal kom til Íslands fyrir rúmum sjö árum og hefur síðan þá kennt Íslendingum að dansa. Hún segir að það sé aldrei of seint að byrja að læra dans.

Natasha byrjaði að kenna dans í dansskóla Heiðars Ástvaldssonar en hefur nú kennt í Kramhúsinu undanfarin ár auk þess sem hún er með dansnámskeið í Árbænum. Natasha er fyrsti danskennarinn hér á landi sem kennir alvöru Hip Hop dans og segir að þegar hún kom fyrst til Íslands að fáir hafi vitað mikið um Hip Hop menninguna almennt.

„Það var eitthvað um það að spiluð væri Hip Hop tónlist, en það vantaði alveg upp á dansinn," segir Natasha. „Það er svo mikið um það að fólk sem er komið yfir tvítugt haldi það að það sé orðið of gamalt til þess að læra að dansa. En það er alls ekki rétt. Það vantar mikið upp á danskunnáttu Íslendinga. Á skemmtistöðum borgarinnar sér maður það greinilega. Það eru svo margir sem standa bara á sama stað. Hér þarf að kenna fólki að hreyfa sig."

Natasha er frá New York-borg og hefur dansað frá því að hún var ellefu ára gömul. Hún segir fólk mun opnara fyrir Hip Hop menningunni þar heldur en hér. „Úti í New York þá skiptir ekki máli hve gamall þú ert. Hip Hop er fyrir alla og það er enginn of gamall til þess að hlusta á Hip Hop eða læra að dansa." Natasha segir að Íslendingar séu að opnast með árunum þó enn sé aldurshópurinn sem sækir í tímana hjá henni í lægri kantinum.

„Þegar ég fer með dönsurunum mínum í keppnisferðir til Evrópu er okkar hópur alltaf með yngstu keppendurna af öllum. Þegar ég var að læra að dansa úti í New York var þar fólk á öllum aldri. Það var tíu ára strákur með mér í hópi sem hafði roð við þeim allra bestu." Natasha segir enn fremur að komandi kynslóðir muni njóta góðs af því að hafa lært að hreyfa sig við taktfasta tónlist frá unga aldri. „Allir þessir ungu krakkar sem eru að læra dans hjá mér núna munu kunna að dansa það sem eftir er ævinnar." Natasha segir að Ísland skorti ekki góða danskennara. Fleiri mættu hins vegar mæta í tíma. Hún heldur dansnámskeið í Árbæ á föstudögum og laugardögum í vetur.

„Ég vil fá að sjá fólk á öllum aldri mæta í tímana mína. Þar getur það lært að dansa alvöru Hip Hop dans, beint af götum New York-borgar."

Frekari upplýsingar um dansnámskeiðin má nálgast á vefsíðunni blog.central.is/breakoghiphop.

drifa@frettabladid.is

Sigur Rós spilar á Íslandi

Hljómsveitin Sigur Rós heldur langbráða tónleika hér á landi í lok nóvember en það eru nær þrjú á síðansveitin lék síðast á Íslandi. Tónleikarnir hér heima munu marka endapunkt langs tónleikaferðalags Sigur Rósar um heiminn á þessu ári sem borið hefur sveitina um Asíu, Bandaríkin og svo Evrópu.

Þessa stundina er hljómsveitin stödd í Bandaríkjunum og fram undan eru til dæmis tónleikar á hinum sögufræga 18.000 manna tónleikastað Hollywood Bowl í Los Angeles.

Sigur Rós sendi fyrir stuttu frá sér diskinn Takk og hefur kynnt hann og fylgt honum eftir með tónleikaferðalaginu. Takk hefur verið vel tekið víða um heim og komist hátt á plötusölulistum en hér á landi hefur diskurinn selst í tæplega 5.000 eintökum frá því hann kom út hinn 12. september. Tónleikaferð hljómsveitarinnar hefur líka verið vel tekið og lofsamlegir dómar birst í fjölda erlendra fjölmiðla.

Tónleikar Sigur Rósar hér á landi verða í Laugardalshöll sunnudaginn 27. nóvember og leikur hljómsveitin Amina á undan Sigur Rós og leggur henni einnig lið í nokkrum lögum. ■

SIGUR RÓS Snýr aftur eftir langa bið og mun leika tónlist sína fyrir landa sína í Laugardalshöll í nóvember.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

22 23 24 **25** 26 27 28

Sunnudagur

TÓNLEIKAR

- 16.00 Pianóleikararnir **Jón Sigurðsson** og **Þórarinn Stefánsson** leika fjórhent á nýjan flygil Ketilhússins á Akureyri á tónleikum sem Tónlistarfélag Akureyrar heldur í samvinnu við Félag íslenskra tónlistarmanna.
- 20.00 **Finnur Bjarnason** tenór og **Örn Magnússon** pianóleikari halda tónleika í TÍBRÁ, tónleikaröð Kópavogs, í Salnum í Kópavogi.
- 20.00 **Kristín Þuríður Halliday** sópransöngkona heldur tónleika í Hafnarborg, Hafnarfirði ásamt **Antoniu Hevesi** pianóleikara og **Einari Jóhannessyni** klarinettuleikara og **Peter Tomkins** óbóleikara. Kristín verk eftir Händel, Vivaldi, Schubert, Puccini, Gounod og fleiri ásamt sígildri bandarískri tónlist.
- 20.00 **Garðar Garðarsson** leikur klassíska djass með söng á Póstbarnum. Þar verður í allan vetur leikinn léttur djass á sunnudagskvöldum.
- 21.00 **Bubbi Morthens** heldur tónleika á Trúbadorahátíð Íslands, sem haldin er í fjórða sinn í Egilsbúð, Neskaupstað.

KVIKMYNDASÝNINGAR

- 20.50 **Hvíldardagskvöld** á Grand Rokk með Alison Krauss, Chet Atkins, Waylon Jennings, Johnny Cash, Marty Robbins og fleirum.

hvar@frettabladid.is

Heiða velur myndirnar

Af gefnu tilefni skal tekið fram að myndir í mannréttindaflokki Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík voru valdar af Heiðu Jóhannsdóttur, dagskrárumsjónarmanni hátíðarinnar, í samráði við UNIFEM og Grétu Ólafsdóttur.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I think someone should just take this city and just... just flush it down the fuckin' toilet."

Svar:
Travis Bickle úr kvikmyndinni Taxi Driver árið 1976.

dagskrá

Í TÆKINU AMY BRENNEMAN LEIKUR Í JUDGING AMY KL. 18.00 Á SKJÁ EINUM

Lærði um helgidansa í Nepal

Amy Brenneman fæddist í Connecticut árið 1964 og var yngst þriggja systkina. Faðir Amy er umhverfislögfræðingur og móðir hennar, sem er dómari, var ein af fyrstu konunum til að útskrifast frá Harvard. Amy er einnig útskrifuð frá Harvard þar sem hún fékk hæstu einkunn í trúarbragðafræði. Hún tók einnig eina önn í að læra um helgidansa í Nepal.
Amy hreifst af leiklist á unglingsaldri en í menntaskóla stofnaði hún leikfélagið Cornerstone sem ferðaðist um smábæi, setti upp klassísk verk og hvatti bæjarbúa til að taka þátt í þeim. Eftir að hafa ferðast með félaginu í fimm ár fluttist hún til New York. Hún gerðist kennari í Brooklyn og lék við og við í leikhúsum borgarinnar.
Amy birtist fyrst á sjónvarpsskjánum árið 1992 en stuttu síðar lék hún í NYPD Blue, sem hún hlaut Emmy-tilnefningu fyrir. Árið 1995 fékk hún fyrsta kvikmyndahlutverk sitt í myndinni Bye Bye, Love. Að frátöldu hlutverki sínu í Nevada hafa aukahlutverk hennar í kvikmyndum alltaf staðið út úr.
Í Judging Amy nýtir Amy reynslu sína frá því í æsku en þættirnir, sem eru blanda af fjölskylduflækjum og drama, hafa átt gríðarlegri velgengni að fagna. Um aldamótin fékk Amy aðalhlutverk í sjónvarpsmyndinni Mary Cassatt: An American Impressionist og lék í uppsetningum á tveimur leikritum.
Amy er gift leikstjóranum Brad Silberling sem hún kynntist við gerð þáttanna NYPD Blue.

Þrjár bestu myndir Amy: **Heat** – 1995 **Things You Can Tell Just by Looking at Her** – 2000 **Nine Lives** – 2005

▶ **21.50**
BÍÓ
CIDADE DE DEUS

▶ **19.45**
SPJALL
SJÁLFSTÆTT FÓLK

▶ **14.30**
GAMAN
AMERICAN DAD

▶ **22.00**
SPENNA
CSI: NEW YORK

▶ **12.00**
KAPPAKSTUR
HEIMSBIKARINN Í FORMÚLU

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar **8.01** Engilbert **8.11** Ernst **8.21** Matti morgunn **8.33** Magga og furðudýrið ógurlega **9.00** Disneystundin **9.01** Lilo og Stitch **9.25** Sígildar teiknimyndir **9.30** Mikki mús **9.55** Matta fóstra og ímynduðu vinirnir **10.20** Latibær **10.50** Spaugstofan **11.15** Hljómsveit kvöldsins **11.45** Á faraldsfæti

12.15 Út og suður **12.45** Náttúra Evrópu (3:4) **13.35** Carmen **15.25** Prinsinn af Bengal (3:3) **15.50** Krakkar á ferð og flugi (19:20) **16.15** Löggan, löggan (8:10) **16.20** Táknmálsfréttir **16.30** Formúla 1

19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljósið**
20.00 **Kallakaffi (1:12)** Ný íslensk gamanþáttaröð sem gerist á kaffihúsi sem Kalli og Magga, nýskilin hjón, reka. Höfundur er Guðmundur Ólafsson, leikstjóri Hilmar Oddsson og meðal leikenda eru Rósa Guðný Þórsdóttir, Valdemar Örn Flygenring, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir, Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Davíð Guðbrandsson og Ívar Örn Sverrisson. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
20.30 **Norður og suður (1:4)** (North and South)
21.25 **Helgarsportið**
▶ **21.50** **Borg guðs** (Cidade de Deus) Margverðlaunuð brasilísk bíómynd frá 2002 þar sem sögð er þroskasaga vina sem alast upp í glæpahverfi í Rio de Janeiro en feta hvor sína braut. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

23.55 Kastljósið **0.25** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Kýrin Kolla, Litlir hnettir, Pingu, Sullukollar, Véla Villi, Könnuðurinn Dóra, Ginger segir frá, WinxClub, Hjólagengið, Titeuf, Batman, Skrímslaspilið, Froskafjör, Scooby Doo, Shoebox Zoo) **11.10** Home Improvement 2 **11.35** Divine Secrets of the Ya-Ya (BB)

13.30 Neighbours **13.50** Neighbours **14.10** Neighbours **14.30** Neighbours **14.50** Neighbours **15.15** Idol – Stjörnuleit (25:37) (e) **16.40** Idol – Stjörnuleit (26:37) (e) **17.15** Það var lagið

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.15 **Einu sinni var (3:7)** Eva María Jónsdóttir heldur áfram að varpa nýju ljósi á ýmsa fréttnæma atburði Íslandssögunnar, stóra sem smáa.
▶ **19.45** **Sjálfstætt fólk** (Emiliana Torrini)
20.15 **Monk (11:16)** (Mr. Monk Vs The Cobra)
21.00 **Blind Justice (6:13)** (Blint réttlæti)
21.45 **Deadwood (1:12)** (A Lie Agreed Upon, Part 1) Verðlaunaþáttaröð um lífið í villta vestrinu. Deadwood er litríkur landnemabær í Bandaríkjunum þar sem allt er leyfilegt. Gullæði rekur marga áfram en fæstir hafa heppnina með sér. Stranglega bönnuð börnum.
22.35 **DNA** Hörkuspennandi sjónvarpsmynd. Meinafræðingurinn Joe Donovan starfaði að rannsókn fjölmargra sakamála en er nú hættur störfum. En þegar nafn hans er skrifað með blóði á morðstað vakna ýmsar spurningar.

23.45 Crossing Jordan (4:21) **0.30** About Adam (B. börnum) **2.05** Prime Suspect 6 (Str. b.börnum) **3.45** Prime Suspect 6 (Str. b.börnum) **5.25** Strákarnir **5.50** Fréttir Stöðvar 2 **6.30** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

14.00 Real World: San Diego (14:27)
▶ **14.30** American Dad (4:13) **15.00** The Newlyweds (25:30) **15.30** The Newlyweds (26:30) **16.00** Veggfóður **16.50** Supersport (11:50) **17.00** Hell's Kitchen (4:10) **18.00** Friends 3 (10:25)

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Game TV** Allt það sem þú vilt vita um tölvur og tölvuleiki færð þú beint í æð hérí Game TV.
19.30 **Seinfeld (17:24)**
20.00 **Seinfeld (21:24)**
20.30 **Friends 3 (14:25)**
21.00 **The Newlyweds (27:30)** (Nick & Joe) Í þessum þáttum er fylgst með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og eiginmanni hennar Nick Lachey.
21.30 **The Newlyweds (28:30)**
22.00 **American Princess (4:6)** 20 konur keppast hér við að láta æskudraumi rætast, að verða sönn prinsessa.
22.50 **Bush's Brain** Frábær heimildarmynd sem hefur fengið verðskuldaða athygli og vakið uppýmsar spurningar um stjórnarfar

0.20 Tru Calling (13:20) **1.05** David Letterman

SKJÁREINN

11.30 Cheers – öll vikan (e)

13.30 Dateline (e) **14.20** The Restaurant 2 (e) **15.10** House (e) **16.00** Sirrý (e) **17.00** Innlit/útlit (e) **18.00** Judging Amy (e)

19.00 **Battlestar Galactica (e)** Boomer vaknar rennandi blautur í geymslunni, hann heldur á sprengju. Nokkru seinna byrjar hver sprengjan á fætur annarri að springa.
20.00 **Popppunktur** Skallapoppararnir Felix og Dr. Gunni snúa aftur í haust með tilheyrandi skarkala og látum. Þetta er fimmta þáttaröðin af Popppunkti sem er ekki undarlegt þar sem þátturinn hefur notið verðskuldaðra vinsælda allt frá því að hann hóf fyrst göngu sína.
21.00 **Dateline** Maður situr í fangelsi fyrir morð sem annar segist hafa framið.
▶ **22.00** **CSI: New York** Systurþættir hinna geysivinsælu C.S.I. og C.S.I: Miami sem sýndir hafa verið á SkjáEinum. Sem fyrr fær Réttarrannsóknardeildin, nú í New York, erfið sakamál til lausnar.
22.50 **Da Vinci's Inquest** Tveir menn láta lífið í bílaeltingaleik, DaVinci þarf að komast að því hver á sökina á slysinu.

23.35 C.S.I. (e) **0.20** Cheers (e) **0.45** Óstöðvandi tónlist

SÝN

8.00 Presidents Cup **10.10** A1 Grand Prix

▶ **12.00** A1 Grand Prix **15.30** Presidents Cup

22.00 **Ameríski fótboltinn** (Pittsburgh – New England) Útsending frá leik Pittsburgh Steelers og New England Patriots í þriðju umferðinni í NFL-deildinni.

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Stuart Little 2 **8.00** The Guru **10.00** The Martins **12.00** Analyze That (BB) **14.00** Stuart Little 2 **16.00** The Guru **18.00** The Martins

20.00 **Analyze That** Gamanmynd um endurfundi bófaforingja og sálfræðings. Bönnuð börnum.
22.00 **The Cats Meow** BB.

0.00 Real Women Have Curves (BB) **2.00** Without Warning: Diagnosis Murder BB) **4.00** The Cats Meow (BB)-

OMEGA

7.00 Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Ron Phillips **8.30** Ísrael í dag **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Miðnæturhróp **11.00** Blandað efni **11.30** Um trúna og tilveruna **12.00** Freddie Filmore **12.30** Dr. David Cho **13.00** Joyce Meyer **13.30** Robert Schuller **14.30** Mack Lyon **15.00** Vatnaskil **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Sherwood Craig **17.30** Maríusystur **18.00** Um trúna og tilveruna **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Ron Phillips **22** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan **0.00** Næturjónvarp

E! ENTERTAINMENT

12.00 The E! True Hollywood Story **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** The E! True Hollywood Story **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** The E! True Hollywood Story **17.00** The E! True Hollywood Story **18.00** Totally High **18.30** That Was Huge **19.00** THS Investigates **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Wild On Tara **23.00** Party @ the Palms **23.30** Party @ the Palms **0.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **1.00** 101 Biggest Celebrity Oops!

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

8.45 Everton – Wigan frá 24.09 **10.45** Newcastle – Man. City frá 24.09 **12.45** Man. Utd. – Blackburn frá 24.09 **14.50** Middlesbrough – Sunderland (b) **17.00** West Ham – Arsenal frá 24.09

19.15 **Middlesbrough – Sunderland** Leikur sem fram fór fyrr í dag.
21.30 **Helgaruppgjör**
22.30 **Helgaruppgjör (e)**

23.30 Dagskrárlok

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

NÝ ÞÁTTARÖÐ!

VILLTA VESTRIÐ Í VERÐLAUNAÚTGÁFU

Deadwood snýr aftur í kvöld kl. 21:45

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Kallakaffi

Sjónvarpið **kl.20.00**

Kalli og Margrét reka kaffi- og matsölustað

Nýir íslenskir þættir

Kallakaffi er ný íslensk gamanþáttaröð sem gerist á samnefndum kaffi- og matsölustað sem hjónin Kalli og Magga reka. Einn daginn rekur vinsæl sjónvarpskona inn nefið í þeim tilgangi að gera smartan þátt um samlynd hjón. Þetta gæti auðvitað verið góð auglýsing fyrir Kallakaffi en spurningin er: Eru Kalli og Margrét samlynd og eru þau enn hjón? Dóttir þeirra er ekkert yfir sig hrifin af öllu tilstandinu og Gísli vagnstjóri sleppir sérstaklega úr ferð til að komast í sjónvarpið. Höfundur er Guðmundur Ólafsson og leikstjóri Hilmar Oddsson.

TALSTÖÐIN FM 90,9

9.00 Er það svo? e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall

12.10 Barnatíminn **13.00** Sögur af fólki **14.00** Úr skríni e. **15.03** Bókmennaþátturinn e. **16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna. **18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Messufall e. **21.00** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar e. **22.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e.

23.00 Frjálsar hendur Illuga Jökulssonar.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.00 Fréttir **8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Frá Salzborgarhátíðinni 2005 **10.00** Fréttir **10.15** Frægð og forvitni **11.00** Guðsþjónusta

12.00 Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Úr leikritasafninu: Winslow-drengurinn **14.10** Á flakki um Ítalíu **15.00** Borgarsögur **16.00** Fréttir **16.10** Í tónleikasal

18.28 Hugað að hönnun **19.00** Íslensk tónskáld **19.50** Óskastundin **20.35** Sagnaþættir Jóns Helgasonar **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Úr kvæðum fyrri alda **22.30** Teygjan **23.00** Kvöldvísur

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.00 Fréttir **7.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.00** Fréttir **9.03** Helgarútgáfan **10.00** Fréttir **10.05** Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.00** Fréttir **16.08** Rokkland

18.00 Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **20.00** Popp og ról **22.00** Fréttir **22.10** Popp og ról

0.00 Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

12.25 Meinhornið

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
15.00 Tennis: WTA Tournament Beijing **16.00** Motocross: Motocross of Nations Ernée **17.00** Champ Car: World Series Las Vegas **18.15** Motorsports: Motorsports Weekend **19.00** Football: FIFA Under-17 World Championship Peru **20.45** News: Eurosportnews Report **21.00** Olympic Games: Mission to Torino (M2T) **21.30** All sports: WATTS **21.45** Football: Gooooal ! **22.00** Football: FIFA Under-17 World Championship Peru

BBC PRIME
12.00 Classic EastEnders **12.30** Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **13.30** EastEnders Omnibus **14.00** EastEnders Omnibus **14.30** EastEnders Omnibus **15.00** Wildlife **15.30** Wildlife **16.00** One Foot in the Grave **16.30** 2 point 4 Children **17.00** Down to Earth **18.00** Home From Home **18.30** Changing Rooms **19.00** Get a New Life **20.00** Top Gear Xtra **21.00** Trouble At the Top **21.40** SAS Desert – Are You Tough Enough? **22.00** Holby City **22.40** Black Cab **22.50** Table 12 **23.00** A History of Britain **0.00** Terry Jones' Medieval Lives **0.30** Landscape Mysteries **1.00** Spain on a Plate **1.30** Make Italian Your Business

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Seconds from Disaster: Zeebrugge Ferry Disaster **13.00** Voyage of the Dragon King **14.00** Christopher Columbus: the Discovery **16.30** Egypt's Hidden Treasure **17.00** Leonardo – the Man Behind the Shroud **18.00** Unlocking Da Vinci's Code **19.00** Megastructures: World's Busiest Port **20.00** Seconds from Disaster: Columbia's Last Flight **21.00** Air Crash Investigation: Hijacked Ad **22.00** The Sea Hunters: the Search for the Bonhomme Richard **23.00** Seconds from Disaster: Columbia's Last Flight **0.00** Paranormal?: Human Combustion

ANIMAL PLANET
12.00 Big Cat Diary **12.30** Chimpanzee Diary **13.00** Cell Dogs **14.00** Doctor Dogs **15.00** A Nose for Crime **16.00** Dogs of Peace **17.00** Tokyo Dogs **18.00** The Natural World **19.00** The Life of Birds **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Cell Dogs **22.00** Black Bear Rescue with Amanda Burton **23.00** Big Cat Diary **23.30** Chimpanzee Diary **0.00** The Life of Birds **1.00** Growing Up...

DISCOVERY
12.00 World Biker Build-Off **13.00** Mythbusters **14.00** Wild Weather **15.00** Ray Mears' World of Survival **15.30** Ray Mears' World of Survival **16.00** Blueprint for Disaster **17.00** One Step Beyond **17.30** Massive Machines **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Last Mysteries of the Titanic with James Cameron **22.00** Hitler's Women **23.00** Deadly Women **0.00** Spy

MTV
12.00 Making the Video **12.30** Behind the Scenes Weekend Music Mix **13.00** Making the Video **13.30** All Access **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Trippin' **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Switched On MTV **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

VH1
12.00 All Access **12.30** All Access **13.00** All Access **14.00** All Access **15.00** Making the Video MTV **15.30** The Fabulous Life of... **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** All Access **20.00** All Access **21.00** All Access **22.00** VH1 Weekly Album Chart **23.30** VH1 Rocks **0.00** VH1 Hits

CLUB
12.40 Other People's Houses **13.35** Lofty Ideas **14.00** Fantasy Open House **14.25** Completely Hammered **14.50** Art and Soul **15.15** City Hospital **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Crime Stories **17.40** Retail Therapy **18.10** Men on Women **18.40** The Roseanne Show **19.30** It's a Girl Thing **20.00** Cheaters **21.00** What Men Want **21.30** My Messy Bedroom **22.00** Men on Women **22.30** Women Talk **23.00** Entertaining With James **23.30** A Taste of Barbados **23.55** Come! See! Buy! **0.25** G-Girls **0.50** Vegging Out **1.15** Backyard Pleasures **1.45** Hollywood One on One

CARTOON NETWORK
12.00 Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Hi Hi Puffy AmiYumi **14.30** Atomic Betty **15.00** Transformers Energon **15.30** Beyblade **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** The Jetsons **20.00** Droopy Master Detective **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

JETIX
12.05 Digimon II **12.30** Moville Mysteries **13.00** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.30** Totally Spies **14.00** Sonic X **14.30** A.T.O.M. Alpha Teens on Machines **15.00** Pucca **15.05** Spider-Man **15.30** Pucca **15.35** Totally Spies

MGM
12.50 Stella **14.40** Dempsey **17.00** Getting It Right **18.40** Spike Gang **20.15** Medgar Evers Story **21.40** Sometimes They Come Back **23.20** Out on Bail **1.05** Meatballs 4

TCM
19.00 TCM – 100 Years of the Western – Directors **19.15** Pat Garrett and Billy the Kid **21.20** Ride the High Country **22.50** Westworld **0.15** The Fixer

HALLMARK
12.00 McLeod's Daughters **12.45** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **14.30** Annie's Point **16.00** McLeod's Daughters **16.45** McLeod's Daughters **17.30** McLeod's Daughters **18.15** McLeod's Daughters **19.00** McLeod's Daughters **19.45** Mystery Woman: Mystery Weekend **21.30** Gunpowder, Treason & Plot **23.15** The Sign of Four **1.00** Arthur Hailey's Detective

BBC FOOD
12.00 Rocco's Dolce Vita **12.30** The Italian Kitchen **13.00** Off the Menu **13.30** My Favourite Chef **14.00** My Favourite Chef **14.30** Gondola On the Murray **15.00** Jamie Oliver's Pukka Tukka **15.30** Saturday Kitchen **16.00** John Cleese's Wine for the Confused **17.00** Ainsley's Big Cook Out **17.30** Worrall Thompson **18.00** Sophie's Weekends **18.30** Grigson **19.00** United States of Reza **19.30** The Great Canadian Food Show **20.00** Rachel's Favourite Food **20.30** Beyond River Cottage **21.00** The Hi Lo Club **21.30** Ready Steady Cook

DR1
11.55 OBS **12.00** Fællesnordisk gudstjeneste **12.50** Rock på Rosenborg **14.20** HåndboldScndag **16.00** Pip og Papegcje **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Kronprinsparrets Kulturpris **19.00** TV Avisen **19.15** Scndag **19.45** Scndagssporten med SAS liga **20.10** Konservatives landsmøde **20.40** Inuit Eksperimentet – i sundhedens tjeneste **21.10** OBS **21.15** Champ Car **22.15** Depression **22.45** Palookaville

SV1
12.15 Drömmarnas tid **13.00** Bara ett barn **13.45** Ishockey: TV-Pucken **15.00** Våra rum **15.30** Forskare i fält **16.00** BoliBompa **16.01** Nasse **16.10** Pingu **16.15** Tv-huset **17.30** Rapport **18.00** Svensson, Svensson **18.30** Sportspegeln **19.15** Stopptid **19.20** Agenda **20.15** VeteranTV **20.45** Vetenskap – Universums hemligheter **21.15** Rapport **21.25** Design 365 **21.30** Kommissionen **22.15** Sändning från SVT24

HRÓSIÐ

... fá rokkhundarnir á útvarpsstöðinni X-ið 97,7 fyrir að gera hreint fyrir sínum dyrum með siðareglum sem taka á karlrembu og kvenfyrirlitningu sem þykir hafa loðað við stöðina.

HIN HLIÐIN > Á MARGRÉTI RÓSU EINARSDÓTTUR, FRAMKVÆMDASTJÓRA IÐNÓ

Maðurinn minn er mjög fyndinn

Hvernig ertu núna? Ég er hress.
Augnlitur: Blár.
Starf: Framkvæmdastjóri í Iðnó.
Stjörnumerki: Krabbi.
Hjúskaparstaða: Í sambúð.
Hvaðan ertu? Úr Reykjavík. Smáíbúðahverfinu.
Helsta afrek: Að eignast börnin mín Pétur og Hannes.
Helstu veikleikar: Góður matur.
Helstu kostir: Ég er góð manneskja.
Uppáhaldssjónvarpsþáttur: Ég horfi frekar lítið á sjónvarp. Ætli ég segi ekki bara Fréttir.
Uppáhaldsútvarpsþáttur: Einhver þáttur með Herði Torfa. Ég man ekki hvað hann heitir eða á hvaða útvarpsstöð hann er.
Uppáhaldsmatur: Allt sem er fitandi og það er engin lygi.
Uppáhaldsveitingastaður: Tjarnarbakkinn.
Uppáhaldsborg: Reykjavík.
Áhugamál: Skíði og göngutúrar.
Viltu vinna milljón? Nei, ekkert frekar.
Jeppi eða sportbíll: Jeppi því ég á einn.
Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór? Allt mögulegt. Aðalmálið var að verða bóndi.
Hver er fyndnastur/fyndnust? Maðurinn minn. Hann er oft mjög fyndinn.
Hver er kynþokkafyllst(ur)? Núna er það Hilmir Snær.
Trúir þú á drauga? Já.
Hvaða dýr vildir þú helst vera: Rolla.
Hvaða dýr vildirðu ekki vera: Köttur.
Áttu gæludýr? Já, Boxer-hund sem heitir Lísa.
Besta kvikmynd í heimi: Kabarett.
Besta bók í heimi? Allt eftir Isabel Allende.
Næst á dagskrá: Að kynna vetrardagskrána í Iðnó. Hún er mjög skemmtileg. Bæði góð leikrit og óperetta.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Tímaritið Sirkus Rvk. blés til veislu á veitingastaðnum Prikinu á föstudagskvöld. Gleðskapurinn var vel sóttur enda hvergi sparað í fljótandi veitingum. Meðal þeirra sem létu sjá sig voru **Frosti Logason**, gítarleikari rokkhljómsveitarinnar Mínus, ásamt öðrum meðlimum sveitarinnar. Þá lét **Björk Guðmundsdóttir** sjá sig og tók tjúttið með eiginmanni sínum **Matthew Barney** og ætti þannig að hafa tekið af allan vafa um hversu hipp og kúl Sirkus er. Ritstjórar tímaritsins, **Anna Margrét Björnsson** og **Sigtryggur Magnason**, létu sig heldur ekki vanta, frekar en **Andrea Róbertsdóttir** sem setur sinn svip á allar samkomur sem hún mætir á.

Sögusagnir þess efnis að hinn smagnaði kvikmyndaleikstjóri **Quentin Tarantino** hyggist heiðra Ísland með nærveru sinni á næstunni verða nú æ háværari og þessi snillingur var því nokkuð milli tannana á íslenska þotuliðinu á Prikinu á föstudagskvöld. Leikstjórinn **Eli Roth** rær nú öllum árum að því að fullklára nýjustu hryllingsmyndina sína, *Hostel*, þannig að hann geti frumsýnt hana á hrekkjavöku í októberlok. Gangi þær áætlanir eftir hefur Roth fullan hug á að frumsýna myndina í Reykjavík og hefur talað félaga sinn Tarantino á að fylgja sér til landsins. Þá má gera ráð fyrir að **David LaChapelle** sæki landið heim um svipað leyti en mynd hans *Rize* verður sýnd á Októberfest IIFF kvikmyndahátíðarinnar. Myndin hefur vakið mikla athygli en hér er á ferðinni heimildarmynd um nýjan dans sem smám saman er að útrýma ofbeldi í Los Angeles þar sem glæpaklíkur vilja frekar fá útrás í dansbardögum en byssubardögum.

STUND MILLI STRÍÐA Ziko, þjálfari liðsins, messar yfir leikmönnum sínum í hálfleik í myndinni Afrika United sem sýnd var á Nordisk Panorama í gær.

ÓLAFUR JÓHANNESSON: AFRÍKA UNITED FÆR „ALHEIMSDREIFINGU“

Á eftir bolta koma stelpustrákar

Heimildarkvikmyndin Africa United var í gærdag sýnd á Nordisk Panorama hátíðinni í Bergen í Noregi. Leikstjóri myndarinnar, Ólafur Jóhannesson, verður á næstu dögum á ferð á flugi bæði við að kynna myndina sem og að sinna öðrum verkefnum.

Africa United hefur fengið góðar viðtökur þar sem hún hefur verið sýnd og kvikmyndahátíðin í Bergen er enginn lokaáfangi.

„Hún verður frumsýnd á Íslandi 21. október en ef fólk er orðið óþreyjufullt þá getur það brugðið sér til Yamagata í Japan þar sem hún verður sýnd á samnefndri heimildarkvikmyndahátíð,“ útskýrir Ólafur og hlær. Auk þess að vera viðstaddir sýningar eiga hann og samstarfsfélagi hans, Ragnar Santos, að hitta þarlenda skólastráka, svara spurningum þeirra og eyða smá tíma með þeim.

„Það verður ábyggilega mjög sérstakt,“ segir hann. Þýski kvikmyndarisinn Bavaria, sem reynst hefur íslenskum kvikmyndagerðarmönnum vel, hefur enn fremur keypt dreifingarréttinn á myndinni þannig að hún mun fara um mestalla Evrópu. „Hún fær svokallaða alheimsdreifingu,“ segir hann í gríni og tekur fram að félagar þeirra í kvikmyndafyrirtækinu ZikkZakk hafi verið þeim innan handar í því ferli.

Ólafur mun vera með annan fótinn í Asíu á næstu mánuðum. Hann hitti fyrir nokkrum árum aðila frá Filippseyjum á kvikmyndahátíð. Þeir buðu honum að koma og gera heimildarmynd um stelpustráka eða ladyboys eins og þeir eru kallaðir. „Þetta er mjög stórt verkefni og ég verð að þvælast um alla Asíu,“ útskýrir hann. Ólafur segist enn fremur vera búinn að finna sex „stúlkur“ sem hann ætli sér að fylgjast með. „Þetta er strangtrúað samfélag þar sem er erfitt að vera hommi. Í myndinni kemur við sögu sár fátækt og miklar andstæður.“

Það er mikið í gangi hjá þeim félögum í Poppoli því auk fyrrnefndra mynda er Ólafur nú að klára lokaklippið af myndinni Act Normal sem fjallar um búddamunkinn Róbert Edison. „Við reiknum með að klára hana í byrjun næsta árs,“ segir Ólafur. Þar með er því tíu ára verkefni lokið en Ólafur er bjartsýnn. „Eftir tíu ára stress og puð er maður loksins að sjá afrakstur erfiðisins.“

freyrgigja@frettabladid.is

Snýr Ingvi Hrafn aftur á skjáinn?

Í vikulokin var haldin fundur með starfsmönnum Talstöðvarinnar á Ljóta andarunganum. Tilgangurinn var að ræða framtíðaráfrom útvarpsstöðvarinnar. Eins og greint hefur verið frá að undanförnu mun ný fréttastöð hjá 365 ljósvakamiðlum undir nafninu NFS fara í loftið í lok október. Róbert Marshall, forstöðumaður fréttasviðs, sagði þó að ekki væri verið að leggja Talstöðina niður. „Hún verður í loftinu alla virka daga,“ segir hann en til stendur að senda út dagskrá NFS á tíðni stöðvarinnar.

Hvað starfsmenn Talstöðvarinnar varðar hafa þeir verið fluttir um set á pappírunum og vinna nú hjá Fréttasviði 365 ljósvakamiðla. Róbert vildi þó ekki gefa neitt frekar upp um dagskrá hinnar nýju sjónvarpsstöðvar og sagði hana vera í mótun. Hann sagði það þó ekki ólíklegt að raddir Talstöðvarinnar myndu rata á skjáinn. Meðal starfsmanna nýju stöðvarinnar má nefna Heimi Má Pétursson og Helga Seljan en sá síðarnefndi hóf einmitt ljósvakaferil sinn hjá Talstöðinni.

INGVI HRAFN Mikill vilji er hjá forstöðumönnum nýrarr fréttastöðvar 365 að fá Ingva Hrafn til liðs við sig og stjórna pólitsíkum þætti.

Hvort sjálfur Ingvi Hrafn Jónsson muni fá sinn eigin þátt að hætti sjónvarpshróksins Bill O'Reilly hjá Fox-sjónvarpsstöðinni útilokaði Róbert ekki neitt. O'Reilly þessi er þekktur fyrir að hafa mjög ákveðnar skoðanir á málefnum líðandi stundar líkt og Ingvi. Yrði þetta í fyrsta skipti síðan Bingó Lottó var og hét sem Ingvi væri með sinn eigin þátt. Hvað helgardagskrá sjónvarpsstöðvarinnar varðar hefur ekkert verið ákveðið í þeim málefnum að sögn Róberts, það er allt í skoðun. ■

NOVARTIS
CONSUMER HEALTH

Fæst án lyfseðils

Við vöðva- og liðverkjum

VoltarenEmulgel®

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g

Voltaren Emulgel® er notað sem staðbundin útvortis meðferð við vöðva- og liðverkjum. Lyfið má ekki bera á skrámur, opin sár eða á exem, varist snertingu við augu og slímhúðir, notist einungis útvortis og má aldrei taka inn. Á meðgöngu skal ávalt leita ráða læknis eða lyfjafræðings áður en lyfið er notað, þó skal það ekki notað á síðasta þriðjungi meðgöngu. Lítil hætta er á ofskömmtun vegna útvortis notkunar lyfsins. Lesa skal vandlega leiðbeiningar á umbúðum og fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.

ARNARSON.TK · EMU-002-230305

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

3 dagar í Jazzhátíð!
www.ReykjavikJazz.com
28. sept – 2. okt. 2005
jazz HÁTÍÐ
Reykjavik Jazz Festival

BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

Sýklalyf

Fyrir næstum tuttugu árum eignaðist ég mitt fyrsta barn. Þegar það var þriggja mánaða varð það mjög óvært og tók að gráta hástöfum. Ég fór með það til læknis og þar kom í ljós að það var með svæsna eyrnabólgu. Læknirinn skrifaði upp á sýklalyf og ég gaf barninu þau. Eyrnabólgan fór en kom fljótlega aftur. Og aftur fékk barnið sýklalyf. Og svona gekk þetta næsta árið. Barnið fékk eyrnabólgu og sýklalyf. Af sýklalyfjunum fékk það í magann og fékk niðurgang. Þetta var vítahringur.

ÞEGAR barnið var búið að vera svona veikt í eitt ár var farið að tala um að setja rör í eyrun á því. Ég ákvað samt að prófa eitt ráð áður. Ég fór til Ástu grasalæknis og fékk hjá henni grasablöndu sem ég gaf barninu. Strax á fjórða degi lagaðist barnið og hætti að gráta. Í læknisskoðun viku síðar kom í ljós að eyrnabólgan var horfin. Ég kláraði blönduna á nokkrum mánuðum. Þegar blandan var búin fékk barnið aftur í eyrun. Ég fékk þá nýja blöndu og hélt áfram að gefa því af henni. Barnið þurfti ekki rör. Það fékk aldrei eyrnabólgu aftur.

NÚ er ég ekki að segja að sýklalyf séu slæm. Sýklalyf eru ágætis lyf og hafa bjargað mannslífum. En þau eru sterk og vandmeðfarin, hafa aukaverkanir og ættu að notast í hófi og aðeins þegar brýna nauðsyn ber til. Og ég held að mikil sýklalyfjanotkun geti haft alvarlegar afleiðingar á heilbrigði okkar. Ég hef sjálfur tekið sýklalyf og mér leið ekki vel af þeim.

ÉG eignaðist barn í vor. Um daginn fór ég með það í þriggja mánaða skoðun og þá kom í ljós eyrnabólga. Læknirinn vildi að ég gæfi barninu sýklalyf. Ég kaus frekar að gefa því grasameðal. Ég fór til grasalæknis og fékk sömu blönduna og hjá Ástu um árið. Og viku seinna fór ég til læknis með barnið og lét skoða í því eyrun. Og viti menn, bólgan var horfin! Barnið er ekki með eyrnabólgu eða nein einkenni í eyrunum og það slapp við aukaverkanir af sýklalyfjum.

JURTIR hafa verið notaðar til lækninga öldum saman. Jurtameðul eru ekkert bull. Ég hef notað grasameðul og blómadropa með góðum árangri, bæði útvortis og innvortis. Náttúran býr yfir ótrúlegum lækningarkrafti. Það býr einstakur kraftur í íslenskum jurtum. ■

Fluggáfaðir einstaklingar klippið hér

www.icelandexpress.is

2000 FLUGSÆTI

Iceland Express býður nú **2000 flugsæti** aðra leið á sérstöku tilboðsverði. Tilboðið gildir fyrir flug á tímabilinu **26. september** til **30. desember**. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð. Hentu frá þér dagblaðinu, smelltu þér á **icelandexpress.is** og tryggðu þér miða til London eða Köben! **Fyrstur bókar, fyrstur fær!**

Takmarkað sætaframboð, fyrstur bókar, fyrstur fær!

» **Til Kaupmannahafnar:**
2.000 kr. (flugfargjald)
+ 3.350 kr. (skattar)
= **5.350 kr**. aðra leið með sköttum

» **Til London:**
2.000 kr. (flugfargjald)
+ 3.350 kr. (skattar)
= **5.350 kr**. aðra leið með sköttum

» **Frá Kaupmannahöfn:**
2.000 kr. (flugfargjald)
+ 3.350 kr. (skattar)
= **5.350 kr.** aðra leið með sköttum

» **Frá London:**
2.000 kr. (flugfargjald)
+ 2.850 kr. (skattar)
= **4.850 kr.** aðra leið með sköttum

SALA HEFST
mánudaginn 26. sept.
KL. 09:00
www.icelandexpress.is

2000 SÆTI
Verð frá aðeins: **4.850 kr.**
Tilboðið gildir aðeins á völdum dagsetningum frá 26. sept. til 30. des. Takmarkað sætaframboð. (Aðra leið með sköttum)

Iceland Express

Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

Fíton/SÍA

OPIÐ ELDHÚS
sýningarhelgi

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

VELKOMIN Í GLÆSILEGAN SÝNINGARSAL OKKAR AÐ LÁGMÚLA 8
OPIÐ Í DAG – FRÁ KL. 13–17

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

HTH

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu